allt

Þórólfur Árnason:

*Reykjavík öðrum borgum fegurri*

• heilsa • hús

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



Gísli Marteinn Baldursson:

*Bregður á leik í Stundinni okkar*

• landsins snjallasti glæpamaður

SÍÐA 34 ▶



Erótísk spennumynd:

*Tekin upp á Ströndum*

• náttúruverndarsinni myrðir veiðiþjófa

SÍÐA 34 ▶



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. febrúar 2005 – 38. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

# Reykjanesbrautin boðin út í heilu lagi

**Suðurnesjamönnum varð að ósk sinni þegar samgönguráðherra tilkynnti á borgarafundi í Reykjanesbæ í gærkvöld að hafist verði handa við útboð á þeim hluta Reykjanesbrautar sunnan Strandarheiðar sem enn er ekki tvíbreiður strax í vor.**

**SAMGÖNGUR** „Þetta var auðvitað það sem við vorum að vonast eftir en þessi yfirlýsing ráðherrans kom engu að síður á óvart og við erum alveg í skýjunum," sagði Steinþór Jónsson, einn ötulasti baráttumaðurinn fyrir því að Reykjanesbrautin verði tvöfölduð alla leiðina milli Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar. Honum varð að ósk sinni þegar Sturla Böðvarsson samgönguráðherra tilkynnti á borgarafundi í gærkvöld að sá hluti Reykjanesbrautar milli Strandarheiðar og Reykjanesbæjar sem enn er ekki tvíbreiður verði boðinn út strax á vormánuðum í heilu lagi. Áður var ráðgert að sá kafli vegarins yrði boðinn út í tvennu, jafnvel þrennu lagi.

Um 500 manns sóttu fundinn en til hans var sérstaklega boðað til að þrýsta á stjórnvöld að klára tvöföldun Reykjanesbrautarinnar á þessu ári en Steinþór átti þó ekki von á þeim jákvæðu viðbrögðum sem samgönguráðherra sýndi.

„Við erum hér mörg sem höfum barist fyrir þessu í ein fjögur ár og það tók mig augnablik að átta mig á því sem ráðherrann sagði. Hins vegar kom það skýrt fram í máli hans að þrýstingur okkar og þau gögn sem við höfum sent honum hafi haft mikið að segja og hann tók af öll tvímæli að allt verkið yrði boðið út fljótlega í vor. Þetta er afar gleðilegur dagur."

Núverandi Reykjanesbraut er eingöngu tvíbreið á tólf kílómetra kafla frá mörkum Hafnarfjarðar að Vogum á Vatnsleysuströnd en hún hefur löngum þótt hættuleg og alvarleg slys hafa orðið þar tíðum.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra sagði að sá áfangi sem boðinn yrði út í vor yrði um tíu kílómetra langur en kostnaður yrði meiri en við fyrri hluta þar sem um mislæg gatnamót yrðu að ræða. „Þessi kafli mun ná framhjá Grindavíkurafleggjaranum að Njarðvík en við afleggjarann til Grindavíkur verða mislæg gatnamót og kostnaður eykst vegna þess."

Athygli vakti á fundinum í Stapa í gærkvöld að þverpólitísk samstaða var um málið og ákvörðun ráðherra var fagnað af fulltrúum allra þingflokka.

albert@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR-VÍKURFRÉTTIR

**FRÁ BORGARAFUNDINUM Í STAPANUM** Það birti yfir þeim Suðurnesjamönnum sem sóttu borgarafund um breikkun Reykjanesbrautar í gærkvöld. Aðeins hluti hennar er tvíbreiður eins og sakir standa en samgönguráðherra ætlar að bjóða út þann kafla sem enn er einbreiður strax í vor. Voru gestir fundarins afar ánægðir með lyktir mála enda sívaxandi umferð dag frá degi um brautina og slys hafa verið þar tíð.

Fjögur kíló af amfetamíni tekin í Leifsstöð:

## Meintur kaupandi náðist á hlaupum í Vesturbænum

**FÍKNIEFNI** Þjóðverji og Íslendingur, báðir á þrítugsaldri, hafa verið úrskurðaðir í þriggja og tveggja vikna gæsluvarðhald vegna innflutnings á tæpum fjórum kílóum af amfetamíni. Þjóðverjinn var tekinn í Leifsstöð en Íslendingur var handtekinn á hlaupum í vesturbæ Reykjavíkur.

Amfetamínið fannst falið í fölskum botni ferðatösku Þjóðverjans við eftirlit tollvarða á Keflavíkurflugvelli 26. janúar síðastliðinn. Tveimur dögum síðar var Íslendingurinn handtekinn þegar gerð var tilraun til að afhenda fíkniefnin hér á landi. Hann komst á flótta undan lögreglu til að byrja með en náðist skömmu síðar á hlaupum í Vesturbænum. Talið er að Þjóðverjinn hafi verið burðardýr.

Þetta er mesta magn amfetamíns sem tekið hefur verið eftir að hafa komið flugleiðina til landsins, stærri sendingar sem náðst hafa komu sjóleiðis. Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, segir þetta magn undirstrika að aukið magn harðra fíkniefna sé í umferð. Þó segir hann vel hafa gengið við að ná fíkniefnasendingum og það hljóti að vera fagnaðarefni að tekist hafi að ná viðtakanda efnanna hér á landi.

- hrs

Lykilstarfsmenn hætta:

## Blóðtaka hjá Toyota

**VIÐSKIPTI** Sættir í fjölskyldu eigenda P. Samúelssonar sem er með umboð fyrir Toyotabifreiðar, voru á kostnað sátta milli eigenda og níu lykilstarfsmanna fyrirtækisins.

Emil Grímsson, forstjóri fyrirtækisins, lét af störfum á föstudag og kaupir Arctic Trucks, sem sérhæfir sig í jeppabreytingum, út úr fyrirtækinu. Í kjölfar þess sögðu níu lykilstarfsmenn upp störfum. Þeir treysta sér ekki til þess að vinna undir núverandi stjórn fyrirtækisins. Þeir segja Emil hafa hætt vegna ósættanlegs ágreinings í eigendahópnum. Úlfar Steindórsson, nýráðinn framkvæmdastjóri, vísar á bug að ósætti sé í hópi eigenda. Hann segir að því sé ekki að neita að uppsagnir þessar hafi alltaf slæm áhrif til skemmri tíma litið.

- hh

Sjá síðu 20

Vísað úr landi:

## Grunaðir um græsku

**LÖGREGLUMÁL** Tveimur mönnum frá Kamerún hefur verið synjað um landvistarleyfi og vísað úr landi. Þeir fara með flugi í dag. Grunur leikur á að tilgangur ferðar mannanna hingað hafi verið til að fremja afbrot hér á landi en þeir höfðu ekkert fé til að framfleyta sér.

Mennirnir hafa báðir námsmannadvalarleyfi í Svíþjóð en þeir komu hingað til lands frá Þýskalandi í gegnum Bretland. Var þeim synjað um landvistarleyfi samkvæmt útlendingalögunum þar sem mennirnir gátu ekki sýnt fram á hvernig þeir ætluðu að sjá fyrir sér hér.

- hrs

**ÞRIÐJUDAGUR**



**GÆTI STUÐLAÐ AÐ SKATTSVIKUM** Verkalýðsforystan hefur áhyggjur af væntanlegu frumvarpi um útgáfu atvinnuleyfa til útlendinga. Hún óttast að sjónarmið vinnumarkaðarins muni ekki ráða för og frumvarpið sé til þess fallið að stuðla að skattsvikum. **Sjá síðu 2**

**SAMÞYKKJA VOPNAHLÉ EFTIR FJÖGURRA ÁRA STRÍÐ** Ariel Sharon og Mahmoud Abbas lýsa í dag yfir formlegu vopnahléi í átökum Ísraela og Palestínumanna sem kostað hafa þúsundir manna og kvenna lífið síðustu fjögur árin. **Sjá síðu 4**

**STJÓRNIN RÉTT LAFIR** Þingkosningar eru haldnar í Danmörku í dag. Framan af höfðu stjórnarflokkarnir öruggan meirihluta í skoðanakönnunum. Síðustu tvo dagana birtust þó kannanir sem sýndu að dregið hafði saman með stjórn og stjórnarandstöðu. Um 20 prósent þjóðarinnar höfðu í gær enn ekki ákveðið hvað ætti að kjósa. **Sjá síðu 6**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**ÉLJAGANGUR** Slydduél verður á sunnanverðu landinu. Stöku él vestan til en úrkomulítið á Norður- og Austurlandi. Hiti við frostmark í dag en fer kólnandi. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**VALD SEM AUÐMAGN** Einar Hreinsson sagnfræðingur flytur fyrirlestur á hádegisfundi Sagnfræðingafélagsins í Norræna húsinu. Fyrirlesturinn nefnir hann „Vald sem auðmagn. Um táknrænt ofbeldi, tengslanet og ríkið sem félagslegt rými." Fundurinn hefst klukkan rétt rúmlega tólf.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 30 | Myndlist | 30 |
| Tónlist | 30 | Íþróttir | 26 |
| Leikhús | 30 | Sjónvarp | 32 |





## SPURNING DAGSINS

*Flosi, er verkalýðshreyfingin með útibú í Samfylkingunni?*

**"Nei, ekki er það nú svo en ég vona hins vegar að sem flestir úr þeirri hreyfingu finni samleið með okkur Samfylkingarfólki.**

Flosi Eiríksson er bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Kópavogi en á hans fund komu rúmlega 60 óánægðir starfsmenn Kópavogs um helgina og báru sig illa yfir kaupi og kjörum.

Dagur saltkjöts og bauna:

# Þjóðin borðar jafnmikið og áður en magrara kjöt

**SPRENGIDAGUR** Fólk velur heldur magrara saltkjöt en áður og saltminna, segir sölustjóri Sláturfélags Suðurlands. Sala hafi haldur aukist en dregist saman síðustu ár.

Bryndís Eva Birgisdóttir næringafræðingur segir alla fæðu góða í hófi: „Saltkjötið fæst mjög salt og misfeitt. Það flokkast ekki beint undir hollustu en sé þess neytt sjaldan er það í lagi," segir Bryndís sem hvetur fólk til að borða meira af baunanum allt árið um kring.

Bjarni Ólafur Guðmundsson sölustjóri segir erfitt að meta hve mikið sé framleitt af saltkjöti á landsvísu fyrir Sprengidag. Tonnin séu á billinu fimmtíu til eitt hundrað hjá íslenskum framleiðendum: „Íslendingar eru stemningsþjóð. Við upplifum gamla tímann á þessum dögum."

Bjarni merkir aukna sölu hjá SS á saltkjöti utan aðalvertíðar. Þá helst í sölu saltkjötsskyndirétts 1944. Sala á réttinum hafi aukist um helming frá sama tíma í fyrra og 22 prósent á ársgrundvelli. - gag



SALTKJÖT OG BAUNIR
Saltkjöt fyllir maga landsmanna í dag og tekur við af rjómabollum gærdagsins.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra:

# Halldór styður Guðna

**STJÓRNMÁL** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra ætlar sér formannsstólinn áfram innan Framsóknarflokksins og segist ekki vita til þess að mótframboð sé í undirbúningi innan flokksins að því er fram kom í fréttum Ríkisútvarpsins í gærkvöld.

Halldór Ítrekaði þar ennfremur stuðning sinn við Guðna Ágústsson landbúnaðarráðherra í stól varaformanns en Landsþing Framsóknarflokksins verður haldið í Reykjavík í lok mánaðarins. ■

Harður árekstur á Holtavörðuheiði:

# Einn á gjörgæslu

**LÖGREGLA** Maður liggur alvarlega slasaður á gjörgæsludeild eftir harðan árekstur vörubíls og fólksbíls á Holtavörðuheiði um miðjan dag í gær. Maðurinn var ekki talinn í lífshættu.

Bílarnir voru að koma úr gagnstæðri átt þegar þeir lentu saman með fyrrgreindum afleiðingum. Meiðsli vörubílstjórans voru minniháttar. Bæði vörubíllinn og fólksbíllinn voru óökufærir eftir áreksturinn.

Ekki liggur fyrir með hvaða hætti slysið varð en mjög slæmt veður, hálka og lélegt skyggni var á heiðinni. - hrs

Borgarleikhúsið:

# Hilmir Snær til starfa



HILMIR SNÆR GUÐNASON
Leikur í sinni fyrstu sýningu á sunnudaginn kemur.

**LEIKHÚS** Hilmir Snær Guðnason mun koma inn í sýninguna Svik eftir Harold Pinter sem sýnd er í Borgarleikhúsinu. Hilmir mun fylla í skarðið fyrir Felix Bergsson í hlutverki Jerry. Felix mun vera á leið af landi brott. Fyrsta sýning Hilmis verður á sunnudaginn næstkomandi en eins og kunnugt er orðið sagði hann upp störfum í Þjóðleikhúsinu fyrir skemmstu eftir nokkurra ára farsælt starf. Önnur hlutverk í Svikum verða eftir sem áður í höndum Ingvars E. Sigurðssonar og Jóhönnu Vigdísar Arnardóttur en Edda Heiðrún Backman leikstýrir. - bs

# Gæti stuðlað að skattsvikum

**Verkalýðsforystan hefur áhyggjur af væntanlegu frumvarpi um útgáfu atvinnuleyfa til útlendinga. Hún óttast að sjónarmið vinnumarkaðarins muni ekki ráða för og frumvarpið sé til þess fallið að stuðla að skattsvikum.**

**KJARAMÁL** Verkalýðsforystan hefur þungar áhyggjur af væntanlegu frumvarpi félagsmálaráðherra um breytingar á fyrirkomulagi útgáfu atvinnuleyfa fyrir útlendinga.

Að sögn Gylfa Arnbjörnssonar, framkvæmdastjóra ASÍ, kynnti Árni Magnússon félagsmálaráðherra forystumönnum ASÍ fyrir skemmstu að frumvarp sem fæli í sér breytingar á þessu fyrirkomulagi væri í bígerð og að til greina komi að dómsmálaráðuneytið muni hafa þessi mál á sinni könnu. „Ef málefni vinnumarkaðarins verða sett undir dómsmálaráðuneytið óttumst við að það dragi úr aðkomu fulltrúa vinnumarkaðarins og atvinnurekenda og önnur sjónarmið en vinnumarkaðsál muni ráða för," segir Gylfi.

Í síðustu viku ræddi fjármálaráðherra um skýrslu þar sem fram kemur að áætlaðar tapaðar tekjur hins opinbera vegna svartrar atvinnustarfsemi nemi 18 til 24 milljörðum króna. Guðmundur Gunnarsson segir það mótsagnakennt að á sama tíma og fjármálaráðherra vilji skera herör gegn skattsvikum, ætli félagsmálaráðherra að leggja fram frumvarp sem muni hugsanlega draga úr eftirliti með erlendu launafólki. „Slíkt frumvarp myndi beinlínis miðast við að stækka neðanjarðarhagkerfið," segir Guðmundur.

Guðmundur bendir á að það sé ekki óalgengt í byggingargeiranum á Íslandi að menn flyti inn erlent vinnuafl sem vinnur svart fyrir laun sem eru lægri en lágmarkslaun og njóti þar að auki engra réttinda á borð við veikindafrí eða orlof. Hann segir nóg pláss á íslenskum vinnumarkaði fyrir erlent vinnuafl en það verði að fara eftir settum reglum í þessum málum og ef stjórnvöld vilji sporna við vandanum verði að vera virkt eftirlit með þessum málum. „Menn verða að spyrja sig hvernig fyrirtæki með einn skráðan starfsmann geta reist heilu íbúðablokkirnar."

Ekki náðist í Árna Magnússon félagsmálaráðherra eða Siv Friðleifsdóttur, formann félagsmálanefndar, vegna málsins.

bergsteinn@frettabladid.is



GUÐMUNDUR GUNNARSSON
Segir hið opinbera verða að auka eftirlit með framkvæmdum.



GYLFI ARNBJÖRNSSON
Hefur áhyggjur af því að sjónarmið vinnumarkaðarins fái ekki að ráða för.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KÁRSNESBRAUT 7
Húsið er mikið skemmt ef ekki ónýtt.

Kársnesbraut:

# Grunaður um íkveikju

**LÖGREGLUMÁL** Maður á sjötugsaldri er í haldi lögreglunnar grunaður um að kveikja í heimili sínu að Kársnesbraut 7 í Kópavogi í gær. Maðurinn var kominn út úr húsinu þegar slökkviliðið kom á staðinn á þriðja tímanum og var hann í fyrstu fluttur á slysadeild með reykeitrun.

Slökkviliðið fékk fjöldann allan af tilkynningum um eld í húsinu frá nágrönnum og fóru þrjár stöðvar á staðinn. Mikill eldur og reykur var í húsinu og fóru reykkafarar inn í húsið til að athuga hvort fólk væri inni en svo reyndist ekki vera. Að sögn stöðvarstjóra slökkviliðsins gekk slökkvistarf ótrúlega vel miðað við aðstæður eða rétt um klukkutíma. Mestur var eldurinn í bakinngangi hússins. Húsið er mikið skemmt ef ekki ónýtt að sögn lögreglunnar í Kópavogi. Málið er í rannsókn. - hrs

## BANDARÍKIN

**ÞRÓA NÝJAR KJARNORKUFLAUGAR** Bandarískir vísindamenn vinna nú að þróun nýrra kjarnorkuvopna sem eiga að vera áreiðanlegri og endast lengur en núverandi kjarnorkuvopn. The New York Times greindi frá því að 500 milljörðum króna hefði þegar verið varið til vinnunnar og líklegt að þau útgjöld séu eftir að aukast.




Forstjóri Ölgerðarinnar segir unnið gegn íslensku iðnaði:

# Hollustan ekki sögð við hæfi barna

**MATVARA** Það skýrist um miðjan febrúar hvort vítamínbættur drykkur Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar fái dreifingarleyfi. Styr hefur staðið á milli Ölgerðarinnar og Lýðheilsustöðvar um málið í margar vikur.

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, gagnrýnir Lýðheilsustöð fyrir ómálefnalega umsögn til Umhverfisstofnunar. Unnið sé á móti íslenskum iðnaði: „Við sóttum um leyfi fyrir kalkbættum vatnsdrykk fyrir ári og fengum þá einnig neikvæða umsögn frá Lýðheilsustöð þar sem þeim fannst vera nóg af kalkbættum drykkjum á markaðinum."

Hólmfríður Þorgeirsdóttir, verkefnastjóri hjá Lýðheilsustöð, áréttar að stöðin veiti ekki leyfi til að blanda bætiefnum í drykki heldur einungis umsagnir. Stöðin hafi unnið með Manneldisráði:

„Samdóma álit okkar var að vatnsdrykkir væru ekki ákjósanlegir til vítamínbætingar þar sem um orkulitla vöru er að ræða sem auðvelt er að neyta í miklu magni."

Hólmfríður segir hálfan lítra af vörunni innihalda 75 prósent af dagsþörf fullorðinna af umræddum vítamínum. Börn megi ekki við auknum skammti. Ekki sé hægt að mæla með hollustuvöru sem ekki hæfi þeim. - gag



ANDRI ÞÓR GUÐMUNDSSON
Forstjóri Ölgerðarinnar segir Kristal Plús ekki fyrsta drykkinn sem fái neikvæða umsögn Lýðheilsustöðvar.



Verra veður,
betri þjónusta.
Nú er veturinn svo sannarlega skollinn á og þjónustan okkar enn mikilvægari. Nú er sérstaklega brýnt að bíllinn sé klár í slaginn. Við bjóðum allar réttu vörurnar til að halda bílnum í góðu ástandi í vetur og erum til þjónustu reiðubúin, hvernig sem viðrar!
TILBOÐ
FRÁ KR.
223
Rúðusköfur í úrvali
20%
AFSLÁTTUR
Champion þurrkublöð
KR.
249
Rúðuvökvi, 2,5L með sítrónuilmi
olís
– öryggi í umferð!

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 07.02.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 63,11 | 63,41 |
| Sterlingspund | GBP | 117,95 | 118,53 |
| Evra | EUR | 81,07 | 81,53 |
| Dönsk króna | DKK | 10,89 | 10,95 |
| Norsk króna | NOK | 9,76 | 9,82 |
| Sænsk króna | SEK | 8,93 | 8,99 |
| Japanskt jen | JPY | 0,60 | 0,61 |
| SDR | XDR | 95,19 | 95,75 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**111,92 +0,42%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Reykjavíkurborg og Minjavernd gera með sér samning um Aðalstræti 10:

# Elsta húsið fær andlitslyftingu

**BORGARMÁL** „Þetta samkomulag þýðir að Minjavernd tekur Aðalstræti 10 í sína vörslu næstu 35 árin og mun færa húsið í sitt upprunalega horf næstu mánuði," segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri. Reykjavíkurborg hefur gert samning við Minjavernd um að lagfæra Aðalstræti 10 en það hús er það elsta í borginni.

Húsið á sér afar merkilega sögu en hefur undanfarin ár hýst knæpur og bari og er afar illa farið að innan af þeim sökum. Steinunn segir að samningur borgarinnar og Minjaverndar kveði á um að húsið verði lagfært og fært í sitt gamla form á næstu tveimur árum en hjá Minjavernd áætla menn að slíkt geti kostað allt að 40 milljónum króna.

Steinunn segir verkefnið brýnt enda sé húsið í mikilli niðurníðslu og ekki seinna vænna að hefja uppbyggingarstarfið. „Þetta er síðasta húsið í Aðalstræti sem ekki hefur verið gert upp og mun breyta og bæta ásýnd götunnar og miðbæjarins mikið þegar framkvæmdum á því verður lokið." ■



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**SAMNINGAR UNDIRRITAÐIR**
Aðalstræti 10 mun gangast undir andlitslyftingu á næstu mánuðum en þetta elsta hús í Kvosinni hefur látið á sjá gegnum tíðina og ekki seinna vænna að taka til hendinni.

Nam dóttur sína á brott:

# Tveggja ára skilorð

**DÓMSMÁL** Francois Luc Scheefer var dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir að hafa numið dóttur sína af landi brott árið 2001. Scheefer fór með dóttur sína til Frakklands, í frí að talið var, en vildi fá þar réttað í forræðisdeilu sinni og barnsmóður sinnar, Caroline Lefort.

Auk þess þarf hann að greiða barnsmóður sinni 500 þúsund krónur í miskabætur. Þá þarf hann að greiða verjanda sínum 520 þúsund krónur í réttargæslulaun. **- bs**

Kópavogur:

# Skólabíll út af

**SLYS** Betur fór en á horfðist þegar rúta með skólabörnum innanborðs rann til í hálku og keyrði útaf við Fífuhvamm í Kópavogi rétt fyrir klukkan átta í gærmorgun. Að sögn lögreglunnar í Kópavogi missti ökumaður rútunnar stjórn á bílnum í hálku með þeim afleiðingum að hann ók á kyrrstæðan fólksbíl og ýtti honum á undan sér út af veginum. Fólksbíllinn valt ofan í skurð en rútan hafnaði ofan á bílnum. Enginn slasaðist við óhappið en fólksbíllinn er talinn ónýtur og rútan er mikið skemmd. **- bs**

Borgarfjörður:

# Útafakstur

**SLYS** Ökumaður slapp með skrekkinn þegar bíll hans fór útaf við Litlu-Fellsöxl á Akranesvegi í hádeginu í gær. Að sögn lögreglunnar í Borgarnesi missti maðurinn stjórn á bílnum í hálku með þeim afleiðingum að hann fór útaf. Svo óheppilega vildi til að bíllinn fór útaf þar sem ræsisrör lá undir veginn og var því bratt fram af vegbrúninni. Bíllinn skemmdist talsvert en ökumaðurinn reyndist ekki alvarlega meiddur. ■

Austurland:

# Varasamur vegarkafli

**SAMGÖNGUR** Að mati sveitarstjórnar Austurbyggðar er vegurinn á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar í óviðunandi ástandi. Krefst sveitarstjórn þess að vegurinn verði lagaður hið fyrsta til að minnka slysahættu og gera veginn færan öllum bílum. Sveitarstjórnin hafði áður farið þess á leit við samgönguyfirvöld að opnun Fáskrúðsfjarðarganga yrði flýtt en göngin koma í stað vegarkaflans út með Fáskrúðsfirði og inn með Reyðarfirði. Samgönguyfirvöld töldu sig ekki geta flýtt opnun ganganna. **- kk**

# Samþykkja vopnahlé eftir fjögurra ára stríð

**Ariel Sharon og Mahmoud Abbas lýsa í dag yfir formlegu vopnahléi í átökum Ísraela og Palestínumanna sem kostað hafa þúsundir manna og kvenna lífið síðustu fjögur árin.**

**MIÐ-AUSTURLÖND, AP** Samningamenn Ísraela og Palestínumanna komust í gær að samkomulagi um vopnahlé í rúmlega fjögurra ára löngu stríði þeirra sem kostað hefur þúsundir Palestínumanna og Ísraela lífið. Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, og Mahmoud Abbas, forseti palestínsku heimastjórnarinnar, undirrita samkomulagið á fundi sínum í Egyptalandi í dag.

„Mikilvægast af öllu á fundinum er sameiginleg yfirlýsing um að hætta ofbeldisverkum gegn hvor öðrum," sagði Saeb Erekat, helsti samingamaður Palestínumanna, eftir að samkomulag náðist í gær. Fram að því höfðu embættismenn úr röðum Palestínumanna og Ísraela varað við því að binda of miklar vonir við fundinn í dag.

> „Embættismenn hafa leitast við að draga úr bjartsýni og benda á að mikið verk sé enn óunnið."

Meðal þeirra atriða sem eru að finna í samkomulaginu er ákvæði um skipan sameiginlegrar nefndar sem ákveður hvaða skilyrði palestínskir fangar í ísraelskum fangelsum þurfi að uppfylla til að verða leystir úr haldi. Nefnd verður einnig skipuð til að hafa yfirumsjón með brotthvarfi ísraelskra hersveita frá borgum á Vesturbakkanum.

Ísraelar vöruðu í gær við því að herskáir Palestínumenn kynnu að reyna að koma í veg fyrir árangur af fundinum. Shaul Mofaz, varnarmálaráðherra Ísraels, sagði í viðtali við útvarpsstöð Ísraelshers að leyniþjónustunni hefðu borist upplýsingar um að sumir hópar vígamanna, þeirra á meðal líbönsku samtökin Hezbollah, kynnu að reyna að hleypa fundinum upp og sagði ekki útilokað að reynt yrði að ráða Abbas af dögum.

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, bauð Abbas og Sharon til fundar við George W. Bush Bandaríkjaforseta og hét stuðningi Bandaríkjastjórnar við friðarferlið í Mið-Austurlöndum. Hún sagði Sharon að hann þyrfti að taka erfiðar ákvarðanir til að koma á friði. Eftir að hún fundaði með Abbas í gær skipaði hún öryggisráðgjafa sem hefur yfirumsjón með formbreytingum palestínskra öryggissveita og hét Palestínustjórn styrk að andvirði 2,5 milljarða króna til atvinnuuppbyggingar og til að byggja upp innviði palestínsks samfélags. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**KREFJAST LAUSNAR PALESTÍNSKRA FANGA**
Palestínski pilturinn í forgrunni er með merki palestínsku heimastjórnarinnar á húfu sinni. Í bakgrunninum halda konur á lofti myndum af ættingjum sínum sem haldið er í ísraelskum fangelsum. Til stendur að sleppa 900 föngum.

Beygjuljós við Miklubraut:

# Slysum hefur snarfækkað

**UMFERÐIN** Umferðarslysum á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar hefur fækkað mjög síðan beygjuljós voru sett þar upp fyrir um tveimur árum. Ljósin eru slökkt frá klukkan sjö á morgnana til klukkan 19.30 á kvöldin. Að sögn Dagbjarts Sigurbrandssonar, umsjónarmanns umferðarljósa, anna þau ekki að hleypa umferðarstraumnum í gegn þegar umferðin er mest.

Til stendur að stækka gatnamótin og næsta sumar verða ljósin kveikt allan sólarhringinn. Dagbjartur segir þó að umferðarslys á þessum gatnamótum hafi verið algengust á nóttunni og þeim hafi stórfækkað eftir að ljósin voru sett upp. **- bs**

Vaxtarsamningur Eyjafjarðar:

# Forstöðumenn ráðnir

**ATVINNUMÁL** Ráðið hefur verið í stöður þriggja verkefnisstjóra Vaxtarsamnings Eyjafjarðar og var gerður samningur við þrjár stofnanir Háskólans á Akureyri um stjórnun þeirra verkefna.

Arnheiður Eyþórsdóttir er verkefnisstjóri matvælaklasa, en Matvælasetur HA hefur umsjón með því. Björk Sigurgeirsdóttir er verkefnisstjóri mennta- og rannsóknaklasa, en yfir því hefur Rannsóknastofnun HA yfirumsjón. Þá hefur Bjarni Jónasson verið ráðinn forstöðumaður á heilbrigðisklasa, en hann er forstöðumaður Heilbrigðisstofnunar HA.

Enn á eftir að ráða í starf forstöðumanns fyrir ferðamálaklasa. **- ss**






## Veðrið

**DÆMIGERT FEBRÚARVEÐUR**
Það má kannski segja að veðrið hjá okkur þessa dagana einkennist af rysjóttu leiðindaveðri. Framundan eru éljadagar um sunnan- og vestanvert landið en þurrt og bjartara fyrir norðan og austan. Það verður mjög stífur strengur á annesjum sunnan til í dag en að öðru leyti ætti vindurinn að vera skaplegur.

**HORFUR UM NÆSTU HELGI**
Norðanátt með éljum víða um land á laugardag en hlýnar af suðri á sunnudag með rigningu vestan til.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag




### Á morgun




Hvassviðri allra syðst, annars strekkingur.

### Fimmtudagur




Nokkur vindur víðast hvar.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C skýjað | Frankfurt | 4°C alskýjað | Torrevieja | 16°C léttskýjað |
| Osló | 1°C alskýjað | Prag | -2°C heiðskírt | Róm | 11°C skýjað |
| London | 11°C skýjað | Amsterdam | 7 C léttskýjað | New York | 10°C skýjað |
| París | 10°C skýjað | Varsjá | -3°C heiðskírt | Miami | 25°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverði vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



## KJÖRKASSINN

*Viltu jarðgöng til Vestmannaeyja?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 33,33% |
| Nei | 66,67% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Viltu að reykingar verði bannaðar á öllum veitingastöðum landsins?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Bengtsson tjáir sig í fyrsta sinn eftir gíslatöku:

# Líður vel í faðmi fjölskyldunnar

**SVÍÞJÓÐ** „Ég hef það gott og það er gott að vera heima hjá fjölskyldunni aftur," sagði Fabian Bengtsson í tilkynningu á heimasíðu fyrirtækisins Siba sem fjölskyldan á og hann stýrir. Bengtsson sem er sænskur auðmaður var í haldi mannræningja í sautján daga.

Tilkynningin sem Bengtsson birti á vef fyrirtækis síns er það fyrsta sem heyrist frá Bengtsson eftir að mannræningjar slepptu honum fyrir helgi.

Í tilkynningunni segir að Bengtsson hvorki vilji né geti tjáð sig um mannránið að svo stöddu. Lögregla hafi sagt honum að tjá sig ekki um það núna.



**FABIAN BENGTSSON**
Mynd þessi, sem tekin var eftir að Bengtsson var sleppt úr haldi mannræningja, birtist á vef Siba í gær.

„Ég bið um skilning á því að ég kem ekki til með að tala við fjölmiðla. Þegar banninu lýkur kem ég til með að úttala mig um þetta gegnum almenna fréttatilkynningu en ekki við sérhvern einstakan blaðamann."

Í sænska dagblaðinu Expressen sagði að Bengtsson hefði sagt í yfirheyrslu hjá lögreglu að mannræningjarnir hefðu farið vel með sig og lofað honum að þeir myndu ekki skaða hann.

- bþg

Fárviðri í Neskaupstað:

# Dæluhús skemmdist

**VEÐUR** Dæluhús í Neskaupstað eyðilagðist þegar tveir gámar fuku á það í aftakaveðri í fyrrinótt. Þá brotnaði einnig fjarskiptamastur sem tryggir talstöðvarsamband á svæðinu. Að sögn lögreglunnar í Neskaupstað var annar gámurinn tómur þegar hann fauk en lítilræði var í hinum.

Gámarnir gjöreyðilögðu 30 fermetra dæluhús innarlega í bænum og skemmdu dælur sem sjá bænum fyrir vatnsforða. Síðdegis í gær var búið að koma dælunum í gang. Ekki er búið að leggja heildarmat á tjónið.

- bs

Danmörk til vinstri:

# Fráskilinn og feiminn



Formaður Jafnaðarmannaflokksins er Mogens Lykketoft. Hann er fæddur 9. janúar 1946. Hann er fráskilinn og á tvær dætur.

Um tvítugt var hann farinn að starfa fyrir Jafnarðarmannaflokkinn, sérstaklega á sviði atvinnumála. Hann komst í forystu nemendasamtaka jafnaðarmanna 1965, og varð formaður samtakanna 1968.

Árið 1981 var Lykketoft kosinn á þing, þá 35 ára. Sama ár varð hann skattaráðherra, og hélt því embætti í ár. Hann var fjármálaráðherra Danmerkur frá 1993 til ársins 2000 þegar hann varð utanríkisráðherra. Hann lét af embætti utanríkisráðherra í nóvember 2001, þegar jafnaðarmenn féllu úr ríkisstjórn.

Hann varð formaður flokks jafnaðarmann árið 2002 og hefur því ekki leitt flokkinn áður í kosningum.

Lykketoft hefur löngum verið legið á hálsi fyrir að vera daufleg-ur stjórnmálamaður, allt að því óframfærinn og feiminn. Og ekki þykir bæta úr skák, að helsta vörumerki hans, hökutoppurinn, er horfið. ■

# Stjórnin rétt lafir

## Þingkosningar eru haldnar í Danmörku í dag. Óvænt spenna er á lokasprettinum. Um 20 prósent þjóðarinnar höfðu í gær enn ekki ákveðið hvað ætti að kjósa.

**DÖNSKU KOSNINGARNAR** Kosið er til danska þingsins í dag. Á síðustu tveim dögunum fyrir kosningar sýndu kannanir að munurinn á milli stjórnar- og stjórnarandstöðuflokkanna hefur aðeins minnkað. Samkvæmt Gallup könnun sem birtist í Berlingske Tidende í gær myndu stjórnarflokkarnir fá 94 sæti, en stjórnarandstöðuflokkarnir myndu fá 81 sæti af 179 þingsætum. Þau fjögur sæti sem eftir eru skiptast á milli færeyskra og grænlenskra þingmanna, en þar er einnig kosið í dag.

Samkvæmt könnuninni myndi Venstre fá 54 þingmenn en hafa nú 56. Jafnaðarmannaflokkurinn, sem er stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn, myndi fá 49 þingmenn en hafa nú 52. Jafnvel þó að flokkurinn hafi verið að bæta við sig að undanförnu í kosningum gæti niðurstaða kosninganna orðið sú versta fyrir flokkinn síðan 1973. Helstu breytingarnar, samkvæmt könnuninni, er að stjórnarandstöðuflokkurinn Radikale Venstre, sem hefur nú 9 þingmenn, er spáð 16 þingmönnum. Einnig er Kristilegum demókrötum ekki spáð neinum þingmanni, en hafa nú fjóra.

Athygli vekur að um 20 prósent aðspurðra segjast enn óákveðin Það var því um mikið að keppast fyrir flokkana á síðustu dögum kosningabaráttunnar.

Margir áttu von á að innflytjendamál, sem voru ofarlega á baugi fyrir síðustu kosningar, og vera danskra hermanna í Írak yrðu kosningamál nú, en svo varð ekki. Þess í stað hefur áherslan verið á atvinnumál og velferðarmál; að fjölga störfum í landinu og bæta menntun og heilsugæslu. Á sama tíma á ekki að hækka skatta.

Í viðtali við fréttastofu AP segir Lars Bille, stjórnmálafræðingur við Háskólann í Kaupmannahöfn, að í þessum kosningum hafi í raun engin baráttumál komið upp. „Það var kallað til kosninga vegna þess að stjórninni vegnaði vel í skoðanakönnunum, ekki vegna þess að það hefðu verið einhverjar deilur."

Sjá einnig síðu 14

**FYLGI DÖNSKU FLOKKANNA**

| Kosningar | 2001 | 29/1 05 | 31/1 05 | 05/02 05 | 7.2.2005 |
|---|---|---|---|---|---|
| Jafnaðarmenn | 29,1 | 24,3 | 22,4 | 25,5 | 27 |
| Radikale Venstre | 5,2 | 8,2 | 10,3 | 9,8 | 9,1 |
| Íhaldsflokkurinn | 9,1 | 9,6 | 8,7 | 10,0 | 9,8 |
| Miðflokkurinn | 1,8 | 0,6 | 0,8 | 0,8 | 0,8 |
| Sósíalíski þjóðarflokkurinn | 6,4 | 7,8 | 7,5 | 6,4 | 6,3 |
| Kristilegir demókratar | 2,3 | 2,1 | 1,9 | 2,1 | 1,9 |
| Minnihlutaflokkurinn | - | 0 | 0,1 | 0,2 | 0,1 |
| Danski þjóðarflokkurinn | 12 | 11,8 | 11,4 | 11,2 | 11,3 |
| Venstre | 31,2 | 32,4 | 33,3 | 30,7 | 29,9 |
| Einingarlistinn | 2,4 | 3,2 | 3,6 | 3,3 | 3,8 |
| | **99,5** | **100** | **100** | **100** | **100** |

**SPÁ UM ÞINGMANNAFJÖLDA**

| | Þingmenn nú | Gallup 7. Feb. |
|---|---|---|
| Jafnaðarmenn | 52 | 49 |
| Radikale Venstre | 9 | 16 |
| Íhaldsflokkurinn | 16 | 18 |
| Miðflokkurinn | 0 | 0 |
| Sósíalíski þjóðarfl. | 12 | 11 |
| Kristilegir demókratar | 4 | 0 |
| Minnihlutaflokkurinn | - | 0 |
| Danski þjóðarfl. | 22 | 20 |
| Venstre | 56 | 54 |
| Einingarlistinn | 4 | 7 |

Danmörk til hægri:

# Vinsæll og umdeildur



Formaður Venstre og núverandi forsætisráðherra er Anders Fogh Rasmussen. Hann er fæddur 26. janúar 1953. Giftist konu sinni, Anne-Mette þann 17. júní 1978 og saman eiga þau þrjú börn; Henrik (1979), Mariu (1981) og Christinu (1984).

Árið 1974, þá 21 árs, varð hann formaður ungliðahreyfingar Venstre. Fjórum árum síðar varð hann þingmaður og var þá yngsti þingmaður danska þingsins. Hann gegndi ýmsum trúnaðarstörfum fyrir flokkinn eftir að hann varð þingmaður og var svo kjörinn varaformaður Venstre á landsfundi 1985. Tveimur árum síðar varð hann skattaráðherra Danmerkur, og varð þar að auki fjármálaráðherra landsins árið 1990.

Á landsþingi Venstre 1998 var hann kjörinn formaður Venstre og leiddi flokkinn til sigurs í kosningunum 2001. Þá myndaði hann ríkisstjórn með Íhaldsflokknum, með stuðningi Danska þjóðarflokksins og varð forsætisráðherra.

Rassmussen þykir almennt bjóða af sér pólitískan þokka og hefur verið allt í senn farsæll forsætisráðherra, umdeildur og vinsæll. ■






FRÉTTABLAÐIÐ/KK



**ÁRNI JÓN ERLENDSSON, HÚSVÖRÐUR BREKKUSKÓLA, VIÐ EINA BELJUNA**
Til að kynna mjólkurkælana bauð Norðurmjólk nemendum skólans upp á endurgjaldslausa mjólkuráskrift í mánuð.

Vistvæn mjólkurafgreiðsla á Akureyri:

# Mjólkurvélar í stað mjólkurferna

**UMHVERFISÁTAK** Hefðbundnar mjólkurfernur heyra sögunni til í Brekkuskóla á Akureyri en þess í stað fá nemendur og starfsfólk skólans mjólkina úr sérstökum sjálfsafgreiðslukælum. Með þessu móti minnkar úrgangur sem til fellur í skólanum um rúmlega 900 fernur á viku eða ríflega 33 þúsund fernur yfir skólaárið.

Húsvörður skólans, Árni Jón Erlendsson, átti hugmyndina að mjólkurkælunum sem innan skólans eru kallaðar beljurnar. „Með nýlegri breytingu og einkavæðingu á sorpþjónustu við stofnanir á Akureyri þurfti skólinn að greiða eftir umfangi sorps og þá fórum við að hugleiða hvernig mætti spara. Ég sneri mér til Norðurmjólkur með hugmyndina um mjólkurkælana og nú erum við komnir með fjórar beljur í skólann og von á tveimur til viðbótar. Þetta er fyrsti skólinn á Akureyri sem er með svona kæla og ég veit ekki til þess að þetta hafi verið gert í neinum skóla á landinu. Í heildina minnkar úrgangurinn frá skólanum um helming við þessa breytingu," segir Árni Jón.

- kk

Fimm mánaða fangelsi:

# Hlýddi ekki lögreglu

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur maður var í Héraðsdómi Vestfjarða dæmdur í fimm mánaða fangelsi fyrir brot gegn lögreglulögum og fyrir að hafa gefið manni olnbogaskot í andlitið. Fjórir mánuðir af refsingunni eru skilorðsbundnir.

Maðurinn braut gegn lögreglulögum þegar hann hunsaði skýr fyrirmæli lögreglu um að leggja frá sér hníf sem hann hafði í höndum. Í stað þess snérist hann á hæl gekk smá spöl með hnífinn þar til hann losaði sig við hann.

- hrs

Refsingu frestað:

# Ógnaði manni með hnífi

**DÓMSMÁL** Refsingu yfir þrítugum manni var frestað og fellur niður eftir tvö ár haldi hann skilorð en hann veitti öðrum manni eftirför vopnaður hnífum. Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Vestfjarða.

Segir í dómnum ekki breyta neinu hvað maðurinn hafi ætlað með eftirförinni, hún hafi verið til þess fallin að vekja hinum manninum ótta um líf sitt og heilbrigði. Eftirförin hafi hins vegar verið skammvinn því maðurinn féll á hlaupunum og missti hnífana.

- hrs




410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvar hittast Mahmoud Abbas og Ariel Sharon í dag?*

2 *Í hvaða fyrirtæki sögðu níu stjórnendur upp störfum vegna þess að forstjóranum var sagt upp?*

3 *Frá hverjum hafa auglýsingar verið stöðvaðar eftir kvörtun umboðsmanns barna til Samkeppnisstofnunar?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 46

Ráðist á lögreglustöðvar og sjúkrahús:

# 30 hið minnsta myrtir í árásum

**ÍRAK, AP** Í það minnsta þrjátíu manns létust í árásum vígamanna í Írak í gær.

Fimmtán manns létu lífið og sautján særðust í bílsprengjuárás í Baquba þegar bifreið var lagt fyrir utan höfuðstöðvar lögreglunnar þar og hún sprengd í loft upp. Margir þeirra sem létust og særðust voru menn sem sóttust eftir vinnu hjá lögreglunni. Árásin í Baquba var sú mannskæðasta í Írak í gær.

Önnur mannskæð árás átti sér stað í Mosul. Þar sprengdi maður sig í loft upp á lóð Jumhouri-sjúkrahússins. Tólf lögreglumenn sem gættu sjúkrahússins létust. Að sögn vitna kallaði árásarmaðurinn lögregluna til sín áður en hann sprengdi sprengjuna sem hann bar á sér.

„Ég heyrði sprenginguna. Þegar ég fór að athuga hvað hafði gerst sá ég lík út um allt," sagði Ali Mahmoud al-Obeidi, stjórnandi sjúkrahússins.

Þrír óbreyttir borgarar létust í sprengjuárás á lögreglustöð í Mosul. ■



**FJÖLMENNI VIÐ SUNDURSKOTINN BÍL**
Fjöldi fólks skoðaði þennan sundurskotna bíl í Bagdad í gærmorgun. Heimamenn sögðu íraska og bandaríska hermenn hafa skotið ökumann bílsins í fyrrinótt.








**GETTU BETUR**
Stöð 2 hefur Vetrargarð Smáralindar á leigu vegna Idol-keppninnar en er til í að hleypa Sjónvarpinu að með Gettu betur – gegn réttri greiðslu.

# Stjörnuleitin stendur í vegi fyrir Gettu betur

**Til stóð að halda Gettu betur í Smáralind en í síðustu viku slitnaði upp úr viðræðum um leigu á aðstöðunni. Keppnin hefst á morgun og hefur verið fundinn annar staður.**

**SPURNINGAKEPPNI** Spurningakeppninni Gettu betur verður ekki sjónvarpað úr Smáralind þetta árið þar sem Sjónvarpið, Stöð 2 og Smáralind gátu ekki komið sér saman um sanngjarna leigu. Upp úr viðræðum slitnaði í síðustu viku.

Sjónvarpshluti spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur, hefst á morgun. Keppnin hefur farið fram í Vetrargarði Smáralindar undanfarin ár en í síðustu viku varð ljóst að ekkert yrði af útsendingum þaðan þetta árið. Um þessar fer þar fram Idol-Stjörnuleit og komst Sjónvarpið ekki samkomulagi við forráðamenn Smáralindar og Stöðvar 2 um leiguverð á aðstöðunni.

„Við stóðum í þeirri góðu trú að við værum með samning við Smáralind um leigu. Þegar á hólminn var komið reyndist svo ekki vera. Stöð 2 var með kröfu um að Sjónvarpið tæki þátt í að greiða hluta af húsaleigu þeirra í Smáralind en við vorum ekki reiðubúin að gera það," segir Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri Sjónvarpsins. Þar vísar hann til samnings sem Stöð 2 gerði við Smáralind sem kveður á um að ef aðrir fengju afnot af Vetrargarðinum á samningstímanum fengi stöðin afslátt af leigunni.

Pálmi Kristinsson, framkvæmdastjóri Smáralindar, segir að málið snúist einfaldlega um að Sjónvarpið og Smáralind hafi haft ólíkar hugmyndir um hvað felist í sanngjarnri leigu. „Þeir töldu sig ekki reiðubúna að greiða nema það sem við köllum hálfgert líknargjald, nokkrar tugþúsundir króna fyrir hvern útsendingardag." Undanfarin tvö ár hefur Sjónvarpið ekki greitt fyrir að vera í Vetrargarðinum en nú vill Smáralind fá eitthvað fyrir sinn snúð. „Þessi framkoma Sjónvarpsins vakti furðu af okkar hálfu og þetta er viðhorf sem við getum engan veginn fellt okkur við, það er að segja að Sjónvarpið eigi að njóta þjónustu án þess að greiða þar fyrir. Við getum ekki unnið í því umhverfi," segir Pálmi.

Bjarni ítrekar að þegar sé búið að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að halda keppnina. Viðureignunum verður sjónvarpað frá skólunum sjálfum þar sem því verður við komið og vex kostnaðurinn ekki vegna þessa.

sveinng@frettabladid.is






Fiskvinnslan Kolka á Hofsósi:

## Fjórtán sagt upp störfum

**ATVINNUMÁL** „Við erum að fara yfir þetta allt saman og kanna hvort þessar uppsagnir séu lögmætar og samkvæmt bókunum," segir Jón Karlsson, formaður stéttarfélagsins Öldunnar á Sauðárkróki. Fjórtán starfsmönnum fiskvinnslunnar Kolku á Hofsósi hefur verið sagt upp störfum og er það talsvert áfall fyrir ekki stærra bæjarfélag en á Hofsósi búa um 250 manns.

Jón segir að ýmsir hafi reynt fyrir sér með fiskvinnslu á Hofsósi með litlum árangri og allnokkur önnur fyrirtæki hafi farið í gjaldþrot á síðustu árum. „Þetta er hörmulegt ástand og því miður ekki í fyrsta sinn sem slíkt á sér stað á Hofsósi." ■



**FRÁ HOFSÓSI**
Fjórtán manns hefur verið sagt upp störfum hjá fiskvinnslunni Kolku.

Álversframkvæmdir:

## Samið við BM Vallá

**VIÐSKIPTI** Bechtel, sem sér um framkvæmdir við álver Alcoa í Reyðarfirði, hefur samið við BM Vallá um framleiðslu á 16 þúsund forsteyptum einingum sem fara í kerskála álversins.

Björn S. Lárusson, upplýsingafulltrúi Bechtel, segir að andvirði samningsins sé tæpar 700 milljónir króna. Um 20 starfsmenn vinna í starfsstöð BM Vallá á Reyðarfirði en vegna samningsins er gert ráð fyrir að þeim fjölgi um helming.

Fyrstu einingarnar verða afhentar í maí.

- kk

SKERPAN KEMUR FRÁ

# SHARP®

## Framúrskarandi faxtæki fyrir fjölskyldur og fyrirtæki

**TILBOÐ: Kr. 15.900**



**SHARP UX-P410**
• Faxtæki/sími • Hitafilmuprentun • 50 blaða pappírsbakki • 10 blaða arkamatari • 448Kb móttöku minni (24bls)
**Verð áður: Kr. 19.900 m/vsk**

**TILBOÐ: Kr. 39.900**



**SHARP FO-3150**
• Faxtæki • Laser prentun • 200 blaða pappírsbakki • blaða arkamatari • 1,8 Mb móttöku minni (100bls)
**Verð áður: Kr. 45.900 m/vsk**

**TILBOÐ: Kr. 105.900**



**SHARP FO-5900**
• Faxtæki • Laser prentun • 250 blaða pappírsbakki • 50 blaða arkamatari • 2 Mb móttöku minni (125 bls)
**Verð áður: 129.900 m/vsk**



**TILBOÐ: Kr. 35.900**

**SHARP ERA-220**
• Sjóðvél • 15/30 vöruflokkar • Allt að 500 PLU númer • Sjálfvirk dagsetning og tími • Hitaprentun • Íslenkur strimill • Rafrænn innri strimill • Mjög fyrirferðalítil skúffa.
**Verð áður kr. 41.900 m/vsk**



**TILBOÐ: Kr. 28.900**

**SHARP ER-A180**
• 10/30 vöruflokkar • Allt að 400 PLU númer • Sjálfvirk dagsetning og tími • Kalkerandi strimill • 4 afgreiðslumenn
**Verð áður kr. 33.500 m/vsk**

## Öruggar og þægilegar sjóðvélar

Íslenskir verslunarmenn eru miklir aðdáendur SHARP sjóðvéla. Fjölmargar gerðir.



## Hágæða prentun og ljósritun fyrir allar stærðir fyrirtækja

Áratuga þróun hefur skipað SHARP prenturum /ljósritunarvélum í fremstu röð um heim allan.

SHARP prentarar /ljósritunarvélar <u>er</u> lausnin fyrir krefjandi þarfir skrifstofunnar. Mikið úrval véla fyrir allar stærðir fyrirtækja.

Allar nánari upplýsingar og ráðgjöf veita sölumenn okkar.

## Sterkir og skýrir SHARP skjávarpar





**3ja ára ábyrgð**

**SHARP PG-B10S**
• Skjávarpi • Birta: 1200 ANSI LUMEN • Upplausn: SVGA 800 x 600 • Þyngd: 2.9 kg
**TILBOÐSVERÐ Kr. 99.900 m/vsk**

**SHARP PG-A10X**
• Skjávarpi • Birta: 1300 ANSI LUMEN • Upplausn: XGA 1024 x 768 • Þyngd: 2.9 kg
**TILBOÐSVERÐ Kr. 159.900 m/vsk**

## Reiknaðu rétt með SHARP



**SHARP EL-2607P**
• 12 stafa ljósaborð
• Rauður mínus
• Flýtileiðrétting á innslætti
• Uppsöfnunarteljari (GT)
• Innsláttarteljari
• Álagningartakki (MU)
• Hraðvirk og hljóðlát
• Stærð 222 x 327x 78
**Kr. 12.500 m/vsk**



**SHARP EL-1607P**
• 12 stafa ljósaborð
• Rauður mínus
• Flýtileiðrétting á innslætti
• Uppsöfnunarteljari (GT)
• Innsláttarteljari
• Álagningartakki (MU)
• Stærð 222 x 305 x 72
**Kr. 9.900 m/vsk**



**SHARP EL-2901RH**
• 12 stafa ljósaborð
• Rauður mínus
• Flýtileiðrétting á innslætti
• Uppsöfnunarteljari (GT)
• Innsláttarteljari
• Álagningartakki (MU)
• Stærð 193 x 256 x 63
**Kr. 6.990 m/vsk**

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

ÞÚ GENGUR AÐ GÆÐUNUM VÍSUM

BRÆÐURNIR ORMSSON
Lágmúla 8 • Sími 530 2800
www.ormsson.is

ORMSSON SMÁRALIND

AP MYND



**VIÐ HINN EILÍFA LOGA**
Pierre Pettigrew, utanríkisráðherra Kanada, kom við í helfararsafninu Yad Vashem, meðan á opinberri heimsókn hans til Jerúsalem stóð. Hér stendur hann við hlið hins eilífa loga sem brennur í safninu. Hann fer líka og hittir forystumenn Palestínumanna.

Neytendur hugsa um pyngjuna:

# Allt að 70 prósent dæla sjálf

**ELDSNEYTI** Langstærstur hluti viðskiptavina olíufélaganna, eða allt upp í 70 prósent á höfuðborgarsvæðinu, dælir sjálfur á bíla sína og lækkar þannig bensínkostnaðinn umtalsvert.

Margrét Guðmundsdóttir hjá Skeljungi sagði að gera mætti ráð fyrir að rúmlega 60 prósent viðskiptavina á Reykjavíkursvæðinu keyptu bensín í sjálfsafgreiðslu. Ef tekið væri landið allt, þá mætti gera ráð fyrir að hlutfallið hækkaði upp í 80 prósent. Það kæmi meðal annars til af því að víða væri alfarið um sjálfsafgreiðslu að ræða. Hún sagði enn fremur að þessi hópur færi vaxandi. Hinu mætti ekki gleyma að ákveðinn kjarni viðskiptavina vildi halda í fulla þjónustu, auk þess sem bensínafgreiðslufólkið veitti ýmsa aðstoð.



**BENSÍNVERÐ**
Landsmenn eru duglegir við að dæla sjálfir.

Samúel Guðmundsson, talsmaður Olís, sagði að yfirgnæfandi hluti viðskiptavina félagsins dældi sjálfur á bíla sína.

„Ég er ekki tilbúinn til að gefa upp prósentur," sagði hann og bætti við að Olísmenn teldu óeðlilegt að þeir væru að gefa þær upp. Um væri að ræða hluta af rekstrarumhverfi félagsins og einkamál þess.

„Þetta er orðið að jafnaði um 70 prósent, það er rúmlega tveir af hverjum þremur, sé einungis litið á höfuðborgarsvæðið," sagði Ingi Þór Hermannson, talsmaður Esso.

Á landsvísu er þetta hlutfall eitthvað hærra, því minni staðirnir bera ekki þjónustu. Þar er einungis sjálfsafgreiðslubúnaður. -jss

**VERÐ Á RÚÐUVÖKVA**
– einn lítri í lausasölu

| | | |
|---|---|---|
| Skeljungur | kr. | 115 |
| OLís | kr. | 128 |
| Esso | kr. | 105 |

**ALGENGASTA VERÐ**
– 95 oktana í sjálfsafgreiðslu á höfuðborgarsvæðinu

| | | |
|---|---|---|
| Skeljungur | kr. | 98,70 |
| Esso | kr. | 97,.70 |
| Esso Express | kr. | 97,40 |
| Orkan | kr. | 97,10 |
| Atlantsolía | kr. | 97,20 |
| Ego | kr. | 97,20 |
| Olís | kr. | 98,70 |
| ÓB | kr. | 97,20 |

Fullt þjónustuverð olíufélaganna kr. 106,60 pr.l.

* Skv. netsíðum félaganna kl. 10.40 í gær.

## EVRÓPA

**STJÓRNARVANDI Í PÓLLANDI** Vandi pólsku ríkisstjórnarinnar jókst enn þegar Jerzy Hausner efnahagsmálaráðherra sagði sig úr stjórnarflokknum, Lýðræðislega vinstribandalaginu. Hann hafði ítrekað hótað afsögn þar sem ráðstafanir hans við efnahagsvanda Póllands voru útvatnaðar.

**RANN ÚT AF FLUGBRAUT** Tyrknesk farþegaflugvél rann út af flugbraut á flugvellinum í Istanbúl í Tyrklandi þegar hún lenti eftir flug frá Þýskalandi í hliðarvindi. 168 farþegar og sex manna áhöfn voru um borð og sluppu allir við meiðsli.

**HRYÐJUVERKARÉTTARHÖLD** Tólf meðlimir Hofstad-hryðjuverkahreyfingarinnar voru dregnir fyrir dóm í Hollandi í gær. Þeim er gefið að sök að hafa undirbúið árásir á hollenska stjórnmálamenn og að hafa aðstoðað við morðið á Theo van Gogh sem myrtur var vegna umdeildrar heimildamyndar sinnar.

# Gistinóttum stórfjölgar

**Gistinóttum á hótelum hefur fjölgað um tæp 37 prósent frá 1998. Þær nálgast nú eina milljón á ári. Áberandi er að erlendir ferðamenn fara í styttri ferðir til Íslands en áður. Vetrarferðir í mikilli sókn.**

**HÓTELGISTING** Á sama tíma og erlendum ferðamönnum um Flugstöð Leifs Eiríkssonar fjölgaði um tæp þrettán prósent milli áranna 2003 og 2004, fjölgaði gistinóttum á heilsárshótelum um tæp níu prósent. Næturnar voru 965.109 í fyrra en 889.390 árið á undan. Gistinóttunum hefur fjölgað um tæp 37 prósent frá 1998.

Dóra Magnúsdóttir, markaðsstjóri ferðamála hjá Höfuðborgarstofu, segir mismun fjölgunar ferðamanna og gistinátta sýna að fólk fari í styttri ferðir en áður. Það skýrist meðal annars af því að flugsætum hafi fjölgað og verð lækkað:

„Aukin samkeppni gerir það að verkum að auðveldara er fyrir fólk að taka ákvarðanir með stuttum fyrirvara og skella sér til Íslands."

Tölur Hagstofunnar sýna að gistinóttum fjölgaði í öllum landshlutum utan Norðurlands þar sem samdráttur nam tæpu einu prósenti milli áranna.

Ásbjörn Björgvinsson, formaður Ferðamálasamtaka Norðurlands eystra, segir tölur Hagstofunnar ekki gefa rétta mynd af gistinóttum þar sem heilsárshótel á Norðurlandi séu fá:

„Við höfum farið fram á að allar gistinætur á svæðinu séu teknar saman en ekki aðeins nætur á heilsárshótelum."

Ásbjörn segir unnið að því að fá fleiri erlenda ferðamenn á veturna.



**GIST Á NORDICA**
Gistinóttum í Reykjavík fjölgaði örlítið milli desembermánaða í fyrra og árinu á undan eða um tæpt prósent.

Sextán prósenta fjölgun gistinátta milli desembermánaða 2003 og 2004 sýni þau skref sem tekin hafi verið: „Í Mývatnssveit hefur ferðamönnum fjölgað þar sem framboð á afþreyingu yfir vetrartímann hefur markvisst verið aukið." Einnig megi rekja fjöldann til þess að skíðasvæði á Norðurlandi hafi opnað fyrr en áður.

Í desember fjölgaði gistinóttum um tæp átta prósent á milli ára, voru 34.720 árið 2003 en urðu 37.390. Þeim fjölgaði hlutfallslega mest um 38 prósent á heilsárshótelum á Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfjörðum. Gistinóttum á hótelum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði á sama tíma um rúmt eitt prósent.

Heilsárshótelum hefur fjölgað um fjögur milli áranna. Voru 66 árið 2003 en 70 í fyrra.

gag@frettabladid.is

**GISTINÆTUR EFTIR ÞJÓÐERNI**




Heimild: Hagstofa Íslands

Fjölskyldunefndin skipuð:

# Björn Ingi formaður

**STJÓRNMÁL** Forsætisráðherra hefur skipað nefnd „sem ætlað er að styrkja enn frekar stöðu íslensku fjölskyldunnar," eins og segir í fréttatilkynningu forsætisráðuneytisins. Er hún skipuð í kjölfar áramótaávarps forsætisráðherra þar sem hann lét í ljósi áhyggur af stöðu fjölskyldunnar.

Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, er formaður nefndarinnar og ásamt honum sitja í henni Árni Sigfússon og Björk Vilhelmsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Björn B. Jónsson, tilnefndur af Ungmennafélagi Íslands, Elín Thorarensen, tilnefnd af Heimili og skóla, Fanný Gunnarsdóttir, tilnefnd af félagsmálaráðherra, Guðný Eydal, tilnefnd af menntamálaráðherra, Ingibjörg Pálmadóttir, tilnefnd af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, séra Ólafur Jóhannsson, tilnefndur af dóms- og kirkjumálaráðherra, Ragnheiður E. Árnadóttir, tilnefnd af fjármálaráðherra, Stefán Snær Konráðsson, tilnefndur af Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands og séra Þorvaldur Karl Helgason, tilnefndur af biskupi Íslands.

Nefndinni er ekki gert að ljúka störfum fyrir tiltekinn tíma. - bþs




Áhrif fuglaflensu:

# Ferðir anda bannaðar

**VÍETNAM** Víetnömsk yfirvöld hafa skipað þarlendum bændum að hafa eftirlit með öndum sem þeir ala og gæta þess að þær flakki ekki langt frá bóndabæjum þeirra. Þetta er gert til að sporna gegn útbreiðslu fuglaflensunnar.

Bændur hafa alla jafna leyft öndum sem þeir halda að flakka nokkuð frjálst um hrísgrjónaakra þeirra og áveituskurði. Stjórnvöld segja þetta hins vegar auka hættu á útbreiðslu fuglaflensunnar og hafa bannað þetta meðan landsmenn fagna nýju ári. Nú verða bændur að halda endur í búrum eða á eigin tjörnum. ■

Tóbakssmygl frá Rússlandi gegnum Litháen hefur aukist verulega:

# Kemur til skotbardaga flestar nætur

**LITHÁEN, AP** Tóbakssmygl frá Rússlandi hefur aukist verulega eftir að Litháen varð aðili að Evrópusambandinu og er nú svo komið að flestar nætur kemur til skotbardaga milli tollvarða og smyglara.

Smyglarar reyna í auknum mæli að smygla ódýrum eftirlíkingum vestrænna tóbakstegunda á borð við Marlboro og Camel til Litháens og þaðan áfram til annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Yfirvöld reyna að sporna við smygli með tíðum eftirlitsferðum. Þyrlur fljúga yfir og landamæraverðir með nætursjónauka og vopnaðir hríðskotarifflum fara í eftirlitsferðir til að hafa uppi á smyglurum sem notast við hraðbáta og köfunarbúnað til að smygla varningi yfir landamærin.

„Ástandið hefur versnað hér eftir því sem verðlag hefur hækkað í Litháen,“ sagði Genadijus Kuznecovas, yfirmaður landamæravörslunnar í Pagegiai. „Smyglið hefur orðið enn ábatasamara eftir aðild Litháens að Evrópusambandinu,“ sagði hann og bætti við. „Við ráðum aldrei niðurlögum þeirra að fullu en það er full ástæða til að reyna okkar besta.“ ■



**LANDAMÆRAVÖRÐUR MEÐ SMYGLVARNING**
Landamæraverðir hafa lagt hald á mikið magn smyglvarnings en þó flæðir tóbak ólöglega frá Rússlandi til landa Evrópusambandsins.

Símahleranir:

# Yfirmenn fyrir rétt

**FINNLAND, AP** Réttarhöld eru hafin yfir átta fyrrverandi yfirmönnum finnska farsímafélagsins Sonera sem gefið er að sök að hafa fyrirskipað að símtöl og tölvupóstskeyti starfsmanna fyrirtækisins skyldu rakin, slíkt brýtur í bága við finnsk lög sem heimila aðeins lögreglu að rekja fjarskipti fólks.

Yfirmennirnir neita því allir að hafa gert nokkuð saknæmt. Þeir segja aðgerðir sínar löglegar og til þess fallnar að vernda hagsmuni fyrirtækisins. Hleruð voru símtöl starfsmanna sem voru grunaðir um að láta fjölmiðlum í té innanhússupplýsingar. ■



**PÁFI Á SJÚKRAHÚSI**
Jóhannes Páll II var veiklulegur þegar hann blessaði trúaða á sunnudag.

Jóhannes Páll II:

# Páfi lengur á spítala

**VATÍKANIÐ, AP** Sjúkrahúslega Jóhannesar Páls II páfa verður nokkrum dögum lengri en talið var í síðustu viku. „Læknar hans hafa ráðlagt honum að dvelja hér nokkra daga í viðbót,“ sagði Joaquin Navarro-Valls talsmaður og samstarfsmaður páfa.

Navarro-Valls sagði að heilsa páfa færi batnandi, hann væri hitalaus, mataðist reglulega og hefði setið í stól sínum nokkrar klukkustundar á dag að undanförnu. ■



**HÓTELIÐ**
Flestir veislugestir létust af völdum gaseitrunar.

18 létust:

# Létust úr gaseitrun

**SPÁNN, AP** Átján manns létu lífið á hóteli í Todolella þar sem þeir voru viðstaddir afmælisveislu. Einungis tveir veislugesta, annar þeirra afmælisbarnið, lifðu af.

Fólkið sem lést svaf saman í stóru herbergi sem var hitað með gasofni. Svo virðist sem ofninn hafi eitrað út frá sér og allir þeir sem sváfu í herberginu létust. Afmælisbarnið fann hina látnu, flesta á fertugs- og fimmtugsaldri, þegar hann leit inn í herbergi vina sinna daginn eftir afmælisveisluna. ■

HÓTEL HOLT

TVÍRÉTTAÐ Í HÁDEGINU
Á AÐEINS 2.100 KR.
...
NÝR HÁDEGISMATSEÐILL
ALLA ÞRIÐJUDAGA
...
SPENNANDI MATSEÐILL
Á KVÖLDIN
...
MATSEÐLAR OG VERÐ Á
WWW.HOLT.IS

BERGSTAÐASTRÆTI 37 • SÍMI: 552 5700

FEBRÚAR TILBOÐ
Á NISSAN HJÁ INGVARI HELGASYNI

NISSAN
SKIPT_um væntingar




NISSAN X-TRAIL

Nýr X-TRAIL er gullfallegur bíll sem hæfir íslensku veðurfari. Hann flytur heilu fjölskyldurnar um landið þvert og endilangt og skýst í innanbæjaraksturinn af lipurð og snerpu. Þú situr hátt í Nissan X-Trail og með einu handtaki skiptirðu yfir í fjórhjóladrif ef færð þyngist.

Elegance 2,0
- Sjálfskiptur
- 140 hestöfl
- 5 dyra

Sport 2,0
- Sjálfskiptur
- 140 hestöfl
- 5 dyra

X-Trail Sport
Listaverð: 3.100.000 kr.
Tilboðsverð: 2.790.000 kr.
Afsláttur: 310.000 kr.
33.018 á mán.*

X-Trail Elegance
Listaverð: 3.320.000 kr.
Tilboðsverð: 2.990.000 kr.
Afsláttur: 330.000 kr.
35.363 kr. á mán.*

www.nissan.is
Nánari upplýsingar um Nissan bílaflotann hjá Ingvari Helgasyni færðu á www.nissan.is

*Bílalán VÍS með 30% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

Fiton/SÍA FI011819

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 13:00–17:00

Hrísmýri 2a, 800 Selfossi, 482-3100 | Eyrarlandi 1, 530 Hvammstanga, 451-2230 | Sæmundargötu 3, 550 Sauðárkróki, 453-5141 | Holtsgötu 52, 260 Njarðvík, 421-8808 | Dalbraut 2b, 300 Akranesi, 431-1376 | Víkurbraut 4, 780 Höfn í Hornafirði, 478-1990 | Búðareyri 33, 730 Reyðarfjörður, 474-1453 | Sindragötu 3, 400 Ísafjörður, 456-4540 | Óseyri 5, 603 Akureyri, 461-2960



99 kr. dagurinn
99 kr/stk.
Barna flauelisbuxur
99 kr/stk.
Barna leggings
99 kr/stk.
Ungbarna buxur
99 kr/stk.
Ungbarna náttgallar
99 kr/pk.
Sokkabuxur
99 kr/stk.
Nærbuxur m/streng
99 kr/stk.
Dömu bolir
99 kr/parið
Inniskór
99 kr/parið
Inniskór
99 kr/parið
Dömu leðurhanskar
Tilboðin gilda 8. febrúar eða meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla


99 kr/stk.
Júmbó samlokur
99 kr/stk.
Risabrauð 1 kg
99 kr/stk.
KS súrmjólk
99 kr/pk.
Cheerios Berry Burst
99 kr/pk.
GK brauðskinka
99 kr/stk.
Ostar, hvítlauks, pipar og ítalskur
99 kr/pk.
Muffins sítrónu, banana
99 kr/stk.
French´s sinnep
99 kr/kg
Vatnsmelónur, gular melónur, Píel de Sabo
99 kr/pk.
Fanta 1 lítri
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

360 gráður

FBL GREINING – MINNIHLUTASTJÓRNIR

# Gæti vart gengið á Íslandi

**Öfugt** við það sem jafnan tíðkast á Íslandi er löng hefð fyrir minnihlutastjórnum í Danmörku. Starfa þá ríkisstjórnir án þess að flokkarnir sem að þeim standa hafi meirihluta þingmanna á bak við sig. Þetta er þó ekki með öllu óþekkt á Íslandi því frá lýðveldisstofnun hafa tvær slíkar starfað, ríkisstjórn Emils Jónssonar sem var við völd í tæpt ár frá 1958 -59 og ríkisstjórn Benedikts Gröndal sem starfaði í tæpa fjóra mánuði frá 1978-79. Minnihlutastjórnir starfa nú í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

**Minnihlutastjórnir** eru ýmist myndaðar af einum stjórnmálaflokki eða fleirum en njóta stuðnings flokka sem standa utan stjórnanna. Þeir fá jafnan eitthvað fyrir sinn snúð og er málefnum þeirra gert hátt undir höfði. Það er ýmist gert með skriflegum samningum eða óformlegu samkomulagi. Formið hefur þróast úr því að gera þurfi sérstaka samninga um hvert mál fyrir sig yfir í að stjórnirnar geti starfað óáreittar út kjörtímabilið og notið þess stuðnings sem þær þurfa.

**Ákveðin** rök mæla með því að stjórnmálaflokkar standi utan stjórnar en styðji hana og verji falli ef á reynir. Þeir njóta þess þá að ríkisstjórn þurfi að semja við þá um ákveðin mál og hafa þannig sterk ítök í landinu. Ábyrgð þeirra á verkum ríkisstjórna, þá helst því sem miður fer, er hins vegar engin.

**Lítil** völd íslenska þjóðþingsins mæla helst gegn því að minnihlutastjórnir starfi á Íslandi. Hér liggja völdin í raun hjá ráðherrunum en ekki á alþingi. Lagafrumvörp eru oftast samin á vegum ráðherranna og renna jafnan ljúflega í gegnum þingflokka stjórnarflokkanna og eru svo samþykkt lítið breytt í þinginu. Sú hefð sem skapast hefur í gegnum árin gerir það að verkum að minnihlutastjórnir gætu illa starfað á Íslandi. Þar sem minnihlutastjórnir starfa eru völd þingsins mun meiri en ella því ráðherrar þurfa oft að leita þverpólitískrar samstöðu þingsins fyrir málum sínum. ■



**ÓLÍK STAÐA**
Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, hefur stýrt minnihlutastjórn þar í landi en Davíð Oddsson stýrði lengi sterkum meirihlutastjórnum á Íslandi.

## SPURT & SVARAÐ

**AF HVERJU HEITIR VENSTRE VENSTRE?**

### Þingræðissinnar í den

„Þetta er sprottið af deilunum um þingræðið í Danmörku og gömlu vinstri hægri skiptingunni. Venstre var flokkur þingræðisins og á móti einveldinu. Hægri flokkarnir voru hins vegar hliðhollir konungi,“ segir Svanur Kristjánsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Mörgum hefur komið spánskt fyrir sjónir að Venstre heiti Venstre því flokkurinn er hægri flokkur en ekki vinstri. „Upphaflega er þetta bændaflokkur og þegar Jónas frá Hriflu var að endurvekja íslenska flokkakerfið vildi hann að Framsóknarflokkurinn héti Vinstriflokkurinn.“



SVANUR KRISTJÁNSSON PRÓFESSOR

**Er þetta ekki hægri flokkur?**
„Það er nú tiltölulega nýlega sem hann tók upp þessa frjálshyggju. En þetta er allt mjög skrítið, þetta er frjálshyggjuflokkur sem þó stendur vörð um velferðarkerfið. Um leið er hann andvígur innflytjendum. Þá byggir hann á hagfræðistefnu nýfrjálshyggjunnar; lofar að hækka ekki skatta en boðar samt ekki skattalækkanir.“ ■

Íslendingar búsettir í Danmörku hafa fylgst vel með dönsku kosningabaráttunni en kosið er í dag:

# Loksins orðið spennandi

Kosningabaráttan í Danmörku var snörp og hröð. Boðað var til kosninganna með rúmlega þriggja vikna fyrirvara og því þurftu frambjóðendur að láta hendur standa fram úr ermum. Í fyrstu benti allt til öruggs sigurs núverandi stjórnarflokka en stjórnarandstaðan hefur sótt í sig veðrið og bilið minnkað.

179 þingmenn sitja í danska þinginu. 175 eru kjörnir í Danmörku, tveir í Færeyjum og tveir á Grænlandi. Núverandi stjórn hefur ágætan meirihluta á bak við sig, 98 þingmenn gegn 77 þingmönnum stjórnarandstöðunnar.

Framan af þótti kosningabaráttan ekki mjög málefnaleg en það hefur breyst. Megináhersla hefur verið lögð á efnahagsmál, atvinnumál og málefni aldraðra og fjölskyldunnar upp á síðkastið.

Fréttablaðið ræddi gang kosningabaráttunnar við þrjá Íslendinga búsetta í Danmörku. **- bþs**

Jón Sverrir Hilmarsson, Árósum:

## Mikið rætt í kaffitímunum

„Kosningabaráttan setur mikinn svip á samfélagið,“ segir Jón Sverrir Hilmarsson, sem búið hefur í Árósum síðan í apríl. Sjálfur hefur hann gaman af atinu og fylgist með, þrátt fyrir að hafa ekki kosningarétt. „Það er mikið fjallað um stjórnmálin í fjölmiðlum og eins kemst ekkert annað að í kaffitímunum. Vinnufélögum mínum er jafnan mikið niðri fyrir,“ segir Jón Sverrir og bætir við að flestir séu þeir á bandi Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra og foringja hægri flokksins Venstre. Hann segir atvinnumálin efst á baugi enda hafi mörgum verið sagt upp störfum á síðasta kjörtímabili. „Stjórnarandstaðan hefur hamrað mjög á þessum staðreyndum og gagnrýnt ríkisstjórnina harðlega.“ Skoðanakannanir benda þó til að sú gagnrýni bíti ekki á stjórnina því nýjustu kannanir benda til að hún haldi velli.

Jón Sverrir ætlar að fylgjast með kosningavöku sjónvarpsstöðvanna í kvöld enda áhugasamur um gang mála. „Jújú, þetta er þrælskemmtilegt og eins og á Íslandi þá kemst ekkert annað að í umræðunni.“ ■



**LITIÐ UNDAN**
Stúlkan á hjólinu beinir sjónum sínum að einhverju allt öðru en andlitum stjórnmálaforingjanna á auglýsingaspjöldunum. Danir ganga að kjörborðinu í dag.

Bylgja Sigurðardóttir, Óðinsvéum:

## Orðið of amerískt




„Þetta er orðið svolítið amerískanskt,“ segir Bylgja Sigurðardóttir sem hefur búið í Danmörku í ellefu ár og er nú búsett í Óðinsvéum. „Það er meiri harka í kosningunum nú en síðast, skítkastið er meira.“ Bylgja segir augu margra hafa beinst að Radikal Venstre og Marianne Jelved þingflokksformanni en ólíkt flestum öðrum hefur flokkurinn ekki gefið upp hvorn stóru flokkanna hann myndi styðja í ríkisstjórn. Efnahagsmál voru áberandi í umræðunni framan af kosningabaráttunnen en síðustu daga hafa félagsleg málefni orðið ofan á í umræðunni. „Það er mikið talað um málefni aldraðra og aðstæður barnafjölskyldna og námsmanna.“

Bylgju verður tíðrætt um þann bandaríska svip sem dönsku kosningarnar hafa fengið og nefnir sem dæmi að fjölmennir kosningafundir frambjóðenda séu í líkingu við kappleiki, miklar skrautsýningar með klappi og látum. „Dönum finnst þetta ekki góð þróun. Svo er rætt um að áróðursmeistarar hljóti að hafa farið höndum um Lykketoft, leiðtoga jafnaðarmanna, hann hefur breyst svo mikið. Skeggið er farið og hárið orðið snyrtilegra. Þá er hann orðinn skilningsríkari og samúðarfyllri en áður.“ ■

Guðmundur Daníelsson, Kaupmannahöfn:

## Nánast ljóst hvernig fylgið liggur

„Kosningabaráttan hefur verið fyrirferðarmikil enda háð á skömmum tíma,“ segir Guðmundur Daníelsson sem hefur búið í Kaupmannahöfn í fimm ár. Hann segir mestu púðri hafa verið eytt í umræður um útlendinga, skatta og atvinnumál. „Atvinnuleysið hefur aukist mikið í valdatíð núverandi stjórnar þó aðeins hafi tekist að klóra í bakkann að undanförnu.“

Guðmundur segir stóru flokkana tvo, Venstre og Jafnaðarmannaflokkinn, hafa leitt umræðurnar fyrir kosningarnar og því lítið heyrst frá öfgaflokkunum sem til dæmis eru á móti innflytjendum.

Spennan er ekki mikil að mati Guðmundar sem býst ekki við mikilli kosningabaráttu.“ Það er búið að mæla fylgi flokkanna sundur og saman þannig að menn vita nánast hvernig fylgið liggur. Það bendir allt til að stjórnin haldi velli og fyrir vikið er áhuginn á kosningunum minni en ella. Um leið er því spáð að kosningaþátttakan verði ekkert mjög góð.“ Það dregur líka eins úr áhuganum að flokkarnir ganga ekki óbundnir til kosninga líkt og á Íslandi. Flestir hafa gefið út með hverjum þeir vilja starfa að kosningunum loknum.

Guðmundur segir kosningavökurnar í kvöld verða með svipuðum hætti og á Íslandi. Flokkarnir efni til hátíða og öllu verði sjónvarpað. ■


Nýtt Líf
er komið út

Milli lífs og dauða
Unnur Anna Valdimarsdóttir

Gætirðu lifað án kynlífs?
Ókynhneigðir brjótast út úr skápnum

10
Best klæddu Íslendingarnir




Birgitta Haukdal
um bróðurmissi og ástirnar þrjár

Íslensk hönnun

Office 1 Superstore

# Febrúartilboð

## FARTÖLVA

NEC Versa M500C

- Centrino örgjörvi
- Létt - aðeins 2.6 kg
- Innbyggt þráðlaust net.

- Intel® Pentium®M 710 Örgjörvi
- L2 Cache: 2MB for Intel® Pentium® M
- 512MB DDR SDRAM
- HDD: 40GB
- DVD / CD-RW combo drif
- Rafhlaða : 6-cell Li-Ion - 4000 mAh
- USB tengi: 4x USB 2.0
- LAN: 10/100M base-T LAN
- Wireless LAN: Intel® PRO/Wireless 2200BG)
- Ummál: (WxDxH): 318 x 277 x 22~36.7 mm
- Þyngd: 2.6kg
- Hyugbúnaður MS Works 7.0

*Windows xp pro FYLGIR*

2ja ára neytenda-ábyrgð!

**119.900,-**

**Verð áður 139.900,-**

15% AFSLÁTTUR!

**15% afsláttur af öllum dufthylkjum í febrúar!**

## aidata

### Fartölvustandur

Vörunúmer: 006NS001BU-EGI

4 USB tengi!

**1.995,-**

**Verð áður 3.495,-**

## Skjávarpi

EPSON

Epson EMP S1L myndvarpi

Vörunúmer: V11H61140EA

- SVGA upplausn (800 x 600) • Styður XGA í þjöppun (1024 x 768)
- 3,2 kg, stærð 265 x 370 x 106 mm • 1200 ANSI Lumens • 400:1 skerpa
- Hentar fyrir 30" - 300" flöt • Fjarstýring • Hljóðlátur 33 dB
- Lampaending 2000 klst

TAKMARKAÐ MAGN!

**69.900,-**

**Verð áður 109.900,-**

## Límbandsstatíf

Vörunúmer: 001C10-EGI

NÝTT

37% AFSLÁTTUR!

**495,-**

**Verð áður 795,-**

## Blaðabakkar

Fallegir plastbakkar í mörgum litum.

Vörunúmer: [illegible]

50% AFSLÁTTUR!

**199,- pr. stk.**

**Verð áður 395,-**

## Ljósritunarpappír

A4 - 500 blöð í pakka 80 gr.

Rykfrír og mjög þéttur pappír. Pappír sem tæknimennirnir mæla hiklaust með. 5 pakkar í kassa

Vörunúmer: 1601007010-OFF

1 pakki **299,-***

1 kassi **1.495,-**

* ef þú kaupir 1 kassa

## Tölvumús

Labtec

Labtec optical mús m/ vefhjóli.

Vörunúmer: 911530-0914

ÓDÝRT

**1.999,-**

**Verð áður 2.999,-**

## Ruslafötur

18 lítra ruslafötur í mörgum litum.

Vörunúmer: 3501818

50% AFSLÁTTUR!

**295,- pr. stk.**

**Verð áður 595,-**

## Vasareiknivél

CORA vasareiknivél tk-400-b

Vörunúmer: 492tk400-egi

- Stillanlegur skjár
- 7 stafa skjár
- Stórir tölustafir

**395,- pr. stk.**

**Verð áður 695,-**

## • • Afgreiðslutímar verslana!

*Office 1 Smáralind*

*Virka daga frá 11-19, laugardaga 11-18, sunnudaga 12-18*

*Office 1 Skeifunni 17 •*

*Office 1 Akureyri • Office 1 Egilsstöðum*

*Virka daga frá 10-18, laugardaga frá 11-16*

Pantanir 550 4111
Fax 550 4101
www.office1.is
pontun@office1.is

Office 1 Superstore

Það er bara einn sem er alltaf ódýrastur!

Tilboðin gilda í febrúar 2005 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur. Umbrot: Turninn Prentun: Ísafoldaprentsmiðja.

# Lægsta verðið 10.00




Heimsferðir kynna glæsilegt úrval ferða sumarið 2005 til vinsælustu áfangastaða Íslendinga á ótrúlegu verði. Um leið kynnum við nýja og spennandi áfangastaði fyrir ferðaþyrstum Íslendingum með það að markmiði að opna þeim heiminn á nýju ári.

Ár eftir ár hefur okkur tekist að lækka verðið til viðskiptavina okkar en jafnframt að tryggja okkur bestu gististaði á hverjum áfangastað og um leið þjónustu traustra félaga með nýja flugflota. Ekkert tryggir þér betur ánægjulegt frí en mikil reynsla Heimsferða í skipulagningu ferða.

# 0 kr.* afsláttur fyrir þá sem bóka strax

**Bókaðu beint á netinu**
**www.heimsferdir.is**

# Allt að 35% verðlækkun
## miðað við verð í fyrra

**Mörg tímabil á Castle Beach að seljast upp**



## Costa del Sol

**29.900 kr.**

Vikulegt flug í allt sumar. Hjá Heimsferðum tryggir þú þér bestu hótelin og lægsta verðið.

Flugsæti með sköttum, m.v. hjón með 2 börn. Netverð.

**Króatía slær í gegn. Margar brottfarir að seljast upp**



## Króatía

**26.995 kr.**

Staðurinn sem sló í gegn í fyrra.

Flugsæti með sköttum, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára. 2. júní.

**Margar brottfarir til Mallorca að seljast upp**



## Mallorca

**38.895 kr.**

Vikulegt flug í allt sumar og glæsilegir nýir gististaðir.

M.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, 22. júní, Brasilia, vikuferð með sköttum og 10.000 kr. afslætti. Netverð.

**Bókunarmet til Rimini fyrstu vikuna**



## Rimini

**23.495 kr.**

Vinsælasti áfangastaður Ítalíu í vikulegu flugi með Heimsferðum.

Flugsæti með sköttum, m.v. hjón með 2 börn á völdum dagsetningum. Netverð

**Sala hafin! - Ath. tilboð á fyrstu 300 sætunum**



## Portúgal

**26.995 kr.**

Vikulegt flug í allt sumar. Glæsileg hótel með frábærri staðsetningu á vinsælasta áfangastaðnum í Portúgal.

Flugsæti með sköttum, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára.

**Sala hafin! - Ath. tilboð á fyrstu 300 sætunum**



## Benidorm

**18.990 kr.**

Vikulegt flug í allt sumar. Kynntu þér nýja Heimsferðahótelið þar sem þér býðst gisting á hreint ótrúlegu verði.

Flugsæti ti Alicante með sköttum, gildir í valdar brottfarir. Netverð

## Prag – Budapest – Barcelona
## Sitges – Costa Dorada – Lloret de Mar – Costa Brava
## Lúxussiglingar um – Miðjarðarhafið
– Svartahafið
– Eystrasaltið

*Takmarkaður fjöldi sæta, bókun fyrir tiltekinn tíma. Sjá sumarbækling Heimsferða.

Heimsferðir

**Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • www.heimsferdir.is**

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Norðurlönd eru hvergi á dagskrá heimsóknar bandaríska utanríkisráðherrans.

## Ferð Rice til Evrópu og Ísraels

Utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Condoleezza Rice, er nú í fyrstu utanlandsferð sinni sem utanríkisráðherra. Hún heimsækir valin ríki í Evrópu auk Mið-Austurlanda. Heimsókn hennar þangað nú, um og eftir helgina, á vonandi eftir að bera ríkulegan ávöxt, þótt hún sitji ekki leiðtogafundinn í Egyptalandi. Hún byrjaði á því fyrir helgi að heimsækja helsta bandamann Bandaríkjanna í Evrópu, Tony Blair forsætisráðherra Breta, til að innsigla vináttu þjóðanna og samstöðuna í Íraksstríðinu. Ferðaáætlun Rice er eftirtektarverð og speglar vel áherslur Bandaríkjastjórnar í samskiptum sínum við Evrópulönd. Eftir fundi með Blair og fleiri ráðamönnum í Bretlandi fór utanríkisráðherrann til fundar við Gerhard Schröder, kanslara Þýskalands, sem hefur ekki verið alveg sammála Bandaríkjastjórn í afstöðunni til Íraks. Þau hafa væntanlega skýrt sjónarmið sín til sameiginlegra mála. Næst lá leiðin til Póllands sem hefur verið að gera sig sífellt meira gildandi á alþjóðavettvangi. Þeir hafa sent lið til Íraks og heimsókn bandaríska utanríkisráðherrans til Varsjár er því engin tilviljun.

> **Ráðherrann hvatti í gær Ísraela og Palestínumenn að leysa mál sín sjálfir. Jafnframt tilkynnti hún um skipan sérstaks öryggisfulltrúa Bandaríkjastjórnar til að fylgjast með þróun mála á svæðinu og greiðslu fyrstu upphæðarinnar af því fjárframlagi sem Bush Bandaríkjaforseti hefur tilkynnt um.**

Norðurlönd eru hvergi á dagskrá heimsóknar Condoleezzu Rice til Evrópu, enda kalda stríðinu fyrir löngu lokið og Norður–Atlantshafið ekki eins mikilvægt fyrir Bandaríkin og áður. Nú er mikilvægara fyrir Bandaríkjastjórn að rétta við málstað sinn í Bretlandi og á meginlandi Evrópu og endurgjalda stuðning við Íraksstríðið. Þess vegna lá leið ráðherrans frá Póllandi til Tyrklands, en án aðstöðunnar í Tyrklandi hefði verið erfitt fyrir Bandaríkjamenn að stunda hernaðinn í Írak. Ráðherrann hvatti í gær Ísraela og Palestínumenn til að leysa mál sín sjálfir. Jafnframt tilkynnti hún um skipan sérstaks öryggisfulltrúa Bandaríkjastjórnar til að fylgjast með þróun mála á svæðinu og greiðslu fyrstu upphæðarinnar af því fjárframlagi sem Bush Bandaríkjaforseti hefur heitið Palestínumönnum til að endurreisa fjárhag þeirra.

Í síðari hluta ferðarinnar leggur svo bandaríski utanríkisráðherrann leið sína til Ítalíu og Frakklands, en endar svo í Brussel þar sem hún á fund með utanríkisráðherrum Natóríkjanna. Íslendingar fylgjast kannski einkum og sér í lagi með þeim fundi, þar sem Davíð Oddsson utanríkisráðherra verður væntanlega okkar fulltrúi. Fundur Condoleezzu með starfsbræðrum sínum í Evrópu er stuttur, en það er á fundum sem þessum sem hlutirnir gerast. Stjórnvöld hér hafa átt í viðræðum við Bandaríkjastjórn um veru Varnarliðsins á Íslandi, en nú um nokkurn tíma hefur ekkert heyrst um það mál sem á að vera í höndum embættismanna. Vonandi kemst skriður á málið ef Davíð nær fundi Condoleezzu í Brussel svo einhverjar skýrar línur fáist í það á næstu mánuðum. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hættuleg viðtöl

Það virðist geta fylgt því nokkur áhætta fyrir frammámenn í viðskiptalífinu að láta taka við sig viðhafnarviðtal í dagblaði eða tímariti. Fylgni hefur um skeið greinst á milli slíkra viðtala og skyndilegs brotthvarfs viðkomandi persónu úr forstjórastól. Þetta byrjaði með opnuviðtali Morgunblaðsins við Halldór Guðmundsson, forstjóra Eddu, vorið 2003. Nokkrum vikum eftir að það birtist var nýr forstjóri ráðinn. Erlendur Hjaltason lét síðan af starfi framkvæmdastjóra hjá Eimskipafélaginu í fyrravor, nokkrum dögum eftir að Morgunblaðið birti við hann viðtal um stórhuga framtíðaráform hans hjá félaginu. Sigurður Helgason, forstjóri Flugleiða, horfði einnig til framtíðar sem „maður ársins“ í forsíðuviðtali við Frjálsa verslun um áramótin en dreifingu tímaritsins var rétt að ljúka þegar tilkynnt var um starfslok hans. Fyrir rúmri viku birti Viðskiptablaðið forsíðuviðtal við Emil Grímsson, forstjóra Toyota-umboðsins, um óvenjugóðan árangur hans í starfi. Um helgina var greint frá starfslokum hans hjá fyrirtækinu.



### Hittir hann spunakarlana?

Össur Skarphéðinsson ríður ekki feitum hesti frá skoðanakönnunum þessa dagana. Er ekki nema eðlilegt að hann sé ósáttur og bendi á – réttilega – að túlka megi spurningar og svör á ýmsa vegu. En það er alger óþarfi að jafn skynsamur og reyndur stjórnmálamaður og hann dragi sendiboða válegra tíðinda til ábyrgðar og kenni þeim um ófarir sínar eins og Össur gerir með því að að uppnefna Fréttablaðið „Baugsveldið“ í tengslum við skoðanakönnun blaðsins. Ef eitthvert samsæri er í gangi gegn formanninum er það innan Samfylkingarinnar en ekki á fjölmiðlunum. Svo er bara að vona að Össur nái áttum í London þar sem hann verður staddur fram á miðvikudag. Á blogginu hans má heyra að hann ætlar að lyfta sér upp með leikhúsferð og svo langar hann að hitta einhverja málsmetandi menn í höfuðstöðvum breska Verkamannaflokksins. Nú er spurningin hvort hann nái þar sambandi við hina frægu spunakarla Blairs forsætisráðherra. Þá gæti nú aldeilis færst fjör í formannskeppnina hér heima!

gm@frettabladid.is

## Flugvöllur okkar allra

Í DAG
FLUGVALLARMÁLIÐ



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

Erum við Íslendingar virkilega svo aðþrengdir með byggingarland að við þurfum að leggja Reykjavíkurflugvöll og Öskjuhlíð undir húsbyggingar? Þarf miðbær Reykjavíkur að vera nafli heimsins okkar? Þarf hann yfirleitt að vera þar sem hann er núna?

Staðsetning innanlandsflugvallar hefur verið deiluefni um langa hríð. Mörg rök hníga að því að óheppilegt sé að hafa innanlandsflugvöll í Vatnsmýrinni, rétt við miðbæ höfuðborgarinnar, rétt við Háskóla Íslands og fleiri mikilvægar þjónustustofnanir. Til staðar er ágætur flugvöllur á Miðnesheiði í u.þ.b. 40 km fjarlægð og ætti ekki að vera neinum um of að bæta því ferðalagi við flugferðina. Eða hvað?

Meirihluti farþega í innanlandsflugi er líklega Íslendingar. Sumir ferðast í einkaerindum en margir eru á ferðinni vinnu sinnar vegna. Þeir þurfa að reka erindi hjá fyrirtækjum og stofnunum á landsbyggðinni annars vegar og í höfuðborginni hins vegar. Þeim fer m.a.s. fjölgandi sem fljúga reglulega milli heimilis og vinnu skv. nýlegri könnun. Opinberar stofnanir eru margar hverjar staðsettar í miðbæ Reykjavíkur. Eftir að flugvélin lendir á Reykjavíkurflugvelli er um 15 mínútna gangur niður á Lækjartorg, í Alþingishúsið eða Stjórnarráðið svo dæmi séu tekin. Það tekur um 5 mínútur að aka þessa leið í leigubíl og kannski tíu mínútur með strætisvagni. Dýrasti kosturinn er leigubíll en kostar samt lítilræði. Til samanburðar tekur 40-50 mínútur að ferðast með rútu milli Keflavíkurflugvallar og miðbæjar Reykjavíkur og kostar 1.150 krónur aðra leiðina. Það þýðir að fargjald vegna innanlandsferðar hækkar um 2.300 krónur eða um allt að 30%. Flug milli Reykjavíkur og Akureyrar tekur um 30 mínútur þannig að ferðatími ríflega tvöfaldast ef flugvél lendir í Keflavík en ekki í Reykjavík. Þá er enn ónefndur sá kostnaður sem hlýst af því að beina flugfarþegum með þessum hætti í aukinn akstur, að senda alla í bíl þessa 40 km fram og til baka fyrir hverja flugferð. Skjóta má á að bílum á Reykjanesbrautinni gæti fjölgað um allt að 200 á dag. Eitthvað kostar það þjóðarbúið og þar með okkur öll fyrir utan þá hættu sem tölfræðin og reynslan sýnir okkur að fylgir bílaumferðinni, því miður.

> **Verði þjónusta við innanlandsflug flutt til Keflavíkur getur ferðatími ríflega tvöfaldast.**

Það er því augljóst óhagræði að því fyrir flesta sem ferðast innanlands að lenda á Keflavíkurflugvelli í stað Reykjavíkurflugvelli, a.m.k. við núverandi aðstæður. Þeir einu sem hefðu hagræði af slíkri breytingu væri landsbyggðarfólk á leið til útlanda. Og þó ekki því vandséð er að flugtími í innanlandsflugi og millilandaflugi verði samstilltur þannig að ekki þurfi að bíða umtalsvert eftir því að komast áfram leiðar sinnar, jafnvel yfir nótt. Þá fer hagræðið fyrir lítið.

Margir telja brýnt að þétta byggð í Reykjavík, efla miðbæinn og styrkja. Vafalaust hafa þeir talsvert til síns máls. En þarf að fórna flugvellinum? Er sjálfgefið að varðveita eigi gömul hús í Þingholtunum og víðar, bara af því að þau eru gömul. Nú má ekki misskilja. Sú er hér ritar er einlægur stuðningsmaður verndunar af ýmsu tagi, bæði landslags- og menningarverðmæta. Það þarf hins vegar ekki að þýða að geyma skuli og varðveita allt gamalt. Mönnum verður tíðrætt um gömlu húsin við Laugaveginn, lúin timburhús þar sem brunavörnum er áfátt og slökkviliðsmenn óttast fátt meira en eldsvoða á því svæði. Húsin eru eldsmatur og nánast tímasprengja. Væri ekki hægt að velja nokkur falleg sýnishorn til viðhalds og jafnvel endurnýjunar en fórna öðrum fyrir nýjar og fallegar byggingar sem rúma gott miðbæjarmannlíf og þjónustu?

Eigi þjónusta innanlandsflugs að flytjast til Keflavíkur dregur mjög úr mikilvægi höfuðborgarinnar fyrir landsbyggðina. Eigi opinber þjónusta að vera fyrir landsmenn alla er spurning hvort ekki ætti þá bara að flytja þessa þjónustu með fluginu til Keflavíkur? Það væri kannski upplagt. Ég er viss um að Keflvíkingar tækju því fagnandi og kannski Keflavík ætti bara að verða ný höfuðborg landsins? En þá færi útreiknað hagræði og ágóði af því að fá flugvöllinn sem byggingarland fyrir lítið. Reyndar er vandséð að sátt næðist um að flytja öll þau störf suður á Suðurnes, nóg hafa nú átökin verið um þau fáu störf sem flutt hafa verið úr Reykjavík út á land fram til þessa.

Það er landsbyggðarfólki mikið hagsmunamál að samgöngur innanlands séu greiðar, bæði á láði og í lofti. Það er Íslendingum mikið hagsmunamál að efla og styrkja landsbyggðina, þar eru í húfi menningarverðmæti sem vart verða metin til fjár fyrir utan öll önnur verðmæti. Færeyingar hafa gjarnan litið til Íslendinga og sótt hingað fyrirmynd í ýmsum málum. Kannski nú sé tímabært fyrir Íslendinga að læra af Færeyingum sem hafa eflt og styrkt sína landsbyggð með miklum sóma og m.a. lagt alla áherslu á greiðar samgöngur milli byggðarlaga. ■

*Röng grein birtist á þessum stað í blaðinu í gær undir nafni Guðmundar Andra Thorssonar. Er beðist velvirðingar á því. Réttu greinina, „Skurðavernd“, er að finna á skoðanasíðunni á netmiðlinum Vísi.*









FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK 9.45 | 13.42 | 17.40 |
| AKUREYRI 9.40 | 13.27 | 17.14 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

## hús o.fl.

Ryksugan tengd beint í vegg

Bls. 3



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

## Góðan dag!

**Í dag er þriðjudagur 8. febrúar, 39. dagur ársins 2005.**




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

## Smáauglýsingar

*byrja í dag á bls. 7*

**Flokkar & fjöldi**

**Bílar & farartæki** 86 stk.
**Keypt & selt** 31 stk.
**Þjónusta** 41 stk.
**Heilsa** 6 stk.
**Skólar & námskeið** 2 stk.
**Heimilið** 11 stk.
**Tómstundir & ferðir** 5 stk.
**Húsnæði** 13 stk.
**Atvinna** 13 stk.
**Tilkynningar** 2 stk.

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir



AINO REYNIR AÐ KOMA HREYFINGUNNI INN Í DAGLEGT LÍF

# Vinnan oft ágætis líkamsrækt

***Aino Freyja tók nýverið við ritstjórn tímaritsins Í formi og hefur sjálf ýmsar aðferðir til þess.***

Aino Freyja Järvelä er önnum kafin kona með mörg járn í eldinum. Hún er sjálfstætt starfandi leikkona, dansari, leikstjóri og leiðsögumaður. Eins og þetta sé ekki nóg þá tók hún nýverið við starfi ritstjóra tímaritsins Í formi. Svo það liggur beint við að spyrja hvernig hún heldur sér í formi.“ Það fer eftir veðri og vindum. Mér finnst mjög gott að fara í sund og svo tók ég upp á því í fyrra að hlaupa úti og hljóp sjö kílómetra í Reykjavíkurmaraþoninu. Hlaupin detta niður á veturna því ég er ekkert sérstaklega spennt fyrir því að hlaupa í kulda, hálku og roki. Á fimmtudögum hitti ég systur mína og saumaklúbbinn hennar og annaðhvort göngum við rösklega eða hlaupum. Á eftir förum við svo í sund þar sem systir mín er að kenna mér skriðsund. Ég syndi yfirleitt hálfan kílómetra á fimmtudögum en annars heilan. Á sumrin legg ég bílnum og hjóla minna ferða.

Ég reyni að koma hreyfingunni inn í daglega lífið og geng milli staða frekar en að keyra. Ég kenni dans í sviðslistadeild Námsflokka Hafnarfjarðar og það er ofsalega gaman. Mig langar að fara aftur í dans. Dansinn reynir á alla vöðva og samhæfingu og flæði og allt. Svo er ég oft að leika í líkamlega krefjandi sýningum og þá er vinnan eiginlega orðin að líkamsrækt.“

Hún hefur líka grætt á því að vinna við tímaritið Í formi. „Ég finn oft lausnir í blaðinu og prófa það sem þar er kynnt á sjálfri mér. Þó fer aðeins eftir hvað það er. Ég held til dæmis að ég eigi dálítið langt í að hlaupa úti á veturna.“ En hvað gerir hún þegar veðrið er vont? „Ég fór á námskeið í Rope Yoga fyrir ári og þegar veðrið kemur í veg fyrir að ég fari í sund eða út að hlaupa eða hjóla þá geri ég nokkrar æfingar og það er alveg frábært.“ ■

## LIGGUR Í LOFTINU

*í heilsu*

**Samkvæmt nýrri rannsókn** er hætta á sýkingu hjá konum sem fara í brjóstastækkun 2,5 prósent. Frá þessari rannsókn er greint á fréttasíðu BBC en rannsóknin var gerð á tíu þúsund manns. Fyrir konur sem láta byggja upp brjóst eftir krabbameinsmeðferð er sýkingarhættan allt að tíu sinnum meiri. Breska ríkisstjórnin ætlar að herða reglur um fegrunaraðgerðir. Rannsókn þessi var gerð við háskólann í Genf í Sviss en flest sýkingartilfelli koma upp strax eftir aðgerð.



**Ný bresk rannsókn** sýnir fram á að börnum sem búa í reykmettu umhverfi er þrisvar sinnum hættara við að fá lungnakrabbamein seinna á ævinni en þeim sem búa við reyklausar aðstæður. Frá þessu er sagt á doktor.is en í rannsókninni var fylgst með 123.479 einstaklingum sem höfðu orðið fyrir óbeinum reykingum sem börn. Á sjö ára tímabili fengu 97 manns lungnakrabbamein og tuttugu í viðbót fengu tengd krabbamein í barkakýli. Enn fremur létust fjórtán úr lungnavinnum öndunarfærasjúkdómum.

*heilsa@frettabladid.is*



**Gluggaúði**
Útbúðu þinn eigin gluggaúða með því að setja 60 ml af ediki í 750 ml af vatni. Blöndunni skaltu koma fyrir í hreinum úðabrúsa svo hægt sé að úða henni jafnt yfir glerið sem á að þrífa.



S.Ó. Garðverk
Fagmennska í fyrirrúmi
PALLASMÍÐI, HELLULÖGN, TRAKTORSGRAFA, MINI-VÉL OG VÖRUBÍLL MEÐ KRABBA
Sigurður Ólafsson
S: 822 3650

Parketsalan.is
UV olíuborið
Gegnheil Gólfborð
Tilboðsdagar 3-12 feb.
Verð frá Kr. 2350 pr. ferm
Parketsalan ehf
Hringbraut 119, S.5526699

Fissler
pottar og pönnur
- finndu muninn!
búsáhöld
KRINGLUNNI
sími 568 6440

Gæða hús handa þér
Bjálkahús ehf
Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.
Hús okkar eru byggð til að endast.
Á fjórðahundrað hús hafa verið byggð.
einingahús-bjálkahús-sumarhús
www.husogheimili.is
Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
HÚSogheimili - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
Hurðir til á lager
Eldvarnar-hurðir
Smíðað eftir máli
Öryggis-hurðir
GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

GÍTARINN EHF.
www.gitarinn.is STÓRHÖFÐA 27 -SÍMI: 552 2125 gitarinn@gitarinn.is
Erum að taka upp nýja sendingu
Rafmagnsgítarpakki verð frá kr. 27.900
Rafmagnsgítar, magnari, poki, ól, snúra og gítarneglur.
Þjóðlagagítar frá kr. 14.900
Trommusett með öllu, ásamt æfingarplöttum og kennslumyndbandi rétt verð kr. 73.900.- tilboðsverð kr 54.900.-
BJÓÐUM UPPÁ RAÐ- OG LÉTTGREIÐSLUR



**Þórólfur Árnason er hrifnastur af borgarhlutum þar sem öllu ægir saman.**

# Reykjavík öðrum borgum fegurri

***Þórólfi Árnasyni, fyrrverandi borgarstjóra, finnst forhannaðar og rúðustrikaðar borgir skorta manneskjulega hlýju.***

„Gamla Landspítalahúsið kemur fyrst í hugann, það er fallegt og stílhreint hús í alfaraleið,“ segir Þórólfur Árnason, fyrrverandi borgarstjóri, spurður um uppáhaldshús í borginni.

Hann er hæstánægður með hvernig Reykjavík er að þróast og finnst hún bera af öðrum borgum. „Ég er mjög hrifinn af arkitektúr Guðjóns Samúelssonar og því hvernig menn voru að þróa sig áfram í byggingu steinhúsa á árunum 1920 til 1930. Ég bý við Bergstaðastræti og bæði þar og við Laufásveginn eru mörg skemmtileg hús frá þessum tíma.“

Í myndinni „How do you like Iceland?“, sem nýlega var sýnd í sjónvarpi, fengu Íslendingar á sig gagnrýni útlendinga sem þótti arkitektúr á Íslandi ófrumlegur og jafnvel beinlínis ljótur. Þórólfur er algjörlega ósammála því. „Reykjavík ber af þeim borgum sem ég þekki að fjölbreytileika húsagerða og manneskjulegu umhverfi. Ég hef víða farið og finnst Reykjavík alltaf langfallegust.“

Þórólfur segist helst heillast af gömlum borgarhverfum í útlöndum, þar sem öllu ægir saman. „Það er nú einu sinni þannig að skipulag sem unnið er að smátt og smátt nýtur meiri hylli almennings en þaulskipulagðar, forhannaðar og rúðustrikaðar borgir. Með fullri virðingu fyrir skipulagshöfundum, þá er oft eins og þeim sjáist yfir að gera umhverfið nógu manneskjulegt og fjölbreytt. Mannsaugað vill fjölbreytnina,“ segir hann og óttast ekki um framtíðarskipulag borgainnar. „Endurreisn miðbæjarins er í fullum gangi og undanfarin ár hefur verið mikið unnið í deiliskipulagi fyrir Laugaveg og Hverfisgötu og allt niður að strönd. Ég tel það mjög til bóta að fjölga íbúðum á þessu svæði því við það fjölgar fólki og mannlíf eykst. Það eru líka mikil tækifæri við tónlistar- og ráðstefnuhúsið og uppbyggingu á verslunar- og þjónustustarfsemi tengt menningarlífi í miðborginni. Ég sé ekkert nema bjarta framtíð í þróun Reykjavíkur.“ ■

## Óvenjulegar ástargjafir

KOMDU ÁSTINNI ÞINNI SKEMMTILEGA Á ÓVART.

Nú nálgast Valentínusardagurinn og konudagurinn og margir farnir að spá í gjafir handa elskunni sinni. Hvernig væri að breyta aðeins til núna og gefa eitthvað annað en blóm og konfekt. Athugaðu hvað má betur fara á heimilinu og reyndu að laga það – það er voðalega rómantískt að koma ástinni sinni skemmtilega á óvart á óhefðbundinn máta. ■



**Komdu skipulagi á fataskápinn og gleddu ástina þína.**

**Þú getur...**

...tekið fataskápinn í gegn. Komið fyrir fleiri hillum og herðatrjám og komið skipulaginu í lag.

...gert við kranann sem er búinn að leka alltof lengi.

...skipt um brotinn glugga.

...gert við hurðir sem skellast aftur og halda fyrir ykkur vöku á stormasömum nóttum.

...notað hugmyndaflugið. Þú hlýtur að finna eitthvað.

## Hafðu það huggulegt

GOTT ER AÐ GERA SVEFNHERBERGIÐ EINS RÓANDI OG HÆGT ER.

Svefnherbergi er griðastaður og því er nauðsynlegt að hafa rýmið eins afslappandi og hægt er. Ef þú ert að flytja inn í nýja íbúð og endurskipuleggja öll herbergi þá ættir þú að huga vel að svefnherberginu svo þér líði sem best.

• Áætlaðu rými fyrir rúmið. Skildu eftir auðan vegg fyrir rúmið og hafðu vegginn svolítið breiðan svo þú getir komið stóru og góðu rúmi fyrir.

• Leggðu vinnu í loftið. Málaðu það í ljósum og fallegum litum og reyndu að hafa það eins og huggulegt og hægt er. Ef bitar eru í loftinu þá er betra að taka þá í burtu því þeir íþyngja andrúmsloftinu.

• Stjórnaðu sólarljósinu. Fáðu þér nýja glugga og gluggatjöld svo þú getir stjórnað birtunni á hvaða tíma dags sem er, á hvaða árstíð sem er.

• Hafðu það innbyggt. Innbyggð húsgögn spara pláss og hindra að þú rekist á húsgögnin, sérstaklega ef svefnherbergið er lítið.



**Gott er að hafa auðan vegg fyrir rúmið svo það njóti sín sem best.**

# Hefja framleiðslu á parketti úr amerískum harðvið

***Geo plank er nýtt fyrirtæki í Grindavík sem flytur inn og þurrkar bandarískan harðvið með einstökum hætti.***

„Við kaupum bara bestu spýturnar á Austurströnd Bandaríkjanna og flytjum hingað til lands. Viðartegundirnar eru fjórar: hnota, eik, hlynur og kirsuber,“ segir Stefán Jónsson, einn stofnenda Geo plank í Grindavík. Auk Stefáns eru eigendur þeir Þórður H. Hilmarsson og Ingi G. Ingason. „Við höfum legið yfir þessari hugmynd í nokkur ár og vildum finna leið til að nýta orkuna hér við þurrkun viðarins. Það tókst og við erum að sigla af stað,“ segir Stefán.

Framleiðslan fór af stað í liðinni viku og að sögn Stefáns eru menn enn að læra á tækjabúnaðinn. Viðurinn er fluttur hingað blautur í gámum. „Við erum með alveg einstaka tækni við að þurrka viðinn. Þurrkofninn er afar fullkominn og tölvustýrður að öllu leyti. Það þarf gríðarlega mikla orku til að þurrka við og að því leyti búum við vel. Við dælum heitu vatni inn í álplötur í ofninum og þær virka eins og mjög öflugur heitavatnsofn. Hjá okkur tekur þurrkunin aðeins þrjá daga en tæki 30 daga með hefðbundnum búnaði,“ segir Stefán.



Geo plank framleiðir parket úr fjórum viðartegundum, hnotu, eik, hlyni og kirsuberjaviði. Framleiðslan er umhverfisvæn.

Framleiðslan skiptist í tvo hluta; annars vegar framleiðir Geo plank viðarþynnur sem notaðar verða í parkettframleiðslu á Norðurlöndunum, hins vegar er hafin framleiðsla á gegnheilu parketi úr fyrrnefndum fjórum viðartegundum fyrir innanlandsmarkað. „Við getum klæðskerasaumað parkett fyrir fólk ef það kýs svo,“ segir Stefán og bætir við að fyrsta parkettið verði tilbúið innan tíu daga.

Stefán er smiður og iðnaðartæknifræðingur. „Ég hef alltaf verið með spýtudellu og þykir afar gott að vinna með vandaðar og góðar viðartegundir. Það eru því spennandi tímar fram undan,“ segir Stefán Jónsson hjá Geo plank. Heimasíða Geo plank er væntanleg á netið innan skamms og þar verður hægt að skoða framleiðsluna.

*arndis@frettabladid.is*


Innbrotafaraldur

Stór hluti innbrota hér á landi eru framin í skyndingu af ógæfumönnum sem grípa verðmæti sem liggja á glámbekk. Myndavélar, fartölvur, farsímar, skartgripir, lausafé og fleira í þeim dúr. Smáir en verðmætir hlutir sem auðvelt er að koma í verð.

LÆSTU að þér


Verð: 64.700.-
Stærð: D.51cm x B.51cm x H.51cm


Verð: 56.000.-
Stærð: D.44cm x B.47cm x H.51cm


Verð: 92.800.-
Stærð: D.50cm x B.50cm x H.76cm

**Öryggisskápur** getur á einfaldan og ódýran hátt komið í veg fyrir að verðmæti glatist. **Neyðarþjónustan** býður úrval öryggisskápa fyrir **heimili, stofnanir og fyrirtæki**

**Láttu ekki ræna þig**

Komdu í verslun okkar að Laugavegi 168 eða hringdu í síma 562 5213 og kynntu þér málið

NEYÐARÞJÓNUSTAN
VERSLUN OG VERKSTÆÐI
LAUGAVEGI 168 • 105 REYKJAVÍK
SÍMAR: 562 5213 / 562 4240
LYKLASMÍÐI OG LÁSAVIÐGERÐIR



birta
» BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ Á MÁNUDÖGUM


## Miðlægt ryksugukerfi

ÞAÐ HEYRIR BRÁTT SÖGUNNI TIL AÐ BURÐAST MEÐ RYKSUGUNA Á MILLI HERBERGJA.



**Stútar eru teknir út úr veggjunum fyrir ryksugubarkann, þannig að einungis þarf að færa barkann milli herbergja.**

Miðlægt ryksugukerfi er afar einfalt í sjálfu sér. Ryksugu er komið fyrir í geymslu eða bílskúr og rör sem liggja frá henni eru felld inn í veggi hússins. Stútar eru teknir út úr veggjunum þannig að einungis þarf að færa ryksugubarkann milli herbergja.
S. Guðjónsson í Kópavogi selur miðlægt ryksugukerfi og eru vinsældir þess að aukast til muna.
Algengt er orðið að fólk setji upp kerfi sem þetta í nýbyggingar en stútarnir sem ryksugubarkinn er tengdur við eru ekki mikið stærri en innstunga á vegg. Í eldhús er til að mynda hægt að fá ryksuguhaus í sökkul innréttingar þannig að aðeins þarf að opna fyrir hausinn og sópa ryki og óhreinindum í áttina að honum til að allt sogist burt. Ryksugubarkinn er 9 metra langur og stöngin um 2 metrar þannig að á 150 fermetra svæði nægir að hafa tvo stúta. Ryksugunni sjálfri er auðvelt að koma fyrir hvar sem er, aðeins þarf að leiða útsogið út úr húsinu. Óhreinindi safnast í ryksugupokann en smátt ryk fer út í loftið, alveg eins á venjulegum ryksugum, nema rykið fer út úr húsi.

**Miðlægt ryksugukerfi fyrir 150 fermetra rými kostar 76.691 kr.**

# Amerískir gluggahlerar í ýmsum útfærslum

***Pinecrest hefur smíðað gluggahlera í hálfa öld.***



**Gluggahlerarnir eru bæði fallegir og auka öryggi hússins þegar þeir eru lokaðir.**

Nú eru fáanlegir á Íslandi gluggahlerar frá Pinecrest, en hlerarnir fást í mörgum útfærslum og litum og henta í glugga og hurðir sem og skilrúm. Pinecrest er einn fremsti framleiðandi gluggahlera í Bandaríkjunum og á yfir 50 ára sögu að baki.

Gluggahlerarnir skiptast í einingar sem hægt er að stilla hverja fyrir sig. Þeir eru stílhreinir og geta passað bæði við nútímalegt og hefðbundið byggingarlag. Þeir auka einnig öryggi hússins til muna þegar þeir eru lokaðir og eru sérsmíðaðir fyrir hvern viðskiptavin. Upplýsingar um hlerana er að fá á www.gluggahlerar.is ■


ALNO®



Láttu þér líða vel með ALNO®





Sýningarinnréttingar til sölu 30–50% afsláttur

PANORAMA

OPIÐ
Virka daga kl. 10 - 18
Laugardaga kl. 11 - 14

ELDHÚS • TÆKI • STIGAR • BAÐ • FATASKÁPAR
. . . . miðstöð innréttinga
Síðumúla 30 • 108 Reykjavík
s. 553 6400 • f. 553 6403 • panorama@panorama.is • www. panorama.is

**Mígreni**
Fram hefur komið að B2-vítamín geti dregið úr tíðni mígrenikasta hjá mígrenisjúklingum. Dagskammturinn þarf þó að vera talsvert umfram hinn ráðlagða eða um 400 mg. Hins vegar dregur vítamínið ekki úr sársaukanum sem fylgir mígrenihöfuðverk.





Sjö konur starfa hjá Rósinni og bjóða upp á margvíslega þjónustu í óhefðbundnum lækningum.

# Með fulla poka af fræjum

***Ný heilsustöð með óhefðbundnar lækningar hefur nú verið opnuð í Bolholti 4. Þar starfa sjö konur á ýmsum sviðum óhefðbundinna lækninga.***

Í gömlum húsakynnum Rósa-krossreglunnar og síðar heilunarskóla Erlu Stefánsdóttur, Lífssýnar, í Bolholti 4, hefur verið opnuð ný stöð fyrir óhefðbundnar lækningar. Húsnæðið hefur verið endurnýjað í hólf og gólf og hlotið nafnið Rósin og nú hafa þar aðstöðu sjö konur sem sérhæfa sig í ýmsum greinum óhefðbundinna lækninga. Erlu Stefánsdóttur þarf ekki að kynna fyrir Íslendingum, hún hefur auðgað líf okkar með frásögnum af álfum og fjallatívum, en hún er ein þeirra sem hefur aðstöðu í Rósinni.

„Ég er búin að vera hér með skóla frá 1984, en námskeiðin mín byggjast á því að læra að þekkja sjálfan sig og heiminn sem við lifum í. Við viljum gjarnan vita eitthvað um önnur lönd, en vitum svo minnst um okkur sjálf," segir Erla.

„Ég er bæði með námskeið og einkatíma. Það er svo margt sem hægt er að hjálpa fólki með, bæði drauma og langanir. Mér finnst ég hafa fengið fullan poka af fræjum í veganesti og er ánægð með að fræin mín hafa farið víða og blómgast vel."

Ólöf Einarsdóttir er með BCc-gráðu í nálastungufræðum frá Brighton-háskóla og er meðlimur í The British Acuapuncture Counsil og Nálastungufélagi Íslands. „Það er útbreiddur misskilningur að nálarstungur gagnist bara við sársauka eða reykinga- eða eiturlyfjafíkn," segir Ólöf. „Þetta er lækningakerfi sem hefur þróast í þúsundir ára í Austurlöndum og hefur frá fornu fari verið notað við krónískum heilsufarsvandamálum."



Aðstaðan öll er mjög góð.

Fjórir heilarar starfar við Rósina, þær Helga Guðnadóttir, Svala S. Jónsdóttir, Sveinrós Sveinbjarnardóttir og Sigurborg Sigurbjarnadóttir. Þær hafa allar hlotið menntun og þjálfun í Guðspeki-Heilunarskólanum.

Guðrún Garðarsdóttir býður upp á meðferð í höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnun, meðferð sem í daglegu tali er nefnd cranio. Guðrún lauk námi frá College of Cranio Sacral Therapy árið 2002 og hefur sótt margvísleg framhaldsnámskeið. „Höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnun er ákaflega mild en öflug meðferð sem getur hjálpar flestum, hvort sem um er að ræða minniháttar óþægindi eða alvarlega kvilla," segir Guðrún. „Líkaminn hefur innbyggða hæfleika til halda jafnvægi á öllum sviðum, en við áverka og áföll skapast ójafnvægi sem getur leitt af sér sjúkdóma. Meðferðaraðilinn hjálpar líkamanum að ná djúpri slökun og spennulosun til að ná aftur jafnvægi og heilbrigði."

Stór samkomusalur er í húsnæði Rósarinnar sem hægt er leigja út og sömuleiðis er boðið upp á aðstöðu fyrir nuddnema sem geta leigt aðstöðuna fyrir 2.500 krónur á dag.

Svanhildur Sigurðardóttir myndhöggvari og eiginmaður hennar Haraldur Erlendsson geðlæknir eru ábyrgðarmenn Rósarinnar, en þau eru búsett í Englandi. „Það er sterk hefð fyrir óhefðbundnum lækningum í bland við hefðbundnar undir sama þaki í Englandi," segir Svanhildur. Það er auðvitað stefnan hér heima þegar fram líða stundir. Haraldur vinnur einmitt á slíkri stöð í Englandi og er meðlimur í Félagi geðlækna á andlegri leið, en félagið telur nú 200 meðlimi. Það er eðlilegt og gott að allir starfi hlið við hlið og í einingu því öll stefnum við að sama marki, að bæta líf og heilsu fólks."

*edda@frettabladid.is*



Húsnæðið hefur verið gert upp og er nú afar glæsilegt.



Nýuppgerður salurinn er til leigu fyrir félög og hópa sem vilja halda námskeið eða fyrirlestra um uppbyggileg málefni.





















**SÖLVI GEFUR GÓÐ RÁÐ**

## Engin ný vísindi!

Það að regluleg líkamsrækt sé holl eru alls ekki ný vísindi:
...ef við fáum hæfilega hreyfingu verðum við heilbrigðari, þroskumst betur og eldumst hægar, – en ef við lifum kyrrsetulífi verður líkaminn viðkvæmari fyrir sjúkdómum, þroskast verr og eldist hraðar.
-Hippókrates, faðir læknisfræðinnar

### 2.400 ár – hvað hefur breyst?

Þetta sagði Hippókrates fyrir um 2.400 árum. Það er athyglisvert sérstaklega vegna þess að við virðumst ekki enn þá hafa tileinkað okkur boðskap hans þó að allt bendi til þess að hann hafi rétt fyrir sér. Sú staðreynd að við höfum allt of fátt gert í þessu enn þá sýnir okkur mikilvægi þess að setja sér markmið. Nú hefur þú hér ýmsar upplýsingar um ávinning líkamsþjálfunar.

### Nauðsynlegt að setja sér mælanleg og tímasett markmið!

Ef þig langar að breyta einhverju, þá er fyrst að ákveða að gera eitthvað. Næst hvað nákvæmlega skuli gera. Að lokum hvernig skuli náðst árangur. Því er nauðsynlegt að þú setjir þér markmið, og skrifir svo niður mælanleg markmið. Þetta hef ég fjallað um áður og það efni er að finna á heimasíðu Heilsuráðgjafar.

### Ungur, yngri, yngstur!

Við megum heldur ekki gleyma því að 70 ára einstaklingur bætir sig jafn hratt og 30 ára einstaklingur. Munurinn felst í hlutföllum þ.e. vöðvamassi líkamans minnkar með aldrinum en fitumassi eykst auk þess sem við stirðnum vegna fyrrnefndra þátta. Því ná báðir einstaklingar jafnmiklum árangri á sama tíma. Einnig má geta þess að 65 ára gömul kona í góðu líkamlegu ásigkomulagi er í raun í mun betra „formi" en 30 ára kona í slæmu líkamlegu ásigkomulagi.

### Aldur er engin afsökun!!!

Aldur dregur ekki úr árangri. Það getur verið að hann dragi úr væntingum en árangurinn er sá sami. Enginn hefur afsökun fyrir því að stunda ekki einhvers konar þjálfun, sérstaklega ekki þegar úrræðin eru jafn mörg og raun ber vitni!

Nú er bara að rífa sig upp á rassinum og gera eitthvað í málunum! Ef ég eða við hjá Heilsuráðgjöf getum eitthvað aðstoðað þig, endilega hikaðu ekki við að hafa samband...

Þetta og önnur hollráð er einnig að finna á heimasíðu Heilsuráðgjafar www.heilsuradgjof.is

**Sölvi Fannar Viðarsson**
Er framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar. Hann hefur starfað við einkaþjálfun og heilsuráðgjöf um árabil.



# Fiskur kemur fólki í gott skap



***Þunglyndi mælist minna hjá þjóðum sem borða mikið fiskmeti.***

Fiskur bætir geð svo um munar og þær þjóðir sem borða reglubundið fiskmeti mælast með minna þunglyndi en aðrar þjóðir. Rannsóknir þessa efnis liggja fyrir og samkvæmt þeim þá eru barnshafandi konur, sem borða lítinn sem engan fisk, helmingi líklegri en aðrar til að þjást af þunglyndi eftir fæðingu.

Ástæðan fyrir þessum góðu áhrifum fiskmetisins má einkum rekja til omega-3 sýranna sem finnast í fiski. Gerðar voru tilraunir með að gefa grísum omega-3 sýrur og kom í ljós að þær virkuðu svipað þunglyndislyfinu Prósak. Þá sýna rannsóknir að það dugar að neyta 1 gramms af omega-3 sýrum á dag; og getur fólk tekið lýsi eða borðað fisk. Mælt er með því að fólk borði lax, sardínur og túnfisk nokkrum sinnum í viku hverri. ■

# Æskan lengist

***Miður aldur hefur færst til í Bandaríkjunum að áliti lækna.***

Konur voru yfirleitt taldar hefja æviskeiðið "miðaldra" um fertugt en vegna þess hve almennt heilsufar hefur batnað og lífttími lengst eru konur nú taldar miðaldra um fimmtíu og fimm ára aldur. Miður aldur hefur oft verið tengdur breytingarskeiðinu en flestar konur fara á það á aldrinum frá 45 og upp í 55 ára þótt sumar finni fyrir einkennum frá því um fertugt. Konur sem reykja fara að meðaltali tveimur árum fyrr á breytingaraldur en þær sem reykja ekki. Konur í Bandaríkjunum og vonandi annars staðar líka geta því hlakkað til að vera ungar lengur og ef þær taka ábyrgð á heilsu sinni, hressar og sprækar fram eftir öllum aldri. ■



**Sophia Loren er ein af þeim sem heldur æskublómanum endalaust en hún varð sjötug í september síðastliðnum.**




Jurtir til að hressa uppá sál og líkama.
Opið: Virka daga 10-18
Laugardaga 11-14
Laugavegi 2 - 101 Reykjavík - Sími 552 1103 - www.jurtaapotek.is





MARGRÉT KALDALÓNS
*veitir ráðgjöf í Heilsuhúsinu*
Margrét Kaldalóns, betur þekkt sem Lína, hefur starfað í Heilsuhúsinu frá byrjun. Hún er mikil áhugakona um náttúrulækningar og heilbrigt mataræði og hefur aflað sér hagnýtrar reynslu á löngum ferli.
Lína veitir ráðgjöf í Kringlunni: mánud. - miðvikud. kl. 14-18
Skólavörðustíg: fimmtud. og föstud. kl. 14-18
heilsuhúsið

*Lífrænt ræktaðar vörur*
Yggdrasill
*- þar sem þú getur treyst á gæðin -*
YGGDRASILL, KÁRASTÍG 1, 101 RVK., S: 5624082

NÝTT TÍMABIL
HEFST 14. FEBRÚAR
ROPE YOGA WORKOUT
ERT ÞÚ BÚIN ÞÉR AÐ PRÓFA?
5 VIKUR KR. 6900 – 2 x í viku
5 VIKUR KR. 9900 – 3x í viku
KR. 1000 – Stakur tími
SKRÁNING ER HAFIN Í SÍMA 555-3536 EÐA 695-0089. KENNSLA HEFST MÁNUDAGSMORGUNINN 14. FEBRÚAR ( 2005 ) kennt verður 20 sinnum í viku !!!
Bæjarhraun 22 / 220 Hafnarfjörður / 3. hæð til vinstri

Ferðir o.fl.
Á FIMMTUDÖGUM
✓ Auglýsingasíminn er 550 5000
auglysingar@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesna blað landsins -






# Fótbolti er mín íþrótt

***Sumum þykir ef til vill nóg að finna sig í einni íþrótt en Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahússins, á nokkrar uppáhaldsíþróttir sem hann reynir að stunda.***

„Ég fer í fótbolta við og við. Ég fór alltaf tvisvar í viku fyrir áramót en eftir áramót hefur annar tíminn dottið upp fyrir. Ég reyni að minnsta kosti að mæta í fótbolta einu sinni í viku. Ég var að æfa fótbolta á sínum tíma af einhverri alvöru þangað til ég varð tólf ára. Síðan fékk ég astma og varð alltaf síðastur í langhlaupum og þess háttar. Það var frekar leiðinlegt. Þá fór ég að æfa með lélegra liði og var eiginlega bara með til að vera með og skemmta mér. Fótbolti er frábær íþrótt til að iðka því maður getur hitt félagana og spjallað og síðan er mikil keppni og maður fær mikið út úr æfingunum. Ég æfði fótbolta með vinahópnum mínum í fimmtán ár en nú er það dottið upp fyrir. Í hópnum sem ég æfi með núna eru tveir til þrír vinir mínir og það er rosalega gaman. Þetta er svo sannarlega mín íþrótt,“ segir Einar.

En Einari dugir ekki að nefna eina íþrótt og heldur áfram að telja upp og greinilegt að hann heldur sér í ágætu formi. „Mér finnst líka mjög skemmtilegt að ganga, sérstaklega á fjöllum. Eftir að börnin komu til sögunnar hefur það reyndar minnkað en það er ekki langt þangað til þau geta farið að ganga með okkur af alvöru. Ganga er líka svo skemmtileg íþrótt sem öll fjölskyldan getur stundað saman. Síðan sóttum við hjónin golfnámskeið í sumar en við höfum reyndar ekki farið mikið á golfvöllinn. Við ætluðum að draga yngsta strákinn með okkur en hann vildi það ekki. Það er skemmtilegur kostur við golf að hjón eða pör geta stundað það saman. Síðan er maður alltaf í samkeppni við sjálfan sig út af fyrirgjafarkerfinu,“ segir Einar. ■


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Einar reynir að fara í fótbolta einu sinni í viku en honum finnst líka gaman að ganga og stunda golf.**

# Krabbamein algengara í stórum börnum

***Börn sem fæðast stór eiga á hættu að fá krabbamein seinna meir.***

Því stærri sem börn eru við fæðingu því meiri hætta er á að þau fái ákveðnar tegundir af krabbameini þegar þau vaxa úr grasi. Þetta kemur fram í rannsókn sem breskir og sænskir vísindamenn framkvæmdu og sáu meðal annars að stærri börn fengu krabbamein í meltingarveginn. Enn fremur fengu stærri stúlkubörn frekar brjóstakrabbamein seinna í lífinu.

Fræðimennirnir skoðuðu skýrslur 11.166 barna fædd á milli áranna 1915 og 1929 í Svíþjóð. Eitt af hverjum fjórum börnum var greint með krabbamein frá árinu 1960 til ársins 2001. Vísindamennirnir komust að því að hver 450 grömm yfir meðalþyngd juku líkurnar á krabbameini í meltingarvegi um þrettán prósent. ■



**Því stærri sem börn eru við fæðingu því meiri hætta er á að þau fái krabbamein seinna á lífsleiðinni.**



**Guðjón Bergmann heldur fyrirlestra um jóga á miðvikudagskvöldum í febrúar.**

# Eilíf spurning jóganemandans

***Guðjón Bergmann boðar til ókeypis fræðslukvölda um jóga.***

Guðjón Bergmann ætlar að kynna hugmyndafræðina sem liggur að baki hinum vinsælu jógaæfingum í fyrirlestrum sem haldnir verða á miðvikudagskvöldum í febrúar. Fyrsti fyrirlesturinn er annað kvöld og ber yfirskriftina „Hvernig jóga er þetta?, og fjallar um mismunandi gerðir jóga. Þeir sem vilja fá svör við spurningum á borð við „hvað er jóga“ og „hvað er ekki jóga“ eru velkomnir annað kvöld kl. 21.15 í jógastöð Guðjóns að Ármúla 38. ■



**Tengsl streitu og Alzheimers er talin sterkari hjá hvítum mönnum en svörtum.**

# Tengsl streitu og Alzheimer

***Áhyggjufullum hættara við að fá sjúkdóminn.***

Fólk sem á vanda til að vera mjög áhyggjufullt og stressað er líklegra en annað fólk til að fá Alzheimer-sjúkdóminn á gamals aldri. Vísindamenn við Rush-háskólann í Chicago hafa komist að þessu og þeir segja að tengsl streitu og Alzheimer séu mun sterkari hjá hvítum mönnum en svörtum. Þeir segja ekki hægt að segja með sanni að streita valdi Alzheimer en grunur leikur hins vegar á að mikil streita valdi því að svæði heilans sem stjórna hegðun og minni laskist. ■

# Ástarsorg getur verið banvæn

***Læknar þurfa að gefa þessu sjúklega ástandi meiri gaum.***

Ástarsorg er fyrirbæri sem ber að taka alvarlega enda verið banvænt í sumum tilfellum. Þetta segir Frank Tallis, geðlæknir í London. Hann segir fjölda fólks líða miklar þjáningar í kjölfar ástarsorgar og þetta sama fólk sé ófært um að verða ástfangið á ný og óttist að vera hafnað. Slíkt ástand geti orðið mjög alvarlegt og endað með því að viðkomandi sér enga aðra leið en að taka eigið líf. Tallis segir alltof fáar rannsóknir hafa verið gerðar á ástarsorg og þar þurfi að bæta um betur. „Fólk getur dáið úr ástarsorg,“ segir Tallis. Hann segir ástarsorg ekki einasta valda sjálfsvígslöngun meðal sumra heldur geti áfall af þessu tagi leitt til þess að líkaminn örmagnist bókstaflega. ■

















# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22 | TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 15 | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 smaar@frettabladid.is / visir.is | AFGREIÐSLAN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA KL. 8–19 | AFGREIÐSLAN ER OPIN UM HELGAR KL. 9–17

100% lán til allt að 60 mánaða.



BMW 318I. Nýskr. 04/1998, 1900cc, 4ra dyra, sjálfskiptur, grænn, ekinn 123 þ. Verð 1.490.000. SM-909. B & L. S. 575 1230.



Hyundai Accent. Nýskr. 05/2001, 1500cc, 5 dyra, 5 gíra, ljósgrár, ekinn 34 þ. Verð 790.000. YS-728. B & L. S. 575 1230.



Hyundai Accent. Nýskr. 06/2003, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, ljósblár, ekinn 32 þ. Verð 1.190.000. RJ-125. B & L. S. 575 1230.



Hyundai Accent. Nýskr. 05/2000, 1300cc, 5 dyra, beinskiptur, grár, ekinn 108 þ. Verð 650.000. DR-633. B & L. S. 575 1230.



Hyundai Getz. Nýskr. 02/2003, 1300cc, 3ja dyra, 5 gíra, hvítur, ekinn 23 þ. Verð 1.050.000. PK-755. B & L. S. 575 1230.



Hyundai Getz. Nýskr. 01/2003, 1300cc, 3ja dyra, 5 gíra, ljósblár, ekinn 46 þ. Verð 990.000. TV-311. B & L. S. 575 1230.

100% lán til allt að 60 mánaða.



Hyundai Sonata. Nýskr. 06/1994, 2000cc, 4ra dyra, 5 gíra, blár, ekinn 162 þ. Verð 350.000. PB-695. B & L. S. 575 1230.



Mazda 323. Nýskr. 05/2000, 1500cc, 4ra dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 94 þ. Verð 900.000. AV-703. B & L. S. 575 1230.



Nissan Almera. Nýskr. 10/2001, 1800cc, 5 dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 44 þ. Verð 1.130.000. AF-797. B & L. S. 575 1230.



Opel Astra. Nýskr. 09/2000, 1600cc, 3ja dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 99 þ. Verð 880.000. AH-980. B & L. S. 575 1230.



Opel Vectra. Nýskr. 04/1998, 1600cc, 4ra dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 90 þ. Verð 740.000. AJ-907. B & L. S. 575 1230.



Peugeot 307. Nýskr. 06/2003, 1400cc, 5 dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 21 þ. Verð 1.390.000. DD-177. B & L. S. 575 1230.

100% lán til allt að 60 mánaða.



Toyota Rav4. Nýskr. 07/1997, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, grænn, ekinn 139 þ. Verð 950.000. LS-642. B & L. S. 575 1230.



Volkswagen Golf. Nýskr. 12/2000, 1600cc, 3ja dyra, 5 gíra, blár, ekinn 50 þ. Verð 1.190.000. VJ-007. B & L. S. 575 1230.



Volkswagen Vento. Nýskr. 06/1996, 1600cc, 4ra dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 102 þ. Verð 490.000. SF-589. B & L. S. 575 1230.



Volkswagen Vento. Nýskr. 01/1998, 1600cc, 4ra dyra, 5 gíra, hvítur, ekinn 94 þ. Verð 640.000. TN-207. B & L. S. 575 1230.

**Bílaland, B & L**
**Grjótháls 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is**

BÍLASALAN
HÖFÐA HÖLLIN
Vagnhöfða 9 · Sími 567-4840 og 580-0065



Range Rover DSE dísel, árg. '97, ek. 206 þús. km. Sjálfsk., heilsársdekk, álfelgur, CD og fl. Algjör gullmoli ! Verð 1940 þús. Ath skipti á ód.



Chevrolet Equinex LT, árg. '05, nýr og ókeyrður bíll !! Sjálfsk., CD, álfelgur, kastarar, litað gler, vetrardekk, spoiler og fl. Verð 4580 þ.



Ford Explorer XLT 4.0 7 manna, árg. '04, ek. 32 þús. km. Sjálfsk., álfelgur, filmur, Cd, kastarar, heilsársdekk og fl. Verð 3850 þús. Ath skipti á ód.

**Höfðahöllin**
**Vagnhöfða 9, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**



Nýr Dodge Magnum station. Leður, lúga, rafm. í öllu, ofl.SXT 3,5 L Verð: 3.555 þús.RT 5,7 L Verð: 3.949 þús. RT 4x4 Verð: 4.418 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**



Kia sportage 2L árg 05/00 beinsk, 4x4, ek 61þús. Verð 1390 þús Tilboð 990 þús. Uppl í s 896-9616.

**12 Volt**
**Malarhöfða 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**

## Bílar til sölu



VSK bíll á rauðum númerum til sölu. Ford F-250 Platinum, árg. 2001, ekinn 155 þús km, vel með farinn glæsivagn. Nánari upplýsingar í síma 894 3031.



Toyota Landcrusier, árg. 2001. V8, Einn með öllu. Ekinn 150 þús. Gott eintak. Verð 3.590 þús. Bílahöllin s. 567 4949.



Útsala Til Sölu Ford Taurus 3.0 Se árg 2003 ekinn aðeins 4þ, álfelgur , rafm í rúðum, Abs, eins og nýr, útsöluverð aðeins 1650 þús Uppl í símum 892 1116 og 892 5005



Toyota Avensis 2000 ek. 82.000, álfelgur, cd, abs-bremsur, filmur. V. 1150 þús. S. 863 9477 & 691 2466.

### Athugið get útvegað

Allar gerðir af bílum frá Ameríku þar á meðal Dodge (benz) Sprinter, árgerðir 2005 bæði vörubílum og fólksbílum. Uppl. í s. 899 3004.

Til sölu Opel Corsa '94 sjálfsk. með slitna tímareim í vél. Annars góður bíll. Tilb. Upplýsingar í síma 699 5071.

Renault Megane II 1400cc, 7/2003, ekinn 44 þ. Verð 1.450. Áhv. 1.150. Uppl. í s. 849 5195.

## 0-250 þús.



Tilboð óskast í Volvo 244 árgerð '81, sjálfsk. Ekinn aðeins 176 þ. km og er í góðu standi. Upplýsingar í síma 693 2515.



Opel Corsa, árg '96, ek 107 þús., cd., nýjar hjólalegur, nýir bremsuborðar, nýkominn úr hjólastillingu. Í toppstandi. Smá útlitsgallaður. Listaverð 340 þús., fæst á 240 þús. Uppl. í s. 693 9154 og 567 4702.



Ford Orion 1988, 17" álfelgur, mikið af varahlutum, 150 þús. stgr. S. 867 4975.



50 þúsund kall. Skoðaður '05. Honda Accord '88, ssk., í lagi. S. 691 4441.



Volvo 740, bein innspýting, leður, rafmagn í rúðum og f. '87, þarfnast lagfæringa, bremsur. Verð 35 þús. S. 691 4441.



Grand caravan '94, ek. 158 þús. milur, skoðaður '04. Lekur sjálfskipting annars í góðu lagi. Verð aðeins 99 þús. Fyrstur kemur, fyrstur fær. S. 691 4441.



Renault Nevada 4x4 1992 m.krók. Ekinn 147.000 km. Glæný vetrardekk fylgja. Verð kr. 125.000. Upplýsingar í síma 898 9071 & 853 1300.

Toyota Corolla, '87, í mjög góðu ástandi til sölu. Gott verð. S. 534 3425 og 662 0160.

Subaru 1800 stw. Kælikerfið smá bilað. Smurbók fylgir. Vetrardekk eru undir, ný í nóvember. S. 867 8946 e. 19.

Til sölu Daihatsu Charade '93 árgerð. Geislaspilari fylgir ásamt sumar- og vetrardekkjum á felgum. Nýskoðaður í góðu ásigkomulagi. Upplýsingar í síma 697 6700.

## 250-499 þús.



!!!!!!!! Stop- Stop - Stop - Stop !!!!!!!! Daewoo Lanos 1500, 3ja dyra, 5 gíra, ek. 56 þús. km. Árg. 2001 !!!!!!!! Ásett verð er 650 þús. !!!!!! !!!!!!!! En fæst á 390 þús. stgr. !!!!!! S. 691 4441.



Hyundai Accent árg. '95 ek. 135 þ. 3ja dyra, 1495cc, ssk. Tilboð 320 þ. S. 899 4847.

MMC Lancer Royal, árg. '97, airbag, rafmagn í rúðum og spoiler. Verð 480 þús., tilboð 290 þús. Uppl. í s. 691 9374.

Suzuki Swift, árg '98, 1,3. 5 dyra, rafmagn í rúðum, airbag og fl. Verð 410 þús., tilboð 280 þús. Uppl. í s. 691 9374.

Til sölu Toyota Corolla árg. 1994 ekinn 138.000. 5 dyra, sjálfskiptur. Bíllinn er í toppstandi og litur mjög vel út. Einstakt tilboðsverð kr. 330.000. Uppl. í síma 822 5577.

## 500-999 þús.



Toyota Corolla sedan '96. Ek. 106 þ. km. Eingöngu tveir eig., ssk. Vetrar- og sumardekk. Tilboð 500.000 kr. S. 846 1765.

# Dulbúin skólagjöld?

**UMRÆÐAN**
STÚDENTARÁÐSKOSNINGAR Í HÍ



HRAFN STEFÁNSSON OG
KRISTÍN TÓMASDÓTTIR

Hækkun innritunargjalda við Háskóla Íslands hefur ekki farið mjög hátt. Staðreyndin er samt sem áður sú að þau gjöld hækkuðu nýverið um 40%. Þetta er í annað skiptið á þremur árum sem þau hækka um þetta sama hlutfall.

Hugmyndin á bak við innritunargjöld er ekki endilega ósanngjörn. Innritunargjöldum er ætlað að greiða fyrir þann kostnað sem hlýst af innritun stúdents í Háskólann.Vandamálið við þessa hækkun gjaldsins er hins vegar að kostnaður við innritun stúdenta hefur ekki hækkað svo mikið á þessum þremur árum. Þvert á móti mætti ætla að kostnaður hefði lækkað vegna aukningar í rafrænni skráningu undanfarin ár. Menntamálayfirvöld þurftu engu að síður að rökstyðja þessa hækkun og það var reynt með veikum mætti. Kostnaðarliðir voru hækkaðir hér og þar og á ótrúverðugan hátt var stúdentum sýnt fram á að kostnaður við innritun væri búinn að rjúka upp úr öllu valdi. Gallinn er hins vegar sá að þessi hækkun kostnaðarliða er í engu samhengi við raunveruleikann. Kostnaðurinn við innritun stúdenta hefur ekki hækkað um 40% tvívegis á þremur árum og kostnaðarliðir menntamálayfirvalda einkennast af fjarstæðukenndri talnaleikfimi þar sem þeir eru hækkaðir án frekari rökstuðnings. Ef yfirvöld vilja skólagjöld við Háskólann þá skulu þau koma hreint fram og axla ábyrgð en ekki dulbúa stefnu sína og kalla skólagjöld sín innritunargjöld.

Stúdentar hljóta að eiga rétt á því að yfirvöld komi fram af meiri hreinskiptni heldur en svo.

Í framhaldinu hljóta stúdentar að spyrja sig hvers vegna þetta mál fór svo hljótt? Hvers vegna vissum við ekki af þessari hækkun fyrr en eftir á? Það hefur augljóslega ekki bara eitthvað misfarist í vinnubrögðum stjórnvalda heldur sömuleiðis hjá hagsmunagæslufélagi stúdenta, Stúdentaráði. Stúdentaráð þarf að láta í sér heyra þegar brotið er á stúdentum og 40% hækkun innritunargjalda á ekki að eiga sér stað án þess að stjórnvöld séu látin svara fyrir hana. Röskva er sú fylking innan Háskólans sem vill sjá breytingar á starfsháttum Stúdentaráðs. Fylgisfólk Röskvu er sammála um að Stúdentaráði beri að taka upp hanskann fyrir stúdenta og láta rödd þeirra heyrast. Það er kominn tími til að við stúdentar snúum vörn í sókn. Við getum byrjað strax. Setjum X við Röskvu í Stúdentaráðskosningum nk. miðviku- og fimmtudag og tryggjum öfluga baráttu fyrir hagsmunum okkar.

*Kristín skipar 6. sæti á lista Röskvu til Stúdentaráðs og Hrafn skipar 2. sæti á lista Röskvu til Háskólafundar.* ■

# Hagsmunir fjölskyldufólks

**UMRÆÐAN**
STÚDENTARÁÐSKOSNINGAR Í HÍ



HREFNA SVEINBJARNARDÓTTIR OG
SIGRÍÐUR DÖGG GUÐMUNDSDÓTTIR

Háskólasamfélagið samanstendur af fjölbreyttum hópi fólks. Vaka, félag lýðræðissinnaðra stúdenta, vill tryggja öllum hópum innan Háskóla Íslands jafnrétti til náms og þar á meðal fjölskyldufólki sem er um fjórðungur af stúdentum innan Háskólans. Vegna þess hve stór hluti stúdenta við Háskólann er fjölskyldufólk þótti Vökuliðum tímabært að stofnuð yrði sérstök nefnd innan Stúdentaráðs Háskóla Íslands sem fjallaði um málefni fjölskyldufólks. Nefndin var stofnuð síðasta vor og hefur hún haft í mörgu að snúast.

Eitt af markmiðum fjölskyldunefndar Stúdentaráðs er að móta fjölskylduvænt háskólaumhverfi. Í því skyni stóð nefndin fyrir ýmsum uppákomum, svo sem íþróttanámskeiði fyrir börn háskólanema, fjölskyldudögum þar sem foreldrar og börn skemmtu sér saman, fræðslufundi undir yfirskriftinni „Hvernig eflum við forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum?“og skyndihjálparnámskeiði þar sem lögð var áhersla á skyndihjálp á börnum.

Meginmarkmið nefndarinnar er þó að vera vakandi fyrir hagsmunum fjölskyldufólks og bregðast við þegar að þeim er sótt. Í október síðastliðinn var nefndinni tilkynnt um að Reykjavíkurborg ætlaði að hækka leikskólagjöld sín í byrjun janúar 2005 fyrir hjón/pör þar sem annar aðilinn er námsmaður. Fjölskyldunefnd Stúdentaráðs mótmælti hækkuninni harðlega og safnaði undirskriftum sem síðan voru afhentar borgarstjóra Reykjavíkur málinu til stuðnings. Í kjölfarið féllst Reykjavíkurborg á að fresta fullgildingu hækkunarinnar fram í september næstkomandi sem sparar fjölskyldufólki tugi þúsunda. Fjölskyldunefnd brást einnig skjótt við þegar kennaraverkfall grunnskólakennara var í aðsigi en ljóst var að verkfallið myndi bitna á stúdentum innan Háskólans sem eiga börn. Nefndin sendi því áskorun á kennara Háskólans og bað þá um að taka tillit til þessa hóps og sýna aðstæðum þeirra skilning.

Mörg stefnumál Vöku náðust einnig í gegn á árinu og má þar nefna að viðmiðunaraldur barna á hjónagörðum var lækkaður, úttekt var gerð á öryggismálum á Stúdentagörðunum og kennslustundir byrja nú kl 08.15 í stað 08.00 en það hefur lengi valdið fjölskyldufólki í skólanum miklu óhagræði að kennslustundir byrjuðu á sama tíma og leikskólarnir opna.

Til að gera Háskóla Íslands enn fjölskylduvænni vinnustað mun Vaka meðal annars beita sér fyrir því að stundaskrár taki mið af þörfum foreldra sem felst í því að kennsla fari fram á venjulegum dagvinnutíma frá 8.00-17.00 á virkum dögum en dæmi eru um að kennslustundum ljúki ekki fyrr en klukkan 19.00. Vaka mun einnig beita sér fyrir því að próftöflur og stundaskrár liggi fyrir við skráningu en foreldrar þurfa öðrum fremur að skipuleggja tíma sinn fyrir fram. Stúdentum með fjölskylduábyrgð hefur fjölgað mjög í Háskólanum og leggur Vaka því áherslu á að hafist verði handa við uppbyggingu stúdentagarða fyrir fjölskyldufólk.

Vaka lætur málefni fjölskyldufólks sig varða og mun halda áfram að beita sér fyrir öflugu starfi í þágu fjölskyldufólks innan Háskóla Íslands.

*Sigríður skipar 5. sæti á lista Vöku og Hrefna hefur verið formaður fjölskyldunefndar SHÍ í vetur.* ■

**AF NETINU**

## Neitað um aðild

Ég er félagsmaður í ýmsum stjórnum og nefndum og er mjög stolt af því. Það er algengt að til sé félagsskapur, sem er fyrir maka þeirra sem í félaginu starfa: Má þar til dæmis nefna Inner Wheel, sem er félagsskapur maka, eða réttara sagt eiginkvenna Rótarýfélagsmanna. Þar er eiginmönnum Rótarýkvenna neitaður aðgangur.

Sinawik er félagsskapur eiginkvenna Kiwanismanna en Kiwanis heimilaði konum aðgang að klúbbunum árið 1987. Er það eðlilegt að þessi maka-félagsskapur neiti eiginmönnum aðild?

**Halldóra Matthíasdóttir á tikin.is**

## Reiði og sorg

Síðastliðinn sunnudag sýndi Ríkissjónvarpið myndina Lilja 4ever eftir Lukas Moodysson. Þetta er að sönnu afar áhrifamikil mynd, svo áhrifamikil reyndar að ekki er hægt að ímynda sér annað en að hún hreyfi við hverri ærlegri manneskju.

Og áhrifin eru fyrst og fremst reiði og sorg, sorg yfir ömurlegum örlögum Lilju og reiði í garð þeirra sem svíkja hana, reiði yfir því hversu ofbeldið gegn henni viðgengst nær viðnámslaust þegar hún er komin til Svíþjóðar og síðast en ekki síst reiði yfir því að horfa upp á þetta án þess að fá rönd við reist. Horfa upp á að dauðinn verði 16 ára stúlku illskárri kostur en það ömurlega líf sem henni er búið og að geta í raun ekki annað en samsinnt því, yfir því er reiðin kannski mest.

**Vefþjóðviljinn á andriki.is**

## Framtíð flugvallarins

Deilan um framtíð Reykjavíkurflugvallar virðist engan endi ætla að taka. Landsbyggðin vill, skiljanlega, hafa völlinn þarna áfram en Reykvíkingar virðast flestir þeirrar skoðunar að hann skuli víkja. Frá sjónarhóli Reykvíkingsins lúta öll rök að því að flugvöllurinn eigi að fara burt og það strax. Borgin hefur þanist út í úthverfin, langt umfram öll skynsemismörk síðustu árin. Verðmæti og stærð þess lands sem flugvöllurinn hindrar að verði byggt er mjög mikið fyrir borgina. Þarna gæti að mati sérfræðinga þrifist allt að 20.000 manna byggð eða álíka fjöldi og býr í Grafarvogi, Breiðholti og Hafnarfirði. Þar að auki myndi byggð í Vatnsmýrinni þétta byggð, draga úr kostnaði við umferðarmannvirki í úthverfum og skapa möguleika á því að það myndist alvöru borgarstemning í miðborginni okkar.

**Þórður Heiðar Þórarinsson á deiglan.com**

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



Miele fer betur með þvottinn

Miele W405 þvottavél
Verð áður kr. 128.428
Tilboð:
kr. 89.900

Miele T233C þurrkari
barkalaus
Verð áður kr. 115.400
Tilboð:
kr. 80.781

Miele T223 þurrkari
fyrir útblástur
Verð áður kr. 98.800
Tilboð
kr. 69.160

Miele



vilborga@centrum.is

Miele S371 Tango Plus ryksuga
með 1600W mótór
Verð áður kr. 21.300
Tilboð:
kr. 14.910

Miele Tango ryksugur, Miele W405 þvottavélar ásamt Miele T233C og MieleT223 þurrkurum fást nú hjá eftirtöldum aðilum á tilboðsverði.

GEISLI
Flötum 29, Vestmannaeyjum

LJÓSGJAFINN
Glerárgötu 34, Akureyri

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

Miele þvottavélar, þurrkarar og ryksugur á einstöku tilboðsverði

30% afsláttur

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

EIRVÍK
– hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15 3.773 +0,17%**

**Fjöldi viðskipta:** 312
**Velta:** 2.453 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Síminn** | 6,55% | **SÍF** | -3,10% |
| **Flugleiðir** | 3,23% | **Jarðboranir** | -1,89% |
| **Íslandsbanki** | 1,25% | **Medcare** | -1,00% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,80 +0,97% ... Atorka 6,20 -0,80% ... Bakkavör 26,00 +1,17% ... Burðarás 13,25 -0,38% ... Flugleiðir 14,40 +3,23% ... Íslandsbanki 12,15 +1,25% ... KB banki 513,00 -0,19% ... Kögun 47,00 +0,64% ... Landsbankinn 14,30 -0,69% ... Marel 53,20 -0,56% ... Medcare 5,92 -1,00% ... Og fjarskipti 3,71 -0,80% ... Samherji 11,50 – ... Straumur 10,15 -0,98% ... Össur 84,00 +0,60%

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Barist um byggingavörur

Kaup Hannesar Smárasonar, Nóatúnsfjölskyldunnar og Byggs á meirihluta í Húsasmiðjunni hafa vakið eftirtekt fyrir margra hluta sakir. Kaupin þykja benda til þess að mikið traust hafi skapast milli þeirra manna sem nú fara með stærstan eignarhlut í Flugleiðum þar sem þeir færi út kvíarnar í sameiningu með þessum hætti í alls óskyldan rektur. Þá vekur það athygli að eigendur Byggs, Gunnar Þorláksson og Gylfi Héðinsson, hafa hingað til verið fastakúnnar hjá Byko en




Gunnar og Gylfi reka eitt öflugasta verktakafyrirtæki landsins. Nú má búast við að viðskiptin færist í Húsasmiðjuna og missir Byko því spón úr aski sínum. En það er ekki síst áhugavert að með fjárfestingu sinni í Húsasmiðjunni er Hannes Smárason kominn í beina samkeppni við fyrrverandi tengdaföður sinn, Jón Helga Guðmundsson. Þegar fjölskyldubönd tengdu þá Jón Helga og Hannes tókust þeir saman á við fjárfestingar, meðal annars í Flugleiðum.

### Góð ávöxtun hjá Hannesi

Þann 4. október 2004 slitnaði upp úr samstarfi Jóns Helga og Hannesar í Flugleiðum. Jón Helgi sagði sig úr stjórninni og Hannes keypti allt hlutafé Jóns Helga í Flugleiðum. Þá keypti Prímus, eignarhaldsfélag Hannesar, um 370 milljónir hluta í Flugleiðum á genginu 9,6. Nú – ársfjórðungi síðar – er gengi hlutabréfa í Flugleiðum komið upp í 14,4. Hlutaféð sem Hannes keypti á ríflega 3,5 milljarða króna er núna tæplega 5,5 milljarða króna virði. Hannes hefur því hagnast vel frá því að upp úr samstarfinu við fyrrverandi tengdaföðurinn slitnaði og er nú kominn í beina samkeppni við hann í byggingavörubransanum.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

Stjórn **Atorku** mun óska eftir því á aðalfundi félagsins eftir viku að fá heimild til að hækka hlutafé um einn milljarð króna.

Í gær hækkaði **FTSE** vísitalan um 0,78 prósent. Í Þýskalandi hækkaði **Dax** um 0,62 prósent og í Japan hækkaði **Nikkei** um 1,23 prósent.

Gengi krónunnar styrktist í gær um 0,40 prósent í gær. Ekki voru mikil viðskipti með krónuna á gjaldeyrismarkaði í gær.

Gistinóttum á hótelum fjölgaði um átta prósent í desember í fyrra miðað við sama mánuð árið 2003. Þetta kom fram á vef **Hagstofu Íslands**.

**Eignaverðsvísitala KB banka** hækkaði um 1,3 prósent milli nóvember og desember í fyrra.

# Tekist á um Toyotaumboðið

**Uppsagnir níu lykilstarfsmanna hjá Toyota áttu sér nokkurn aðdraganda. Deilur voru í eigendahópnum og starfsmennirnir vildu kaupa fyrirtækið. Sættir urðu í eigendahópnum og ljóst að starfsmennirnir munu ekki njóta Toyota í bili að minnsta kosti.**



**FRÉTTASKÝRING**
ÁTÖK Í TOYOTAUMBOÐINU

**HAFLIÐI HELGASON**
BLAÐAMAÐUR

Uppsagnir níu lykilstarfsmanna Toyotaumboðsins P. Samúelssonar verða að teljast þungt högg fyrir fyrirtækið. Fyrir helgi var tilkynnt að forstjóri fyrirtækisins, Emil Grímsson, myndi hætta hjá fyrirtækinu og Úlfar Steindórsson kæmi í hans stað. Jafnframt var tilkynnt að Emil myndi kaupa Arctic Trucks. Í kjölfar þess að Emil hætti sögðu níu stjórnendur fyrirtækisins upp störfum. Þar með er horfinn hópur sem leitt hefur fyrirtækið undanfarin ár í harðri samkeppni á bílamarkaði, þar sem P. Samúelsson hefur verið leiðandi á markaðnum.

Starfsmennirnir keyptu á sínum tíma fimmtungs hlut í fyrirtækinu og höfðu áhuga á að kaupa það allt. Fjölskylda Páls Samúelssonar var ósamstíga og lykilstarfsmennirnir og Bogi Pálsson, sonur Páls, elduðu grátt silfur saman. Fjölskyldan fékk tilboð frá starfsmönnum um kaup á fyrirtækinu og leit svo út um tíma að af þeim viðskiptum gæti orðið. Útséð var um það þegar sættir tókust milli Boga og fjölskyldunnar. Þar með var ljóst að starfsmennirnir yrðu ekki kaupendur fyrirtækisins.

Það kom því fæstum á óvart að afgangur hópsins fylgdi í kjölfar Emils og hætti hjá fyrirtækinu. Með uppsagnarákvörðun níumenninganna fylgdi yfirlýsing þar sem segir að djúpstæður ágreiningur innan fjölskyldu og meirihlutaeigenda P. Samúelssonar hafi nú leitt til þess að Emil hafi þurft að láta af störfum. Starfsmennirnir benda á að undir hans stjórn hafi fyrirtækið náð framúrskarandi árangri og skilað mesta hagnaði í sögu þess í fyrra.

Emil vill ekki tjá sig um þann ágreining sem verið hefur í fyrirtækinu. „Ég vona að Toyota haldi áfram að ná þeim árangri sem það hefur náð hér á landi á undanförnum árum.“ Emil hefur fengið boð um að vinna hjá Toyota í Evrópu, en segist fyrst um sinn ætla að einbeita sér að rekstri Arctic Trucks sem skilið verður frá rekstri P. Samúelssonar. Emil getur ekki vegna ákvæða í samningi hafið störf hjá keppinauti í nánustu framtíð og flestir starfsmenn eru með slík ákvæði í samningnum til mislangs tíma þó.

### Óleysanlegur ágreiningur

Úlfar Steindórsson, sem tekur nú við fyrirtækinu og er náinn samstarfsmaður Boga Pálssonar, mótmælir þeim fullyrðingum starfsmannanna að djúpstæður ágreiningur sé innan eigendahóps P. Samúelssonar. „Meirihlutaeigendur fyrirtækisins eru einhuga að baki þeim tímabæru breytingum sem nú eiga sér stað hjá P. Samúelssyni,“ segir í tilkynningu frá fyrirtækinu. Sjónarmið eigendanna eru að starfsmennirnir hafi fengið hlut í fyrirtækinu á silfurfati og ofmetnast. Þeir hafi talið sig eiga einhvern rétt til þess að kaupa fyrirtækið. Ákvörðun þeirra að hætta hjá fyrirtækinu hafi ekki komið á óvart og fyrirséð hafi verið að einfalda þurfi yfirstjórn félagsins. Þar á bæ er litið á að starfsmenn hafi fengið hlut í félaginu sem þeir hafi hagnast á og þeir megi því vel við una. Úlfar segir að því sé ekki að neita að svona mál hafi neikvæð áhrif á fyrirtækið. „Við höfum haldið okkar aðalbirgjum upplýstum um málið. Til skemmri tíma má búast við að þetta hafi einhver áhrif. Það er eitthvað sem menn verða að gera sér grein fyrir.“

Saga starfsmannanna er önnur. Þeir segja að tilboðið sem gert var í fyrirtækið sé hærra en svo að nokkur líkindi séu á því að aðrir muni bjóða betur. Fyrirtækið hafi verið nánast gjaldþrota 1994 og einstaklega samhentur hópur hafi snúið rekstrinum til betri vegar. Vandræðin hafi fyrst og fremst verið vegna ágreinings í fjölskyldunni. Bogi Pálsson hafi þótt frekur til fjárins í fyrirtækinu og verið upp á kant við aðra eigendur. Fjölskyldan hafi rekið hann frá fyrirtækinu. Hann hafi nú náð að vinna aðra eigendur á sitt band og ósætti á milli starfsmannanna og Boga sé þess eðlis að ekki verði áfram haldið á sömu braut. Starfsmennirnir hafi reynt allt sem í þeirra valdi stóð til að ná lendingu. Þá er fullyrt úr hópi starfsmanna að hópurinn, ásamt Emil, njóti mikillar velvildar meðal yfirmanna Toyota í Evrópu, enda árangur í sölu bifreiðategundarinnar hér á landi einstakur. Starfsmennirnir líta þannig á að langt sé frá því að þeir hafi fengið eignarhlutann á silfurfati. Þeir hafi tekið áhættu og skuldsett sig á móti eignarhlutanum og þegar hann var keyptur hafi ekki verið tryggt að svo vel myndi ganga sem raunin varð. Eignarhlutinn hafi verið í samræmi við loforð sem gefin voru þegar á móti blés í rekstri fyrirtækisins.

### Viðkvæmur rekstur

Þótt fulltrúar P.Samúelsson telji tjón sitt af brotthvarfi starfsmannanna ekki marka djúp spor í rekstri þess, þá er ljóst að alltaf er erfitt fyrir þjónustufyrirtæki að missa á einu bretti samböndin og þekkingu lykilstarfsmanna sinna. Bílaumboð eru ekki föst eign. Umboðin eru með samninga við bílaframleiðendur til tiltekins tíma og auk þess eru slíkir samningar uppsegjanlegir. Samningur P. Samúelssonar við Toyota er til 2008 og í honum eru uppsagnarákvæði. Hugsanlegt er að starfsmennirnir reyni að telja Toyota í Evrópu á að segja upp samningnum. Á móti því kemur að erlend fyrirtæki eru jafnan treg til þess að hlaupa frá gerðum samningum, nema rík ástæða sé til. Það mun því skipta miklu fyrir fyrirtækið að ekki sjáist merki þess í starfseminni að lykilfólk hafi yfirgefið fleyið.

Hinn kosturinn er að þaulvanir stjórnendur úr bílasölu leiti að nýjum farvegi fyrir krafta sína og þekkingu og þá með stuðningi fjármálastofnunar og fjárfesta. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**EKKI LENGUR VIÐ STÝRIÐ** Emil Grímsson, forstjóri Toyotaumboðsins P. Samúelsson, er hættur. Í kjölfar hans hætta lykilstarfsmenn fyrirtækisins til margra ára. Hópur starfsmanna sem sögðu upp í kjölfarið lýsir honum sem einstökum leiðtoga og getur ekki hugsað sér að vinna áfram hjá fyrirtækinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**AFDRIFARÍK ENDURKOMA** Bogi Pálsson náði sáttum við fjölskylduna á kostnað sátta við lykilstarfsmenn fyrirtækisins.


MODERNUS

SAMRÆMD VEFMÆLING®
VIKA NR. 05: 31.01. - 06.02.
25 efstu eftir fjölda notenda

| | VEFUR | NOTENDUR | INNLIT | FLETTINGAR |
|---|---|---|---|---|
| 1. | mbl.is | 163.326 | 1.186.845 | 5.870.871 |
| 2. | visir.is | 149.978 | 556.923 | 4.798.394 |
| 3. | hugi.is | 110.375 | 221.448 | 1.301.604 |
| 4. | leit.is | 96.032 | 427.863 | 1.616.040 |
| 5. | eve-online.com | 72.560 | 289.369 | 3.587.395 |
| 6. | barnaland.is | 46.881 | 213.649 | 5.028.585 |
| 7. | ruv.is | 30.483 | 88.020 | 367.384 |
| 8. | icetourist.is | 19.230 | 21.285 | 92.912 |
| 9. | doktor.is | 18.819 | 29.649 | 241.259 |
| 10. | kvikmynd.is | 16.000 | 25.109 | 378.221 |
| 11. | bt.is | 14.760 | 29.068 | 193.846 |
| 12. | humor.is | 14.580 | 37.846 | 221.726 |
| 13. | rsk.is | 12.253 | 27.386 | 162.676 |
| 14. | visindavefur.hi.is | 12.203 | 15.669 | 64.339 |
| 15. | shopusa.is | 11.820 | 22.385 | 62.747 |
| 16. | textavarp.is | 11.376 | 22.240 | 29.941 |
| 17. | femin.is | 10.836 | 27.020 | 333.201 |
| 18. | tonlist.is | 9.518 | 14.966 | 100.736 |
| 19. | vikurfrettir.is | 8.355 | 25.412 | 92.306 |
| 20. | reykjavik.is | 8.339 | 13.208 | 47.749 |
| 21. | althingi.is | 7.557 | 18.236 | 100.437 |
| 22. | sport.is | 6.974 | 24.230 | 132.534 |
| 23. | nams.is | 6.898 | 11.325 | 63.657 |
| 24. | habil.is | 6.813 | 14.984 | 133.875 |
| 25. | spamadur.is | 6.530 | 15.310 | 114.063 |

Sjá á www.modernus.is/sv
og textavarpi Rúv síðu 631
Öllum vefjum stendur til boða
að taka þátt í Samræmdri vefmælingu.

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS



**FRÁ VIÐSKIPTAÞINGI Í FYRRA** Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Landsbankans, á tali við Sólon Sigurðsson, fyrrum forstjóra KB banka, og Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, gengur framhjá sposkur á svip.

# Viðskiptaþing í dag

**Búist er við fjölmenni á viðskiptaþing Verslunarráðs í dag. Þar verða meðal annars kynntar hugmyndir um einföldun og lækkun skatta.**

Björgólfur Thor Björgólfsson athafnamaður og Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra flytja aðalræðurnar á Viðskiptaþingi Verslunarráðs Íslands í dag. Þingið er haldið á Hótel Nordica og er búist við á fjórða hundrað þátttakenda.

Á þinginu kynnir Verslunarráð einnig skýrslu þar sem lagðar eru til róttækar breytingar á íslenska skattkerfinu. Í fyrra kynnti Verslunarráð á Viðskiptaþingi tillögur sínar um niðurskurð í opinberum rekstri.

Jón Karl Ólafsson, formaður Verslunarráðsins, flytur erindi um nýju skýrsluna en meginstefnan sem þar er boðið felur í sér að allar tekjur séu skattlagðar á sama hátt. Með því telur Verslunarráð að lækka megi skattprósentur og afnema undanþágur. Í hugmyndum Verslunarráðs er gert ráð fyrir að skattar á tekjur einstaklinga og fyrirtækja og virðisaukaskattur séu 15 prósent.

Eftir ræður þeirra Jóns Karls, Björgólfs og Halldórs verða pallborðsumræður þar sem þátttakendur Aðalheiður Héðinsdóttir, framkvæmdastjóri Kaffitárs; Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka; Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor HR og Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja.

**- þk**

# Stjórnvöld ýta undir þenslu

**Samtök atvinnulífsins telja tímabært að endurskoða hlutverk Íbúðalánasjóðs. Núverandi kerfi ýti undir þenslu í efnahagslífinu.**

Uppsagnir í landvinnslu á Stöðvarfirði og í Þorlákshöfn koma Samtökum atvinnulífsins ekki á óvart. Framlegð landsvinnslunnar hefur lækkað úr níu prósentum 2003 í fjögur prósent nú. Taprekstur sé óumflýjanlegur. Þetta er meðal þess sem kemur fram í leiðara Ara Edwald, framkvæmdastjóra SA, á vef samtakanna.



**ERFITT VÍÐA** Ari Edwald segir þensluna sem veldur sterkri krónu leiða til þess að fyrirtæki í alþjóðlegri starfsemi standi frammi fyrir því vali að þreyja þorrann í von um betri tíð eða leggja upp laupana.

Sterk króna sem er afleiðing af vaxtahækkunum Seðlabankans hefur dregið úr fyrirtækjum í alþjóðlegri samkeppni sem að mati SA hefur þau áhrif að fiskvinnslufyrirtæki eiga tvo kosti: annaðhvort að þreyja þorrann í von um betri tíð eða leggja upp laupana.

Ari Edwald gagnrýnir ríkið fyrir að stuðla að þenslu með auknum útlánaheimildum Íbúðalánasjóðs. Samtökin segja að stjórnvöld hafi hunsað ráðgjöf Seðlabankans sem hafi lagt til að sjóðurinn sinni fyrst og fremst afmörkuðu félagslegu hlutverki. Samtök atvinnulífsins taka undir þessi sjónarmið Seðlabankans og telja fyllilega tímabært að endurmeta forsendur þátttöku ríkisins á íbúðalánamarkaði. **- hh**





BRIMBORG / GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Skoðaðu nýjan **Focus**

# Nýtt tákn

### Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

ESP stöðugleikastýrikerfi
TRACS spólvörn
Loftkæling
Stillanlegur hiti í framsætum
Öryggispúðar að framan
Öryggispúðar í hliðum
Öryggispúðagardínur
ABS hemlakerfi
EBD hemlajöfnun
EBA hjálparhemlun
Frjókornasía
Upphitanlegir hliðarspeglar
Rafstilltir hliðarspeglar
Vindskeið að aftan (3d og 5d)
Fjarstýrð samlæsing
Fjölstillanlegt stýri
Geislaspilari með þjófavörn og 6 hátölurum
Fjarstýring fyrir hljómtæki
Aksturstölva og útihitamælir

Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör í tilefni af frumsýningu Ford Focus.

LÝSING

### Ford Focus. Ný gæði á lægra verði en áður.*

| Kaupverð | *5 gíra* | *Sjálfskiptur* |
|---|---|---|
| Ford Focus 3 dyra Trend 1,6 | **1.896.000 kr.** | **1.990.000 kr.** |
| Ford Focus 5 dyra Trend 1,6 | **1.996.000 kr.** | **2.090.000 kr.** |
| Ford Focus Wagon Trend 1,6 | **2.096.000 kr.** | **2.190.000 kr.** |
| **Bílasamningur Lýsingar** | | |
| Ford Focus 3 dyra Trend 1,6 | **23.456 kr.** | **24.609 kr.** |
| Ford Focus 5 dyra Trend 1,6 | **24.687 kr.** | **25.845 kr.** |
| Ford Focus Wagon Trend 1,6 | **25.924 kr.** | **27.081 kr.** |
| **Rekstrarleiga Lýsingar** | | |
| Ford Focus 3 dyra Trend 1,6 | **31.578 kr.** | **32.971 kr.** |
| Ford Focus 5 dyra Trend 1,6 | **33.106 kr.** | **34.530 kr.** |
| Ford Focus Wagon Trend 1,6 | **34.174 kr.** | **35.628 kr.** |

✓ Ath. sjálfskiptingin er líka á lægra verði: 94.000 kr!

### Hægt að fá aukalega:

Bluetooth® fyrir síma
AFS Halogen beygjuljós
DVD spilari í lofti og skjár
Fjöltengi fyrir heyrnartól
Kæling í hanskahólfi
Leiðsögukerfi með litaskjá
6 diska Sony hljómtæki
Bakkskynjari
Regnskynjari
Leður- eða sportsæti
Rafdrifið ökumannssæti
Raddstýring fyrir:
- hljómtæki
- síma
- leiðsögukerfi

Aðfellanlegir speglar
Hiti fyrir alla framrúðuna
Sólarvörn í framrúðu
Sportfjöðrun
Sjálfvirkur „dimmer" á baksýnisspegli
Hraðastillir
Rafdrifin sóllúga

**Nýr Ford Focus 3 dyra**



**Nýr Ford Focus 5 dyra**



**Nýr Ford Focus Wagon**



* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd: álfelgur og þokuljós.




# um gæði

► Nýr, endurhannaður Ford Focus er betur búinn en helstu keppinautarnir. Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Ford hefur tekist það sem aðrir framleiðendur hafa áður reynt; að hanna meðal stóran bíl eftir gæðastöðlum lúxusbíla á lægra verði. Margur búnaður lúxusbíla er staðalbúnaður í Focus. ESP stöðugleikastýrikerfi, TRACS spólvörn, loftkæling og öryggispúðagardínur eru þar á meðal. Árekstraröryggisstofnunin Euro NCAP gefur Ford Focus hæstu einkunn allra bíla í sínum flokki frá upphafi. Árekstraröryggi Focus er metið með 5 stjörnum eða 35 stig. Frá upphafi hefur Focus hreppt 1. sætið á 65 alþjóða verðlaunahátíðum. Í 13 skipti bíll ársins. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun! Skoðaðu vinsælasta bíl í heimi.

Þegar allt er tekið með og verð er borið saman við gæði þá er Ford Focus talinn betri kostur en bæði Toyota Corolla og VW Golf, samkvæmt fjölmörgum evrópskum bílablöðum. Veldu nýjan Focus - nýtt tákn um gæði..!

Ford Focus er vinsælasti bíll í heimi. Frá þeim tíma Ford Focus var fyrst kynntur, árið 1998, hefur Focus selst meira en nokkur annar bíll eða yfir 4 milljónir bíla. Heimsmetabók Guinness taldi sig þurfa staðfesta heimsmet Ford Focus í vinsældum og sem mest selda bíl í heimi í afmælisútgáfu sinni fyrir 2005. Focus er einnig vinsæll meðal bílagagnrýnenda en þeir hafa í 65 skipti kosið Focus í 1. sætið á aðeins 6 árum. Focus hefur verið kosinn bíll ársins í 13 skipti í Evrópu og Norður-Ameríku.



*Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (74,1% aukning) og er Ford nú þriðja vinsælasta bílamerkið á Íslandi...og sækir stöðugt á! Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford Focus.*




*Ford Focus hefur hreppt 1. sæti á 65 alþjóða-verðlaunahátíðum. Veldu Ford.*

brimborg

***Öruggur staður til að vera á***

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

**JOHN RUSKIN (1819-1900)**
fæddist þennan dag.



*„Bók þess virði að lesa hana, er þess virði að kaupa hana.“*

***Ruskin var allt í senn, rithöfundur, ljóðskáld og myndlistarmaður, en er þó frægari fyrir störf sín sem list- og samfélagsrýnir. Ritröð hans um listmálara nútímans (Modern Painters) stuðlaði að vinsældum Josephs Mallords Williams Turners og vinsældum pre-Raphaelite hreyfingarinnar sem boðaði ákveðið afturhvarf í myndlist til tíma fyrir daga endurreisnarinnar.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Bandaríkjamenn nota gas í aftöku*

Þennan dag árið 1924 fór fram fyrsta aftakan með eiturgasi í Bandaríkjunum. Aftakan fór fram í borginni Carson í Nevada-fylki, en þar var tekinn af lífi maður að nafni Tong Lee. Sá var sagður félagi í kínversku glæpagengi og dæmdur fyrir að myrða mann úr öðru gengi. Þrem árum fyrr var tekin um það ákvörðun að nota eiturgas við aftökur í Nevada, vegna þess að það væri mannúðlegri aðferð en þær sem viðgengist höfðu. Þar til gasið var tekið í notkun voru menn ýmist hengdir, leiddir fyrir aftökusveit og skotnir, eða aflífaðir með rafmagni. Þegar fangar voru drepnir með gasi voru þeir settir inn í loftþétt herbergi og svo var blásýru, annað hvort kalíumsýaníði eða natrímblásýrusalti, sleppt í ílát með saltsýru. Við þetta verður til blásýrugas sem eyðileggur blóðrauða blóðsins. Fanginn missir meðvitund á nokkrum sekúndum og kafnar, nema viðkomandi hafi haldið niðri í sér andanum eða reynt að anda rólega. Í slíkum tilvikum tók fangana oft nokkrar mínútur í krampaflogi að láta lífið. Á síðari hluta síðustu aldar létu Bandaríkjamenn að mestu af aftökum með gasi og tóku frekar að sprauta fólk með eitri í staðinn.



**TONG LEE** Tong var fyrstur fanga í Bandaríkjunum til að vera tekinn af lífi með eiturgasi.

## MERKISATBURÐIR

**1517** Spænski landkönnuðurinn Francisco Hernandez de Cordoba leggur upp frá Kúbu og finnur Mexíkó.

**1587** María Skotadrottning hálshöggvin eftir að hafa verið sökuð um að leggja á ráðin um að láta myrða Elísabetu I Englandsdrottningu.

**1918** Flóaáveitufélagið stofnað.

**1925** Halaveðrið, mesta skaðaveður á síðustu öld, veldur miklu tjóni á sjó og landi. Veðrið nær þvert yfir landið vestanvert, sextíu og átta menn farast með tveimur togurum. Í sama veðri fórst vélbátur með sex mönnum og fimm menn urðu úti.

**1940** Þýskir hermenn skjóta tíunda hvern einstakling í tveimur pólskum þorpum nærri Varsjá til að hefna fyrir dauða tveggja hermanna.


†



Ástkær maðurinn minn, faðir okkar, fósturfaðir, afi, tengdasonur, bróðir, mágur og frændi,

**Finnur Gíslason**
**yfirvélfræðingur,**

verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 10. febrúar kl. 13:00.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Guðlaug Pétursdóttir og börn hins látna.**

*Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeir sem vilja minnast hins látna er bent á bankareikning til styrktar börnum hans. Banki 0525 - 14 - 615616*





†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma
**Sólveig Eyjólfsdóttir,**

sem andaðist 31. janúar síðastliðinn verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju í dag, þriðjudaginn 8. febrúar klukkan 15. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Slysavarnadeildina Hraunprýði og Slysavarnafélagið Landsbjörg.

**Kristín V. Haraldsdóttir, Eyjólfur Þ. Haraldsson, Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, Eggert Eyjólfsson, Haraldur Sveinn Eyjólfsson.**





†

*Eiginmaður minn,*
**Þorsteinn Bjarnar**
Álfheimum 58, Reykjavík,

andaðist 4. febrúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 10. febrúar kl. 11.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Líknar- og vinafélagið Bergmál s. 554-2670 og 587-5566.

**Elva Thoroddsen.**





†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*
**Sigrún Kristinsdóttir,**
Þangbakka 8, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi laugardaginn 5. febrúar.

**Kristinn Erlendsson** — **Ásta Guðmundsdóttir,**
**Helga Erlendsdóttir** — **Ásmundur Gíslason,**
**Sigrún Erlendsdóttir** — **Sigurgestur Ingvarsson,**
**Guðrún Lísa Erlendsdóttir** — **Bragi Baldursson,**
**Sturla Erlendsson** — **Þóra Þórhildur Guðjónsdóttir,**
**Elísabet Erlendsdóttir** — **Björn Ásgrímsson Björnsson,**
**Ingunn Kristinsdóttir Þormar**
**Kristín Kristinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




**ÁSLAUG DÓRA EYJÓLFSDÓTTIR** Áslaug Dóra hélt upp á afmælið á sunnudagsmorguninn með því að bjóða vinum og ættingjum að hitta sig úti í Gróttu á háfjöru. „Það lögðu býsna margir á sig að klöngrast yfir grjót og renna í sleipum þara til að koma og fagna með mér,“ sagði hún.

TÍMAMÓT: ÁSLAUG DÓRA Á FERTUGSAFMÆLI

# Undirbýr ráðherrafund í Kíev í mars

„Ég er sérfræðingur á skrifstofu menningarmála í menntamálaráðuneytinu,“ sagði Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir þegar hún var spurð að því hvað hún væri eiginlega að gera í dag. Áslaug Dóra, sem er fertug í dag, er landsmönnum er að góðu kunn úr sjónvarpi, en hún hvarf af skjánum árið 2001.

Hún segir málaflokkinn sem hún fæst við í ráðuneytinu mjög fjölbreyttan, en hann snertir bæði tónlistarmál, myndlist, leiklist, bókmenntir og fleira. „Aðalverksvið mitt tengist samt fjölmiðlum og kvikmyndum. Meðal annars er ég í tveimur nefndum. Önnur er hjá Norrænu ráðherranefndinni og fjallar um menningu og fjölmiðla og svo er ég í nefnd á vegum Evrópuráðsins sem fjallar um mannréttindi og fjölmiðla.“ Áslaug Dóra segir að á vegum nefndar Evrópuráðsins sé nú í undirbúningi ráðherraráðstefna í Kíev í Úkraínu í mars. „Ég er að undirbúa að fara með ráðherra á þann fund en þar verður fjallað um mannréttindi og fjölmiðla í Evrópu. Nefndin sendir svo frá sér ályktanir og tilmæli sem tengjast þessum málaflokki.“ Hún segir þetta starf mjög skemmtilegt því þarna komi að allar Evrópuþjóðirnar og hópurinn því bæði fjölbreyttur og áhugaverður. „Og svo er viðfangsefnið auðvitað spennandi, sérstaklega fyrir ríkin sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum, en þau eru að koma undir sig fótunum með lýðræðislegri fjölmiðla og þjóðfélag,“ sagði Áslaug og bætti við að ýmis önnur verkefni væru í pípunum, svo sem undirbúningur Heimssýningarinnar 2005 í Japan. „Ég er að undirbúa menningardag Íslands um miðjan júlí þar sem fram koma íslenskir listamenn í Japan, en þetta verður bæði viðamikil og glæsileg dagskrá.“

Áslaug Dóra segist ekki sakna Sjónvarpsins þó svo að sá tími sem hún starfaði þar hefði verið bæði lærdómsríkur og skemmtilegur. „Það er svo mikið að gera á hverjum degi, ný verkefni, einstakt samstarfsfólk í ráðuneytinu og frábær ráðherra,“ sagði hún, en hún tók fljótlega við starfinu þar eftir að hafa látið af störfum hjá Sjónvarpinu. „Síðasti þátturinn sem ég gerði í Sjónvarpi var árið 2001 og ég fór sama ár í ráðuneytið. Ég eignaðist tvíbura þetta ár og ákvað að skipta yfir í níu til fimm vinnu,“ sagði hún, en bætti við að vissulega þættu henni fjölmiðlar alltaf mjög spennandi. „En ég tengist þeim nú í gegnum starfið líka, þótt það sé á annan hátt. Mér finnst ég í raun hafa í gegnum þetta starf kynnst heimi fjölmiðlanna á nýjan hátt, en auðvitað er aldrei að vita hvað verður í framtíðinni,“ sagði Áslaug Dóra og hló. ■


15% afsláttur
af legsteinum
gegn staðgreiðslu
í janúar og febrúar

Sendum myndalista



MOSAIK
Hamarshöfði 4, 110 Reykjavík, s: 587 1960, www.mosaik.is


## AFMÆLI

**Jónatan Garðarsson** dagskrárgerðarmaður er 50 ára í dag.





**Jóhann Hjartarson** skákmeistari er 42 ára í dag.

**Eiríkur S. Jóhannsson** forstjóri Og Vodafone er 37 ára í dag.





**Arnbjörg Hlíf Valsdóttir** leikkona er 29 ára í dag.

**Svala Björgvinsdóttir** söngkona er 28 ára í dag.



## ANDLÁT

**Birgir Viktor Hannesson**, Bjarkargrund 24, Akranesi, lést föstudaginn 4. febrúar.

**Grímólfur Andrésson**, skipstjóri frá Stykkishólmi, Laugarnesvegi 112, lést föstudaginn 4. febrúar.

**Halldór Marías Ólafsson**, múrarameistari, Brekkugötu 12, Hafnarfirði, lést föstudaginn 4. febrúar.

**Haraldur Guðmundsson**, flugumferðarstjóri, Háholti 23, Hafnarfirði, lést laugardaginn 5. febrúar.

**Sigríður Gísladóttir**, Safamýri 48, Reykjavík, lést laugardaginn 5. febrúar.

**Kristbjörg Guðmundsdóttir**, Búlandi 8, Djúpavogi, lést sunnudaginn 6. febrúar.

## JARÐARFARIR

13.00 **Hildur B. Kærnested**, hjúkrunarheimilinu Sóltúni 2, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni.

13.00 **Jóna Júlía Valsteinsdóttir**, Sólvangi, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju.

15.00 **Sólveig Eyjólfsdóttir**, Brekkugötu 5, Hafnarfirði, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju.

15.00 **Unnur Guðbjartsdóttir**, Sólvangi, Hafnarfirði, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.


Minningarkort Hjartaverndar
535 1825
HJARTAVERND

# Saltkjöt og baunir

Í dag er sprengidagur, en hann ber ætíð upp á þriðjudag í 7. viku fyrir páska. Í kaþólskum sið er þetta síðasta tækifæri til kjötáts fyrir lönguföstu. Hér er hefð fyrir því að sprengja sig á saltkjöti og baunum.

Í þjóðsögum Jóns Árnasonar er greint frá því hvernig það kom til að dagurinn var nefndur sprengidagur. Greint er frá fólki sem lokið hafði við mikla kjötmáltíð og að húsmóðirin hafi þá sagt „Guði sé lof, mett er ég og mínir.“ Þá kom dóttur hennar í hug að móðirin hefði fengið meira en hún að borða og sagði: „Springi sá sem fyllstur er!“ Kom þá í ljós að stelpan hafði sjálf étið mest, enda sprakk hún. ■

# Gróðurkort í hálfa öld

Á þessu ári eru 50 ár síðan hafin gerð gróðurkorta á vegum búnaðardeildar Atvinnudeildar Háskóla Íslands, en nú hafa liðlega tveir þriðju hlutar landsins verið kortlagðir í mælikvarða frá 1:20.000 til 1:40.000. Á slíkum kortum er gróið land flokkað í um 100 gróðurfélög og bersvæðisgróður er flokkaður í 10 flokka eftir landgerðum.

Í tilkynningu Náttúrufræðistofnunar kemur fram að Björn Jóhannesson jarðvegsfræðingur hafi haft frumkvæði að gróðurkortagerðinni, en hann vann um nokkurra ára skeið að jarðvegskortagerð í þremur landbúnaðarhéruðum. „Þar sem gróðursamfélögin endurspegluðu vel jarðveginn sem verið var að kortleggja, fékk hann þá hugmynd að gagnlegt væri að kortleggja gróðurinn með það í huga að meta beitargildi úthaga. Björn fékk Steindór Steindórsson grasafræðing til liðs við sig en hann hafði rannsakað gróðursamfélög víðsvegar um landið.“ Þá kemur fram að starfsemi gróðurkortagerðar hafi árið 1995 verið flutt til Náttúrufræðistofnunar Íslands og þar með undir umhverfisráðuneyti, í stað landbúnaðarráðuneytis áður. Ástæðan er sögð hafa verið minnkandi beitarálag og þörfin á kortlagningu vegna beitar því ekki eins mikil. „Einnig hafði eftirspurn eftir náttúrufarsupplýsingum af gróðurkortunum aukist vegna skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum. Söfnun á upplýsingum um gróðurfar landsins féll einnig mjög vel að lagalegri skyldu Náttúrufræðistofnunar um skráningu á íslenskri náttúru.“ ■



**MOSI OG LYNG** Á gróðurkortum Náttúrufræðistofnunar er gróið land flokkað í fjölda gróðurfélaga og bersvæðisgróður í flokka eftir landgerðum.



**JÓHANNA K. EYJÓLFSDÓTTIR** Jóhanna flytur í kvöld erindi á vegum Mannfræðifélagsins, en upplýsingar um það eru að finna á slóðinni akademia.is/mi/.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

**1828** Jules Verne, rithöfundur.





**1925** Jack Lemmon, leikari.

**1931** James Dean, leikari.





**1941** Nick Nolte, leikari.

**1955** John Grisham, rithöfundur.





**1961** Vince Neil úr Mötley Crüe.

**1968** Gary Coleman, leikari.

**1969** Mary McCormack, leikkona.





**1975** Joshua Morrow, leikari.

# Fyrirlestur um mannréttindi

Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Amnesty International, flytur í kvöld á vegum Mannfræðifélags Íslands erindi sem nefnist Menning í mannréttindasamfélagi. Í erindinu varpar hún ljósi á hvernig tekist hefur verið á við menningarlega færni og menningarlega árekstra innan mannréttindasamtakanna Amnesty International. „Samtökin hafa innan sinna vébanda fólk með margvíslegan menningarlegan bakgrunn, sú fjölbreytni kallar á kröfu um menningarlega færni þeirra sem þátt taka í starfsemi samtakanna,“ segir í tilkynningu Mannfræðifélagsins, en erindið er hluti af fyrirlestraröð félagsins og hefst klukkan átta í kvöld á fjórðu hæð í Reykjavíkurakademíunni, Hringbraut 121 í Reykjavík. ■

# Sýna árin milli stríða

Í kvöld klukkan átta sýnir Kvikmyndasafn Íslands nokkrar myndir teknar á Íslandi á árunum milli stríða, 1919 til 1929.

Myndirnar sem um ræðir eru meðal annars Hafnarfjarðarmyndir Bíópetersen frá árinu 1919 og Íslandsmyndir frá árinu 1926 eftir þýska leikstjórann Hubert Schonger. Þá verður einnig sýnd Íslandsmynd Danans Leo Hansen frá árinu1929.

Í tilkynningu kvikmyndasafnsins kemur fram að allar séu myndirnar svarthvítar og þöglar, en tónlistarmaðurinn Jónas Þórir hafi sett saman tónlistarprógramm úr lögum frá tímanum milli stríða og leiki á píanó undir sýningunni eins og tíðkaðist á fyrri hluta síðustu aldar.

Hafi áhugasamir ekki tök á að mæta í kvöld þurfa þeir samt ekki að örvænta því önnur sýning verður á laugardaginn klukkan fjögur. Sýningar Kvikmyndasafnsins fara fram í sýningarsal safnsins í Bæjarbíói, við Strandgötu 6 í Hafnarfirði. Miðasala opnar hálftíma fyrir sýningu. ■



**sport**
sport@frettabladid.is

**Við vonum...**
... að Bjarnólfur Lárusson fái ekki rautt spjald í næsta leik sem hann spilar með KR-ingum. Hann hefur fengið rautt spjald í tveimur af þeim þremur leikjum sem hann hefur spilað með liðinu í Reykjavíkurmótinu þannig að líkurnar á því að hann fái rautt í þeim næsta eru...



**Við vorkennum...**
...Jóni Nordal Hafsteinssyni, leikmanni Keflavíkur í körfunni, sem er með þrefalt lélegri nýtingu en tröllið Shaquille O'Neal á vítalínunni. Jón hefur hitt úr 3 af 18 vítum sínum.



*„Þau bara eru ekki að detta núna."*

***Jón Nordal Hafsteinsson úr Keflavík er með einfalda skýringu á afar lélegri vítanýtingu sinni.***



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

5 6 7 **8** 9 10 11

**Þriðjudagur**

### LEIKIR

- 19.15 **FH** og **Grótta/KR** mætast í Kaplakrika í 1. deild karla í handbolta.
- 19.15 **ÍBV** og **Grótta/KR** mætast í Vestmannaeyjum í SS-bikar kvenna í handbolta.
- 19.15 **ÍA** og **Þór Þorlákshöfn** mætast á Akranesi í 1. deild karla í körfubolta.
- 19.30 **ÍS** og **Haukar** mætast í Kennaraháskólanum í 1. deild kvenna í körfubolta.
- 21.30 **HK/Víkingur** og **Valur** mætast í Egilshöll í Reykjavíkurmóti kvenna í fótbolta.

### SJÓNVARP

- 18.05 **Olíssport** á Sýn.
- 20.20 **Bestu leikirnir í NBA** á Sýn. Sýnt frá leik **Los Angeles Lakers** og **Philadelphia 76ers** í úrslitum NBA-deildarinnar árið 1980.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.



- 23.15 **Fótbolti um víða veröld** á Sýn.

# Vítahringur á vítalínunni

**Keflavík, efsta lið Intersportdeildarinnar í körfubolta, á í verulegum vandræðum með einn þátt í leik sínum. Liðið er skipað mörgum af mestu skyttum deildarinnar en er samt á meðal slökustu liða á vítalínunni. Sá slakasti í deildinni er Keflvíkingurinn Jón Nordal Hafsteinsson með 16,7% nýtingu.**

**KÖRFUBOLTI.** Íslandsmeistarar Keflavíkur eru á góðri siglingu í úrvalsdeildinni í körfuknattleik og trjóna á toppi deildarinnar. Þrátt fyrir að vera í kunnuglegri stöðu í deildinni hefur vítanýting liðsins verið afleit það sem af er ári og var liðið nýverið á botni deildarinnar í vítanýtingu. Í Keflavík er hefð fyrir góðri vítahittni eins og öðru og því þykir sæta tíðindum að liðinu gangi illa á þessu sviði leiksins.

Fréttablaðið ræddi við Sigurð Ingimundarson, þjálfara liðsins, og spurði hann meðal annars hvort eitthvað væri til í því að gamla kempan Guðjón Skúlason væri farinn að mæta á æfingar hjá liðinu til að segja leikmönnum til í vítaskotunum, því Guðjón var eins og kunnugt er afbragðs vítaskytta á ferli sínum með liðinu.

„Miðað við venju erum við ekki að hitta vel, nei. Það er alveg rétt og ég tel að það hafi háð okkur nokkuð að við höfum ekki getað æft einstaka atriði eins og þetta nægjanlega vel sökum leikjaálagsins sem verið hefur á liðinu í vetur. Það er nokkuð athyglisvert að þeir sem hafa verið að fá flestu vítin hjá okkur hafa verið að hitta frekar illa. Við missum hins vegar ekkert svefn yfir þessu og stefnum hærra og ég get lofað því að liðið verður komið upp á meðal þeirra bestu þegar deildarkeppnin klárast," sagði Sigurður.

Keflavíkurliðið er aðeins með um 66% vítanýtingu það sem af er tímabils og segir Sigurður að liðið hafi einmitt verið að fara vel ofan í saumana á þessu vandamáli undanfarið og að það hafi skilað sér í síðasta leik þegar liðið hitti ágætlega.

Þegar litið er á einstaka leikmenn í liðinu má sjá að sá leikmaður sem hefur hitt best úr vítum sínum í vetur af þeim sem leika hvað mest, er Magnús Gunnarsson með um 85% nýtingu.

Athygli vekur að Jón Nordal Hafsteinsson er með aðeins tæplega 17% vítanýtingu, en þessi frábæri leikmaður er með bestu nýtingu allra í deildinni í skotum utan af velli svo að afleit vítanýting hans er í meira lagi undarleg. Jón hefur aðeins hitt úr þremur af átján vítaskotum sínum í deildinni í vetur og þó að hann fari kannski sjaldan í vítalínuna, verður þetta að teljast ansi slök hittni af landsliðsmanni að vera.

„Ég hef engar áhyggjur af Jóni, þetta kemur allt saman hjá honum og hann verður að hitta vel það sem eftir er tímabils og í úrslitakeppninni eins og aðrir í liðinu", sagði Sigurður þegar hann var spurður út í vandræði Jóns og félaga hans á vítalínunni. Við spurðum Jón sjálfan hvernig stæði á þessu og hann hafði fá svör við draugnum sem eltir hann á vítalínuna.

„Þau bara eru ekki að detta núna. Ég hef svo sem aldrei verið nein frábær vítaskytta en þetta er auðvitað ekki nógu gott," sagði Jón. Hann kvaðst þó sammála þjálfara sínum um að nýtingin lagaðist með vorinu, því liðið hefði verið duglegt að æfa þetta atriði undanfarið og lofaði að stór bæting yrði á í næstu leikjum. Það verður áhugavert að fylgjast með því hvort Keflvíkingar standa við stóru orðin og verða farnir að hitta með þeim bestu í vor. ■



**GLOVER Á LÍNUNNI** Bandaríkjamaðurinn Anthony Glover er öflugur leikmaður en hann hittir samt ekki nema úr 60% af vítum sínum, sem er lélegt af leikmanni eins og honum. Mynd/Víkurfréttir


# Knattspyrnuskóli
## Knattspyrnuakademíu Íslands
## í FÍFUNNI og EGILSHÖLL

**Námskeið**

5. vikur: 14. febrúar–18. mars

**Yngri hópur: 5. fl. karla og kvenna.**
Tvær æfingar í viku:
Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 06:30-07:30.

**MasterCard verð: 18.500**

**Eldri hópur: 4., 3., 2., og m.fl. karla og 4., 3., 2. og m.fl. kvenna.**
Þrjár æfingar í viku:
Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga kl. 06:30-07:30.

**MasterCard verð: 27.900**


Arnór Guðjohnsen


Guðni Bergsson


Eyjólfur Sverrisson


Þorlákur Árnason


Guðmundur Hreiðarsson

AKÍ Knattspyrnu Akademía Íslands

**Innifalið í verði er:**
Treyja, stuttbuxur og sokkar
Morgunverður
Lokahóf

Skráning og allar upplýsingar í síma 695-4504 og á heimasíðu Knattspyrnuakademíunnar, www.knattspyrnuskolinn.is

Coca-Cola · SS · ICELANDAIR · skyr.is · Síminn · MasterCard · Landsbankinn




**ALLTOF HARÐUR AF SÉR** Bjarnólfur Lárusson hefur þegar fengið tvö rauð spjöld í búningi KR þrátt fyrir að hafa aðeins spilað þrjá mótsleiki með Vesturbæjarliðinu.

Bjarnólfur Lárusson rekinn tvisvar út af í fyrstu þremur leikjum sínum með KR:

# Sér rautt í Vesturbænum

**FÓTBOLTI** Bjarnólfur Lárusson hefur séð rautt í fyrstu leikjum sínum með KR í Reykjavíkurmótinu því hann hefur verið rekinn tvisvar út af með rautt spjald í fyrstu þremur mótsleikjum sínum með KR.

Bjarnólfur fékk ekki spjald í fyrsta leik sínum með KR sem var í 2-2 jafntefli við Víking en fékk hins vegar tvö gul spjöld og þar með rautt spjald í 1-0 sigri á Þrótti og svo aftur rautt, nú beint rautt spjald á 76. mínútu, í 2-0 sigri á Leikni í fyrrakvöld en í millitíðinni tók hann út leikbann í 0-2 tapi KR fyrir FH.

Sigurinn á Leikni tryggði KR sigur í riðlinum og sæti í undanúrslitum mótsins ásamt liði FH en þátttöku Bjarnólfs í þessu Reykjavíkurmóti er væntanlega lokið þó svo að KR-liðið komist í úrslitaleikinn, því tvö rauð spjöld ættu að öllu jöfnu að þýða tveggja leikja bann. Hugsanleg uppskera Eyjamannsins í fyrstu sex mögulegum mótsleikjum með KR getur því orðið 3 leikir spilaðir, tvö rauð spjöld og þrír leikir í banni.

Bjarnólfur er þjóðþekkt hörkutól og á síðustu tveimur tímabilum með ÍBV í Landsbankadeildinni fékk Bjarnólfur sem dæmi 16 gul spjöld og tvö rauð sem er það mesta meðal allra leikmanna deildarinnar á þessum tíma.

Vesturbæingar vonast þó væntanlega til að leikbönnin hans verði ekki í sömu hlutföllum í öðrum mótum ársins og þau voru í fyrsta móti hans með KR. ■

# Meistarar í þriðja sinn á fjórum árum

## New England Patriots vann baráttuna gegn Philadelphia Eagles um Ofurskálina í ameríska fótboltanum, 24-21, í Jacksonville í fyrrinótt.

**AMERÍSKI FÓTBOLTINN** New England Patriots tryggði sér meistaratitilinn í ameríska fótboltanum í fyrrinótt annað árið í röð og þriðja skiptið á fjórum árum þegar liðið bar sigurorð af Philadelphia Eagles, 24-21, í 39. leiknum um Ofurskálina í Jacksonville.

Fyrirfram var búist við því að New England myndi verja titil sinn nokkuð auðveldlega en meistararnir þurftu svo sannarlega að hafa fyrir hlutunum.

Terrell Owens, útherji Eagles, sneri aftur eftir sjö vikna fjarveru vegna fótbrots og gaf öllum læknum langt nef, læknum sem sögðu að hann gæti aldrei spilað þennan leik. Owens átti fínan leik en hann átti samt ekkert svar við stórkostlegum leik Deion Branch hjá New England sem greip ellefu bolta og hljóp alls 133 metra með boltann.

Branch var valinn maður leiksins að honum loknum og skyggði algjörlega á Tom Brady, leikstjórnanda New England. Brady átti samt góðan leik og skilaði þremur sendingum sem gáfu snertimörk.

„Fyrir mér þá tilheyrir þessi titill leikmönnunum. Þeir stóðust allar atlögur þetta árið, ár sem var mikil áskorun. Þeir spiluðu frábærlega allt árið, voru bestir í stórleikjunum og áttu sigurinn svo sannarlega skilið,“ sagði Bill Belichick, þjálfari New England, sem hefur skipað sér á bekk með helstu þjálfaragoðsögnum í sögu ameríska fótboltans.

Tom Brady, leikstjórnandi New England, hrósaði Deion Branch sérstaklega eftir leikinn. „Þvílíkur leikur og þvílíkar andstæðingar. Við komumst ekkert áleiðis í fyrsta leikhlutanum en síðan opnaði Deion Branch þetta fyrir okkur með frábærri frammistöðu,“ sagði Brady. ■

**MEISTARAR SÍÐUSTU TÍU ÁRA**

| | |
|---|---|
| 2005 | New England Patriots |
| **2004** | **New England Patriots** |
| 2003 | Tampa Bay Buccaneers |
| **2002** | **New England Patriots** |
| 2001 | Baltimore Ravens |
| **2000** | **St. Louis Rams** |
| 1999 | Denver Broncos |
| **1998** | **Denver Broncos** |
| 1997 | Green Bay Packers |
| **1996** | **Dallas Cowboys** |



**BRANCH MEÐ BIKARINN** Deion Branch, sem var valinn maður leiksins, heldur hér á bikarnum. Til vinstri við hann er Bill Belichick, þjálfari New England.



**FANNAR TIL ULM** Fannar Ólafsson mun leika með þýska liðinu Ulm það sem eftir er vetrar.

Fannar Ólafsson:

# Kominn í þýska boltann

**KÖRFUBOLTI** Landsliðsmaðurinn Fannar Ólafsson hefur skipt um lið en hann hefur leikið með gríska 2. deildarliðinu Ase Doukas Athens í vetur.

Fannar er nú kominn á reynslusamning hjá þýska 2. deildarliðinu Ratiopharm Ulm en með því liði lék einmitt Logi Gunnarsson áður en hann fékk samning hjá þýska úrvalsdeildarliðinu Giessen 46ers.

Fannar fann sig ekki í Grikklandi í vetur en hann ætti að spila sinn fyrsta leik með Ulm um næstu helgi. Fannar fékk sig lausan frá gríska liðinu sem stóð ekki við sína samninga og þýska liðið þurfti nauðsynlega á liðstyrk að halda þar sem liðið hefur verið að missa leikmenn í meiðsli að undanförnu.

Ulm er í öðru sæti í suðurriðli þýsku 2. deildarinnar og hefur unnið 14 af 18 leikjum sínum í vetur en toppliðið Nurnberg hefur unnið alla sína 18 leiki. Á heimasíðu félagsins er komu Fannars fagnað og talað um að tengslin við Ísland haldi áfram og að Fannar hafi sýnt góð tilþrif á sínum fyrstu æfingum. Logi Gunnarsson var stigahæsti leikmaður Ulm-liðsins þegar hann lék þar síðast tímabilið 2002-03 en Logi skoraði þá 17,6 stig að meðaltali. ■

Intersportdeildin:

# Bandarísk systkini hjá Haukunum

**KÖRFUBOLTI** Demetric Shaw er kominn til reynslu hjá Intersportliði Hauka í körfuboltanum en slæmt gengi Haukanna hefur dregið liðið alla leið niður í harða fallbaráttu.

Haukar létu John Waller fara í síðustu viku og ætla að gefa Shaw tækifæri en hann er einmitt bróðir Ebony Shaw sem hefur leikið við góðan orðstýr hjá kvennaliði liðsins í vetur. Shaw lék með Kent State-háskólanum á árunum 2000 til 2002 og er 191 sm hár bakvörður var með 7,3 stig, 5,4 fráköst á sínu síðasta tímabili. ■



...bara á
flugfelag.is
9. - 15. febrúar

Milli Reykjavíkur og
AKUREYRAR
5.700 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og
EGILSSTAÐA
5.700 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og
ÍSAFJARÐAR
5.700 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Akureyrar og
VOPNAFJARÐAR/
ÞÓRSHAFNAR
4.500 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Akureyri og
GRÍMSEYJAR
3.500 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Börn, 2ja–12 ára, í fylgd með fullorðnum, greiða 1.940 kr. aðra leiðina.

flugfelag.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS FLU 27300 02/2005

## STUÐ MILLI STRÍÐA | Sirkuskötturinn Hrappur

ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON KYNNTIST KETTI OG ER EKKI SAMUR MAÐUR.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég hef ítrekað lent í því á síðari árum að þurfa að endurmeta ýmsar hugmyndir og fastmótuð gildi sem ég taldi vera staðfastari og traustari en gangstéttina meðfram Bankastræti.

Þannig stóð ég lengi klár á því að áfengi veitti fólki innblástur, skerpti hugsunina og gerði fólk almennt skemmtilegra. Það reyndist rangt.

Ég hélt líka að það væri ferlega töff að reykja og eftir að ég ánetjaðist tóbakinu var ég fljótur að gangast við því að það væri ekki hætt að hætta að reykja. Ég komst nýlega að því að það er ekkert mál. Ef maður vill hætta þá hættir maður bara. Tóbaksframleiðendurnir sjálfir hljóta að hafa búið til goðsögnina um að það sé erfitt að hætta.

Þessar mögnuðu uppgötvanir mínar fölna samt í samanburði við kynni mín af sirkuskettinum Hrappi. Ég hafði lengi staðið í þeirri meiningu að kettir væru leiðinda skepnur; sjálfselskir, undirförlir og ekki líklegir til þess að gefa mikið af sér. Ég hef talið mig meiri hundamann þó að ég hafi aldrei átt hund eða kött og vissi því ekkert í minn haus.

Hundar eru eyrnamerktir bestu vinir mannsins og þykja tryggir og húsbóndahollir. Þessir traustu eðlisþættir gera það auðvitað að verkum að þeir eru ekkert sérstaklega skemmtilegir og varla með frjálsari vilja en meðal-framsóknarmaður.

Kettir eru allt annað mál og þessi nýi vinur minn er fullur af lífi, fjöri og hlýju. Það er enginn hundur í Hrappi sem ég reyndi að nálgast með opnum hug þegar ég féll fyrir eiganda hans. Kisi byrjaði á að klóra mig, bíta og míga á fótinn á mér. Hefði verið um hund að ræða hefði ég sjálfsagt þurft að berja hann til að taka mig í sátt. Kötturinn lætur hins vegar ekki kúga sig og því urðum við að mætast á miðri leið á jafningjagrundvelli og á hálfu ári höfum við myndað traust vináttubönd og erum ófeimnir við að vera góðir hvor við annan. Ég hef sem sagt lært það að það er kúl að eiga kött. ■

## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA

Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



# Hasar í skemmtilegu andrúmslofti

[ TÖLVULEIKUR ]

UMFJÖLLUN



KILLZONE
VÉLBÚNAÐUR PLAYSTATION 2
FRAMLEIÐANDI GUERRILLA
ÚTGEFANDI SONY

**NIÐURSTAÐA:** Finn FPS-skotleikur fyrir Playstation 2. Mikill hasar og skemmtilegt andrúmsloft skilar ágætri skemmtun fyrir áhugamenn um skotleiki. Fjöldaspilun eykur lífdaga leiksins svo um munar.

Þegar Killzone-leikurinn var í framleiðslu þá var hann hylltur af mörgum sem andstæðingur skotleiksins Halo 2 en í rauninni eiga þeir lítið sameiginlegt nema að vera báðir fyrstu persónu skotleikir og hafa fjöldaspilunarmöguleika fyrir leikjatölvur.

Killzone gerist í framtíðinni þar sem mannkynið hefur lagt undir sig aðrar plánetur í sólkerfinu og skiptist mannkynið niður í tvær fylkingar, ISA sem eru hreinræktaðar manneskjur og Helgast sem er afmyndað form af mannkyninu sökum langvarandi veru á óbyggilegum plánetum. Helgast eru gramir í garð ISA og því eiga þessar tvær fylkingar í blóðugu stríði.

Spilarinn stýrir ISA-hermanninum Templar sem þarf að taka á honum stóra sínum til að eiga möguleika gegn hinum illu Helgast. Þar sem ég spila flesta fyrstu persónu skotleiki (FPS) á PC-tölvu tók það mig smá tíma að venjast stýripinnanum en þegar ég var búinn að ná réttum handtökum var Killzone búinn að ná heljartökum á mér.

Umhverfi leiksins er sannfærandi þó svo að leiðin í gegnum hann sé aðeins ein og lítið frelsi til að skoða sig um. Umhverfið býður ekki upp á mikla gagnvirkni en hasarinn bætir það upp. Helgasthermennirnir eru sniðugir andstæðingar sem vinna saman og eru harðir naglar. Þeir hafa mismunandi týpur innan sinna vébanda og haga sér eftir því. Fótgönguliðarnir ráðast beint til atlögu á meðan stórskotaliðið og leyniskytturnar halda sig til baka og veita fótgönguliðinu stuðning.

Það sem kom á óvart var hversu saga leiksins er sterk þrátt fyrir að hún sé ekkert sérlega frumleg. Fléttur í sögunni breyta atburðarás leiksins og heldur hún athygli spilarans.

Þegar líður á leikinn fær Templar liðsauka þriggja karaktera sem spilarinn getur valið að spila í upphafi verkefna. Liðsaukinn kemur frá Luger, sem er kvenkyns leynihermaður „Stealth“, Rico, sem er svartur þungavopnahermaður og Hakha, sem er hálfur maður og hálfur Helgast. Hópurinn vinnur saman en ekki er hægt gefa þeim skipanir og eru þau ónæm fyrir skotum og sprengjum Helgast sem rýrir raunveruleikagildi leiksins.

Grafík Killzone er fín á mælikvarða PS2 og hljóðvinnslan er frábærlega unnin og skapar hún magnþrungið andrúmsloft. Að vísu verða frasarnir frá karakterunum og Helgast þreytandi til lengdar enda ekki mikil fjölbreytni í gangi.

Killzone kemur á óvart og er alveg ágætis skemmtun sem skotleikur þrátt fyrir augljósa galla.

franzgunnarsson@hotmail.com

## Á HESTBAKI

**JENS EINARSSON** FJALLAR UM HESTA OG HESTAMENNSKU

# Súper-trippin undan Keili

Sumarið 2000 fékk Keilir frá Miðsitju undir sig margar frægar og hátt dæmdar hryssur og sennilega hafa fleiri en 20 þeirra verið með 1. verðlaun. Í hópnum voru m.a. Gleði frá Prestsbakka, Bringa frá Feti og Álfadís frá Selfossi, allt stórstjörnur frá LM2000 í Reykjavík. Trippin sem út úr þessari leiðslu komu eru nú á fjórða vetur og nokkur þeirra orðin reiðfær.

Afkvæmi Gleði og Keilis er stóðhestur, svartur að lit og heitir Víðir frá Prestsbakka. Að sögn Ólafs H. Einarssonar á Hvoli fer folinn vel af stað, brokkar vel og stígur í tölt, fallegur hestur. Varla þarf að minna á að Gleði er eitt mesta hestagull sem fram hefur komið og því mikils að vænta. Eigendur að Víði eru þrír en stærstan hlut á Göran Montan í Svíþjóð.

Erlingur Erlingsson í Langholti er með tvær hryssur í tamningu úr þessum árgangi. Önnur er undan Bringu frá Feti, dökkjörp, ekki stór en sterkbyggð eins og móðirin. Erlingur segir þetta spennandi trippi, hún sé lík Bringu í útliti en mun gangsamari þótt brokkið sé hennar kjörgangur. Hin hryssan er alsystir Þotu frá Reykjavík, sem er árinu eldri og fékk 1. verðlaun í fyrra, fjögurra vetra. Eigandi þeirra systra er Jón Ingvarsson í Reykjavík.

Álfasteinn frá Selfossi varð frægur daginn eftir að hann fæddist og mikil spenna hefur verið í kringum hann alla tíð síðan. Hann er nú farinn að brokka um reiðgöturnar á Selfossi, rúmt og fallega, auðveldur og þægur. Allt bendir til að hann verði með afar fallegan höfuðburð, enda foreldrarnir báðir einstakir hvað það varðar.



**ÁLFASTEINN FRÁ SELFOSSI** Hann varð frægur daginn eftir að hann fæddist og mikil spenna hefur verið í kringum hann alla tíð síðan.

Gunnar Arnarson leiddi þrjár úrvalshryssur undir Keili árið 2000: Limru frá Laugarvatni, Trú dóttir hennar og Orra frá Þúfu, og Gillingu, undan Orra og Gloríu frá Hafnarfirði. Undan þeim fékk hann þrjá hesta. Gunnar segir folana fara vel af stað, þeir séu þjálir og auðveldir, allir alhliða gengir en brokkið ekki eindregið og prúðleiki og fríðleiki í tæpu meðallagi. Hann segir þá hins vegar of lítið tamda til að segja til um hvort þeir verði afgerandi.

Hjá Gunnari Jóhannssyni á Árbæ, eiganda Keilis, er í tamningu stóðhestur fjögurra vetra, undan Væntingu frá Stóra-Hofi, Stígsdóttur frá Kjartansstöðum. Trippið lofar góðu og þess má geta að alsystir hans, tveimur árum eldri, fékk 1. verðlaun þegar hún var sýnd fjögurra vetra. Einnig er þar hryssa undan Snældu frá Bjarnanesi og stóðhestur undan Lilju frá Litla-Kambi, þannig að það má búast við ýmsu skemmtilegu á sýningarnar í vor. ■


# ÞÉTTIR ÞRIÐJUDAGAR – á SKJÁEINUM

**18:00 Welcome to the jungle**
Þáttur um uppfærslu Versló á söngleiknum Welcome to the Jungle.

**18:30 Dead Like Me – lokaþáttur** e
George reynir að endurheimta starfið á Happy Time en Delores líst ekki á það.

**19:30 The Simple Life 2** e
Nicole fær að gista hjá indælli fjölskyldu en lendir í deilum við elsta soninn og ákveður að láta hann finna fyrir því.

**20:00 Blow Out**
Æsispennandi þættir um heim hárs og tísku. Jonathan rekur Brandon og verður að kalla inn sjálfboðaliða til að bjarga stofunni.



**21:00 Innlit/útlit**
Nú er baðherbergið sem Þórunn, Sesselja og Katrí voru að gera upp tilbúið, og spennandi að sjá útkomuna. Vala skoðar nýjustu hönnun Rutar Kára, Þórunn fer með Jónsa í nýju íbúðina sem hann var að fá afhenta og kíkt verður á barnaherbergi hjá Guðrúnu Möller. Vala heimsækir Birgi Örn sem hefur verið að breyta íbúðinni sinni í beinni á Netinu en íbúðin er loksins tilbúin. Stútfullur þáttur af skemmtilegum og spennandi innlitum.



**22:00 Judging Amy**
Ignacio heldur áfram að hanna unaðsreit Maxine og Kyle ákveður að horfast í augu við sjálfan sig. Amy fær póstkort frá David sem vekur fleiri spurningar en svör og henni blöskrar áhugi samstarfsfólks síns á sambandi þeirra Davids. Lauren er á lokasprettinum að breytast í ungling.



**22:45 Jay Leno**
Kirstie Alley sem átti stjörnuleik í Staupasteini í gamla daga kemur í heimsókn til Jay Leno í kvöld og ræðir lífið, tilveruna, aukakílóin og ástina.

**23:30 Dragnet** e
Spennuþáttaröð úr smiðju Dick Wolf, framleiðanda „Law & Order“ þáttanna. Lögreglumennirnir rannsaka rán og morð á syni pars sem hefur kostið sér óvenjuelga lífsstíl.

**00:20 Sunnudagsþátturinn** e
Endurtekinn þáttur frá sunnudagsmorgni. Katrín ræddi stöðuna í Framsókn við Kristin H. Gunnarsson, Illugi og Árni Snævarr skeggræddu fjölmiðlaheiminn, og saman spjölluðu Katrín og Illugi við Ögmund Jónasson og Jóhönnu Sigurðardóttur um skattamál. Ólafur Teitur og Guðmundur ræddu við Hannes Hólmstein og Ástu R. Jóhannesdóttur um átökin í Samfylkingu og Framsókn og Ólafur Teitur færði rök fyrir ólögmæti ákvörðunar Útvarpssráðs.

**01:45 Óstöðvandi tónlist**

# JUDGING AMY
## kl. 22:00



ALLT SEM ÞÚ ÞARFT!

Fiton/SÍA FI011725

www.s1.is











# Nútímaleg og fyndin dansverk í Höllinni

Gengið hefur verið frá dagskránni fyrir laugardagskvöldið 12. mars en þá mun hinn heimsfrægi Pilobolus dansflokkur stíga á stokk í Laugardalshöllinni. Flokkurinn hefur ferðast um allan heim síðastliðin 30 ár og Ísland er eitt fárra landa sem hópurinn hefur ekki heimsótt áður. Dagskrá sýningarinnar hérlendis var hönnuð með tilliti til þess að um er að ræða fyrstu heimsókn hópsins til Íslands. Sýningin mun því einkennast af fjölbreyttu úrvali úr 30 ára sögu flokksins með léttum, hröðum, kraftmiklum, nútímalegum og ekki síður fyndnum verkum. Robby Barnett er einn af stofnendum flokksins og höfundur stefnu þeirra. „Þetta er ein glæsilegasta dagskrá sem við höfum sett saman. Við getum ekki beðið eftir að koma til Íslands og ég er viss um að áhorfendur ykkar eiga eftir að skemmta sér stórkostlega," sagði hann.

Undirbúningur fyrir standsetningu Laugardalshallar fyrir sýningu Pilobolus gengur vel og eftir sýninguna verður Höllinni lokað þar til í september þegar hún opnar aftur í nýjum búningi. Pilobolus-hópurinn gerir miklar kröfur um allan aðbúnað og því verður Höllin klædd í áður óþekktan búning að kvöldi 12. mars þegar dansararnir sýna okkur listir sínar. ■



**PILOBOLUS DANSHÓPURINN** Dansararnir sýna í Laugardalshöllinni þann 12. mars og hafa sett saman spennandi dagskrá fyrir Íslendinga.

■ TÓNLIST



**WEEZER** Hljómsveitin Weezer gefur út nýja plötu á næstunni.

## Nýja platan tilbúin

Hljómsveitin Weezer hefur nánast lokið upptökum á sinni nýjustu plötu, en hennar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu. Upptökunum var frestað á sínum tíma þegar forsprakki sveitarinnar, Rivers Cuomo, ákvað að ljúka einni önn við Harvard-háskóla.

Að sögn sveitarinnar er búið að klára 97% plötunnar og var notast við upptökur frá síðasta ári sem átti eftir að vinna úr. Fékk Weezer þar góða aðstoð frá upptökustjóranum Rick Rubin við að velja rétta efnið. Platan er væntanleg í maí og verður fyrsta smáskífulagið, Beverly Hills, gefið út í mars. ■









■ KVIKMYNDIR



## Foxx og Swank sigurvegarar

Þau Jamie Foxx og Hilary Swank voru kjörnir bestu leikararnir á Screen Actors Guild-verðlaununum sem voru haldin fyrir skömmu. Það eru samtök leikara sem standa að verðlaununum.

Foxx hefur vakið mikla lukku fyrir hlutverk sitt sem tónlistarmaðurinn Ray Charles í myndinni Ray. Swank fékk viðurkenningu sína aftur á móti fyrir leik sinn í myndinni Million Dollar Baby. Þykja þau bæði líkleg til að hljóta Óskarsverðlaunin sem verða afhent í lok þessa mánaðar. Vegamyndin Sideways var valin besta myndin. ■

**JAMIE FOXX** Bæði Fox og Swank þykja líkleg til að hreppa Óskarinn í ár.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Trúlofunarhringurinn sem leikarinn **Ben Affleck** keypti handa **Jennifer Lopez** er til sölu hjá skartgripasala í New York, ári eftir að þau skildu. Um er að ræða bleikan 6,1 karata demantshring sem þykir ákaflega fallegur. Ekki hefur verið gefið upp verðið á hringnum, en á sínum tíma kostaði hann um 75 milljónir króna.









## VIÐ TÆKIÐ | Pabbi kúl

MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR FÉKK AULAHROLL YFIR FÓLKI MEÐ SIRRÝ.

Ég datt inn í þáttinn Fólk með Sirrý í síðustu viku þar sem verið var að ræða aldursmun á hjónum og kærustupörum. Yfirskriftin var eldri konur og yngri menn, en þetta fyrirkomulag virðist vera ansi mikið í tísku núna. Mér fannst þetta ákaflega skemmtilegt viðfangsefni því ég hef aldrei litið við yngri strákum. Mér hefur alltaf fundist eldri menn mun meira sjarmerandi en það er önnur saga. Í byrjun þáttarins var viðtal við Sólveigu Eiríksdóttur og unnusta hennar, Elías Guðmundsson. Solla og Elli eins og þau eru kölluð eru búin að vera saman nokkur ár. Samband þeirra er sérstakt af því leyti að Solla er ellefu árum eldri en Elli. Anna Valdimarsdóttir sálfræðingur var líka í viðtali en hún á 19 árum yngri mann. Þær Solla voru sammála um það að þessir ungu menn gerðu þeim bara gott og það víkkaði sjóndeildarhringinn að búa með manni af annarri kynslóð. Af þættinum að dæma er það því ekki bara grænmetið sem hefur gert Sollu unga og ferska. Ef ég hefði verið Sirrý hefði ég fengið Sollu og Önnu saman í viðtal og haft jafnvel fleiri konur sem eiga unga menn til að fá líflegri umræðu. Ella innlegg var ekki sérlega fullorðinslegt. Ég skil vel að hann sé hæstánægður með Sollu. Hver vill ekki eiga sæta og góða konu sem eldar afbragðs mat og veitir húsaskjól? En það var ekki mjög stórkarlalegt þegar hann fór að rakka niður fyrrverandi eiginkonu. Og var hann ekki sérlega svalur þegar hann sagðist hafa liðið eins og pabba sinnar fyrrverandi. Fæ hroll þegar ég ímynda mér það. Sem betur fer eru dagar pabba kúl taldir. Elli er heppinn. ■



Elli er lukkunnar pamfíll að hafa loksins fundið almennilega konu.



▶ 23.30 *Spenna*

ØRNEN. Danskur myndaflokkur um hálfíslenskan rannsóknarlögreglumann í Kaupmannahöfn sem berst við glæpi.



▶ 22.00 *Drama*

THE 4400. Fljúgandi furðuhlutur lendir á jörðinni með 4.400 manns innanborðs sem hafa verið í burtu frá jörðinni í langan tíma.



▶ 20.00 *Raunveruleiki*

BLOW OUT. Jonathan Antin er að reyna að koma upp hárgreiðslustofu vestan hafst en í kvöld þarf hann að reka Brandon.

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Gormur (21:26)

**18.30** **Veðmálið (5:6)** (Veddemålet)
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.00** **Mæðgurnar (19:22)** (Gilmore Girls IV) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar á unglingsaldri.
**20.45** **Mósaík** Þáttur um listir, mannlíf og menningarmál.
**21.25** **Niels Peter og fálkinn** Danskur heimildarþáttur um náttúruunnandann Niels Peter sem fylgist með fálkum á eynni Mön.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.20** **Ódáðaborg (6:6)** (Murder City) Breskur sakamálaflokkur. Meðal leikenda eru Amanda Donohoe, Kris Marshall, Geff Francis, Amber Agar, Laura Main og Connor McIntyre. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

▶**23.30** Örninn (1:8) **0.25** Kastljósið **0.45** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Neighbours **12.25** Í fínu formi **12.40** Fear Factor **13.30** Hidden Hills **13.55** Oliver Beene **14.20** Married to the Kellys **14.45** Derren Brown – Trick of the Mind **15.10** Scare Tactics **15.35** George Lopez 3 **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00** **Strákarnir** Nýr þáttur með Sveppa, Audda og Pétri.
**20.30** **Amazing Race 6 (6:15)**
**21.15** **Las Vegas 2 (5:22)**
▶**22.00** **The 4400 (2:6)** (4400) Fljúgandi furðuhlutur lendir á jörðinni með 4.400 manns. Í hópnum er fólk af ólíkum toga. Þeir sem hafa verið lengst í burtu hurfu fyrir áratugum en aðrir í aðeins fáeina mánuði. Allir eiga það sameiginlegt að líta út nákvæmlega eins og áður.
**22.45** **The Wire (3:12)** (Sölumenn dauðans 3) Myndaflokkur sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum. Eiturlyf eru mikið vandamál og glæpaklíkur vaða uppi. Stranglega bönnuð börnum.

**23.40** Twenty Four 4 (3:24) (e) (Stranglega bönnuð börnum) **0.25** Nip/Tuck 2 (11:16) (e) (Stranglega bönnuð börnum) **1.10** Forever Mine (Stranglega bönnuð börnum) **3.05** Fréttir og Ísland í dag **4.25** Ísland í bítið (e) **6.00** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**18.00** Þáttur um uppfærslu Verslunarskólans á söngleiknum Welcome to the Jungle (e)

**18.30** **Dead Like Me – lokaþáttur (e)**
**19.30** **The Simple Life 2 (e)**
▶**20.00** **Blow Out** Jonathan rekur Brandon og verður að kalla inn sjálfboðaliða til að bjarga stofunni.
**21.00** **Innlit/útlit** Vala Matt fræðir sjónvarpsáhorfendur um nýjustu strauma og stefnur í hönnun og arkitektúr með aðstoð valinkunnra fagurkera.
**22.00** **Judging Amy** Amy og fjölskylda kljást við margháttuð vandamál í bæði starfi og leik.
**22.45** **Jay Leno** Jay Leno tekur á móti gestum af öllum gerðum í sjónvarpssal og má með sanni segja að fína og fræga fólkið sé í áskrift að kaffisopa í settinu þegar mikið liggur við. Í lok hvers þáttar er boðið upp á heimsfrægt tónlistarfólk.

**23.30** Dragnet (e) **0.20** Sunnudagsþátturinn (e) **1.45** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Score **8.00** French Kiss **10.00** Gossip **12.10** How to Lose a Guy in 10 Days **14.05** The Score **16.05** French Kiss **18.00** Gossip **20.10** How to Lose a Guy in 10 Days **22.05** People I Know (Bönn-uð börnum) **0.00** Grateful Dawg **2.00** Bait (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** People I Know (Bönnuð börnum)

### OMEGA

**18.00** Joyce Meyer **18.30** Bein útsending frá CBN fréttastofunni **19.30** T.D. Jakes **20.00** Robert Schuller **21.00** Ron Phillips **21.30** Joyce Meyer **22.00** Dr. David Yon-ggi Cho **22.30** Joyce Meyer **23.00** Fréttir frá CBN **0.00** Ísrael í dag Ólafur Jóhannsson (e)**1.00** Nætursjónvarp

### AKSJÓN

**7.15** Korter **18.15** Korter **19.15** Korter **20.15** Korter **20.30** Bæjarstjórnarfundur **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**

**6.00** Sunrise **10.00** SKY News Today **13.00** News on the Hour **17.00** Live at Five **19.00** News on the Hour **19.30** SKY News **20.00** News on the Hour **21.00** Nine O'clock News **21.30** SKY News **22.00** SKY News at Ten **22.30** SKY News **23.00** News on the Hour **0.30** CBS **1.00** News on the Hour **5.30** CBS

**CNN**

**8.00** Business International **9.00** Larry King **10.00** World News **10.30** World Sport **11.00** Business International **12.00** World News Asia **13.00** World News **13.30** World Report **14.00** World News Asia **15.00** World News **15.30** World Sport **16.00** Your World Today **19.30** World Business Today **20.00** World News Europe **20.30** World Business Today **21.00** World News Europe **21.30** World Sport **22.00** Business International **23.00** Insight **23.30** World Sport **0.00** CNN Today **2.00** Larry King Live **3.00** Newsnight with Aaron Brown **4.00** Insight **4.30** World Report

**EUROSPORT**

**7.30** All sports: WATTS **8.00** Football: Goooooal ! **8.15** All Sports: Casa Italia **8.30** Alpine Skiing: World Championship Bormio Italy **9.30** Football: Eurogoals **10.30** Ski Jumping: World Cup Sapporo Japan **12.00** Alpine Skiing: World Championship Bormio Italy **13.00** Football: Eurogoals **14.00** Ski Jumping: World Cup Sapporo Japan **15.30** Football: UEFA Champions League **17.30** Trial: Indoor World Championship Toulouse **18.30** Football: UEFA Champions League Last 16 **19.00** All Sports: Casa Italia **19.15** Boxing **20.00** Boxing **22.00** All sports: WATTS **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Football: World Cup Germany **0.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**

**7.00** Step Inside **7.10** Andy Pandy **7.15** The Story Makers **7.35** Stitch Up **8.00** Location, Location, Location **8.30** Ready Steady Cook **9.15** Big Strong Boys **9.45** Trading Up **10.15** Cash in the Attic **10.45** The Weakest Link **11.30** Doctors **12.00** EastEnders **12.30** Antiques Roadshow **13.00** Animal Hospital **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Bits & Bobs **14.30** Step Inside **14.40** Andy Pandy **14.45** The Story Makers **15.05** Stitch Up **15.30** The Weakest Link **16.15** Big Strong Boys **16.45** Cash in the Attic **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Sahara **20.00** Top Gear Xtra **21.00** Wild Weather **22.00** Casualty **22.50** Holby City **0.00** Liberace: Too Much of a Good Thing Is Wonderful **1.00** Great Romances of the 20th Century **1.30** Great Romances of the 20th Century **2.00** The Mark Steel Lectures **2.30** The Mark Steel Lectures **3.00** Boss Women **4.00** Search **4.15** Search **4.30** Teen English Zone

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**16.00** Chimp Diaries **16.30** Chimp Diaries **17.00** Battlefront **17.30** Battlefront **18.00** Seconds from Death **18.30** Demolition Squad **19.00** Dogs with Jobs **19.30** Insects from Hell **20.00** Walking With Lions **21.00** Air Crash Investigation **22.00** Seconds from Disaster **23.00** Battlefront **23.30** Battlefront **0.00** Air Crash Investigation **1.00** Seconds from Disaster

**ANIMAL PLANET**

**16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Young and Wild **17.30** That's my Baby **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** The Natural World **20.00** Natural World **21.00** Venom ER **22.00** The Natural World **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed All About It **0.00** Animal Doctor **0.30** Emergency Vets **1.00** The Natural World **2.00** Natural World **3.00** Venom ER **4.00** The Planet's Funniest Animals **4.30** Amazing Animal Videos

**DISCOVERY**

**16.00** Fishing on the Edge **16.30** Rex Hunt Fishing Adventures **17.00** Unsolved History **18.00** Wheeler Dealers **18.30** A Bike is Born **19.00** Mythbusters **20.00** Extreme Engineering **21.00** Building the Ultimate **21.30** Massive Machines **22.00** Blueprint for Disaster **23.00** Forensic Detectives **0.00** My Titanic **1.00** Secret Agent **2.00** Fishing on the Edge **2.30** Rex Hunt Fishing Adventures **3.00** Globe Trekker **4.00** Scrapheap Challenge

**MTV**

**9.00** Top 10 at Ten **10.00** Just See MTV **12.00** Newlyweds **12.30** Just See MTV **14.00** SpongeBob SquarePants **14.30** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** The Rock Chart **19.00** Pimp My Ride **19.30** The Ashlee Simpson Show **20.00** Cribs **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Alternative Nation **0.00** Just See MTV

**VH1**

**9.00** Then & Now **9.30** VH1 Classic **10.00** Hot Top 10 **11.00** Smells Like the 90s **11.30** So 80's **12.00** VH1 Hits **16.00** So 80's **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** Retro Sexual **21.00** Britney Spears Fabulous Life Of **21.30** Christina Aguliera Fabulous Life Of **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside

**CARTOON NETWORK**

**7.00** Johnny Bravo **7.30** The Grim Adventures of Billy & Mandy **7.55** Courage the Cowardly Dog **8.20** Scooby-Doo **8.45** Spaced Out **9.10** Dexter's Laboratory **9.35** Johnny Bravo **10.00** The Addams Family **10.25** The Jetsons **10.50** The Flintstones **11.15** Looney Tunes **11.40** Tom and Jerry **12.05** Scooby-Doo **12.30** Spaced Out **12.55** Courage the Cowardly Dog **13.20** Samurai Jack **13.45** Johnny Bravo

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## MÓSAÍK

*Sjónvarpið* **kl. 20.45**

***Mósaík er þáttur sem fjallar um menningu og listir á Íslandi.***

### *Bókasafnarar, ljóð og menningarpistill*

Í Mósaík í kvöld verður tekið hús á Valdimar Tómassyni bókasafnara og Haraldur Ólafsson prófessor segir frá eftirlæti sínu. Birt er svipmynd af Ólafi Vigni Albertssyni píanóleikara, Hallgerður Gísladóttir flytur tvö ljóð úr bók sinni „Í ljós“ og Þorsteinn J. Vilhjálmsson flytur menningarpistil. Kíkt er á myndlistarmennina Harald Karlsson og Bjarna Sigurbjörnsson, þar sem þeir eru í óða önn að setja upp verk sín fyrir sýninguna Skíramyrkur í Hafnarborg. Rætt er við Slagverkshópinn Benda sem kemur fram á 15:15 tónleikum í Borgarleikhúsinu á næstunni og félagar úr Háskólakórnum og Vox Academica í sjónvarpssal flytja kafla úr tónverkinu African Sanctus. Umsjónarmenn þáttarins eru Jónatan Garðarsson, Steinunn Þórhallsdóttir og Arnar Þór Þórisson.



Jónatan Garðarsson er einn af umsjónarmönnum þáttarins.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Sir knight? I've just pissed in my pants... and nobody can do anything about it.“**

**Svar:** Major Fambrough úr kvikmyndinni Dances with Wolves frá árinu 1990.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Þjóðbrók **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **13.05** Silungurinn **14.03** Útvarpssagan, Innstu myrkur **14.30** Í þjónustu hennar hátignar **15.03** Vísindi og fræði **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Slæðingur **20.15** Bréfið **21.00** Í hosíló **22.15** Lestur Passíusálma **22.23** Lóðrétt eða lárétt

**23.10** Rökkurrokk

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi **11.30** Íþróttaspjall

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Útvarp Samfés **21.00** Konsert **22.10** Rokkland

**0.10** Glefsur **1.03** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland í bítið - Það besta úr vikunni **9.00** Gulli Helga

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson (Íþróttir eitt) **16.00** Jói Jó

**18.30** Kvöldfréttir Stöðvar 2 og Bylgjunnar **19.30** Bjarni Ólafur Guðmundsson - Danspartí Bylgjunnar.

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**09.03** Ólafur Hannibalsson **10.03** Símatími (Umsj. Arnþrúður Karlsd.) **11.03** Arnþrúður Karlsdóttir

**12.25** Smáauglýsingar (Sími: 904-1994) **13.00** Íþróttafréttir **13.05** Á föstunni **14.03** Gústaf Níelsson **15.03** Þorgrímur Gestsson

**16.03** Viðskiptaþátturinn: (Blaðamenn Viðskiptablaðsins) **17.05** Tölvur og tækni **18.00** Heil og Sæl **20.00** Endurflutningur



**19.20** *Íþróttir*

**VEITT MEÐ VINUM. Umsjónarmaður er Karl Lúðviksson en viðmælandi hans að þessu sinni er Páll Eyjólfsson, eða Palli í Pöpum.**

## SÝN

**16.30** Idol Extra **17.00** Jing Jang **18.05** Olíssport

**18.35 David Letterman** Það er bara einn David Letterman og hann er konungur spjallþáttanna.

▶**19.20 Veitt með vinum** (Langá) Ný þáttaröð þar sem rennt er fyrir fisk í ám og vötnum landsins. Hér er gefin góð sýn á hið dæmigerða íslenska veiðisumar. Veiðifélagi Karls að þessu sinni er popparinn Páll Eyjólfsson í Pöpum.

**20.20 NBA – Bestu leikirnir** (LA Lakers – Philadelphia 76ers 80) Magic Johnson var lykilmaður hjá Lakers á árum áður. Hér fer hann á kostum í einvíginu við Philadelphiu fyrir aldarfjórðungi (1980).

**22.00 Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis.

**22.30 David Letterman** Það er bara einn David Letterman og hann er konungur spjallþáttanna.

**23.15** The World Football Show

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **12.00** Íslenski popp listinn (e) **17.00** Jing Jang **18.00** 17 7 (e) **19.00** Crank Yankers **20.00** Gary the Rat **20.30** I Bet You Will **21.00** Real World: San Diego **22.00** Fréttir **22.03** Jing Jang **22.40** Idol Extra (e) **23.10** Headliners (e) **23.40** Meiri músík

**14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** Codename: Kids Next Door **15.00** Dexter's Laboratory **15.25** The Cramp Twins **15.50** The Powerpuff Girls **16.15** Megas XLR **16.40** Samurai Jack **17.05** Tom and Jerry **17.30** Scooby-Doo **17.55** The Flintstones **18.20** Looney Tunes **18.45** Wacky Races

### FOX KIDS

**7.15** Magic School Bus **7.40** Tiny Planets **7.50** Little Wizards **8.15** Three Little Ghosts **8.45** Sylvanian Families **9.10** Happy Ness **9.35** Bad Dog **9.50** Three Friends and Jerry I **10.05** Dennis **10.30** Life With Louie **10.55** Inspector Gadget **11.20** Gadget and the Gadgetinis **11.45** Black Hole High **12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spiderman **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

### MGM

**7.50** Stella **9.40** Caveman **11.10** Love is a Ball **13.00** The Landlord **14.50** Valdez Is Coming **16.20** Zero to Sixty **18.00** Rikky and Pete **19.40** The Bells of Silesina **21.20** Sketches **23.00** Confidence Girl **0.20** One by One **1.50** Roadhouse 66 **3.25** The Island of Dr. Moreau

### TCM

**20.00** The Philadelphia Story **21.50** Hell Divers **23.40** Above Suspicion **1.10** Captain Nemo and the Underwater City **2.55** The Hill

### HALLMARK

**8.00** Barbara Taylor Bradford: To Be the Best **9.45** Prince Charming **11.15** Early Edition **12.00** Finding Buck McHenry **13.45** Mrs. Santa Claus **15.15** Barbara Taylor Bradford: To Be the Best **17.00** Prince Charming **18.30** Early Edition **19.30** Law & Order Iv **20.30** A Nero Wolfe Mystery **21.15** A Nero Wolfe Mystery **22.00** Amnesia


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE
*ÚTSENDINGARSVÆÐI: DIGITAL ÍSLAND OG ÖRBYLGJUSVÆÐI

2 2+ 2 BÍÓ

ÞRJÁR STÖÐVAR, EITT VERÐ – 4.286 KR.

Misstu ekki af þessu – M12 áskrifendur fá Stöð 2, Stöð 2+ og Stöð 2 bíó fyrir aðeins 4.286 kr. á mánuði*





## HRÓSIÐ

*...fær Gylfi Einarsson sem skoraði sitt fyrsta mark fyrir Leeds United í ensku 1. deildinni nú um helgina.*

## DÓTAKASSINN



**Dótið?** A Frame-golfpokinn.

**Sem er?** Nýr byltingarkenndur golfpoki, sem er mun léttari en þeir hefðbundnu. Margir kylfingar kannast við það hve erfitt og þungt það getur verið að burðast með kylfur, bolta, regnhlífar og annað dót sem er nauðsynlegt í íþróttinni, á bakinu. Þreytan er fljót að segja til sín og áður en kylfingurinn veit af er hún farin að segja til sín á vellinum, sem skilar sér í minni einbeitingu og verri höggum.

A Frame-pokinn, ef hægt er að kalla poka, ber allt að fjórtán kylfur, tuttugu tí, tólf bolta og regnhlíf og fer lítið sem ekkert fyrir því á bakinu. Hann er því hægt að nota hvar og hvenær sem er, hvort sem er á alvöru völlum, par þrjú völlum, púttvöllum eða bara á æfingasvæðinu.

Pokinn er í raun byggður upp í kringum lítinn og léttan rekka, sem vegur aðeins 350 grömm, en þar er kylfunum smellt í. Rekkanum er síðan smeygt yfir axlirnar, með tvöföldum burðarhöldum, eins og gert er með hefðbundna burðarpoka. Þannig dreifist álagið af pokanum yfir allan líkamann.

**Fylgihlutir?** Ýmsa fylgihluti er hægt að fá með A Frame-pokanum. Má þar meðal annars nefna tösku undir drykki eða dót sem og kápu sem hægt er að setja yfir pokann og hlífa kylfunum við rigningu eða roki.

**Kostar?** Pokinn er 80% léttari en hefðbundnir burðarpokar en þrátt fyrir þá miklu hönnun sem er lögð í hann kostar hann 60% minna en sambærilegir pokar. Fyrir aðeins 60 evrur, sem samsvarar tæpum fimm þúsund krónum, er hægt að fá einn slíkan. Við það bætist þó flutningskostnaður og hugsanlega einhver gjöld. Nánari upplýsingar um pokann má finna á slóðinni www.aframegolf.com.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | 5 |
| 6 | | | ■ | 7 | |
| 8 | | ■ | 9 | | |
| | ■ | 10 | | | ■ |
| ■ | 11 | ■ | 12 | | 13 |
| 14 | | | ■ | 15 | |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | | | ■ | |

**Lárétt:** 1 minnka, 6 verkfæri, 7 varðandi, 8 kind, 9 auli, 10 skógarguð, 12 beljaka, 14 endir, 15 komast, 16 byrði, 17 ílát, 18 listi.

**Lóðrétt:** 1 megn, 2 hestur, 3 verkfæri, 4 konuna, 5 leiði, 9 forfeður, 11 hársveig, 13 kraft, 14 lausung, 17 eignast.

**Lausn.**

**Lárétt:** 1 sjatna, 6 tól, 7 um, 8 ær, 9 áni, 10 pan, 12 rum, 14 lok, 15 ná, 16 ok, 17 fat, 18 skrá. **Lóðrétt:** 1 stæk, 2 jór, 3 al, 4 nunnuna, 5 ami, 9 áar, 11 lokk, 13 mátt, 14 los, 17 fá.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1 Egyptalandi.

2 Toyota á Íslandi.

3 Umferðarstofu.




GÍSLI MARTEINN BALDURSSON: TEKUR ÞÁTT Í SPARNAÐARAÐGERÐUM SJÓNVARPSINS

# Landsins snjallasti glæpamaður

Gísli Marteinn Baldursson hefur sýnt á sér nýja og skemmtilega hlið í Stundinni okkar á sunnudögum þar sem hann leikur Korkólf kaupsýslumann, landsins snjallasta glæpamann.

Gísli Marteinn leikur Korkólf í dagskrárliðnum Dularfulla dúóið sem fjallar um rannsóknarlögreglumennina Berg og Ermenrek sem kljást við dularfull sakamál.

„Korkólfur kaupsýslumaður er annálað góðmenni og af mörgum talinn einn besti maður landsins. En hann er flagð undir fögru skinni því í raun er hann útsmoginn, hálfsturlaður glæpamaður, með ofurmennskubrjálæði og hyggur á djöfullega ráðagerð," segir Þóra Sigurðardóttir, annar umsjónarmanna Stundarinnar okkar. „Gísli Marteinn sýnir snjallan leik og hann heimtaði meðal annars endurtökur á sumum atriðum. Hann tók líka virkan þátt í handritsgerðinni og við erum mjög stolt af honum."

Gísli Marteinn segist oft og mörgum sinnum hafa leikið, hin og þessi hlutverk. „Ég hef oft hlaupið í skarðið þó það hafi ekki enn verið í stóru leikhúsunum. Nú er ég að hjálpa stofnuninni í þessum aðhalds- og sparnaðaraðgerðum og nýta starfskraftana sem best," sagði Gísli Marteinn þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Nú bíð ég bara eftir að vera uppgötvaður – að Tinna Gunnlaugsdóttir eða Guðjón Pedersen sjái þessa hæfileika sem liggja nánast ónýttir."

Gísli Marteinn segist hafa skemmt sér ágætlega við tökur á Dularfulla dúóinu. „Ég var reyndar mjög upptekinn þá daga sem þetta var tekið upp svo þetta tók stuttan tíma. Hlutverkið krafðist samt mikils undirbúnings því ég þurfti meðal annars að fita mig fyrir það," segir Gísli Marteinn hlæjandi og bætir við. „Ég sé ekki hvernig verður hægt að ganga framhjá mér við úthlutun Edduna á næsta ári."



**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON** leikur Korkólf kaupsýslumann. Þættirnir með Korkólfi eru fimm talsins en þegar er búið að sýna tvo.

Þóra og Jóhann G. Jóhannsson, umsjónarmenn Stundarinnar okkar, hafa brugðið á það ráð að fá innanhússmenn í Sjónvarpinu til að leika í þættinum sínum. Seinna í mánuðinum mun Þóra Tómasdóttir úr Ópinu meðal annars koma fram. „Þóra vinnur mikinn leiksigur þegar hún bregður sér í hlutverk hinnar illu Grimmhildar Löve. Og það sem meira er þá er hún klædd í latexgalla sem er endurunninn frá því að Páll Óskar gerði myndband við Eurovision-lagið sitt," segir Þóra. „Það má því segja að það sé mikill sparnaður hjá okkur, við endurvinnum gamla búninga og þurfum ekki að leita langt yfir skammt enda mikið hæfileikafólk hér innanhúss."

kristjan@frettabladid.is




# Erótísk spennumynd tekin upp á Ströndum

Kvikmyndaleikstjórinn og -framleiðandinn Sean Harris dvaldi fyrir skömmu á Ströndum við tökur á nýrri mynd sem ber heitið Assassin 62. Um er að ræða erótíska spennumynd sem fjallar um tálkvendi og náttúruverndarsinna sem myrðir veiðiþjófa, stórforstjóra og önnur ilmenni sem hrella náttúruna. Með aðalhlutverk fer slóvakíska leikkonan Martina Jacova sem hefur meðal annars starfað sem ljósmyndafyrirsæta.



FRÉTTABLAÐIÐ/MATTHIAS JOHANNSSON

**LEIKKONAN OG LEIKSTJÓRINN** Martina Jacova fer með aðalhlutverkið en Sean Harris leikstýrir. Þau dvöldust í góðu yfirlæti hjá Matthiasi Johannssyni á Hótel Laugarhóli meðan á tökum stóð.

Tökur á myndinni fóru meðal annars fram í gömlu síldarverksmiðjunni á Djúpuvík og í heita pottinum við Hótel Laugarhól í Bjarnarfirði.

„Þau komu fjögur hingað og dvöldu hér í viku eða svo. Þetta er í þriðja sinn sem Sean Harris kemur hingað og hann virðist mjög hrifinn af staðnum," segir Matthias Johannsson hótelstjóri á Laugarhóli. „Hann er alltaf með einhver verkefni í gangi þegar hann kemur. Það virðist ganga vel hjá honum því hann kemur alltaf með nýtt fólk og fullt af tækjum."

Matthiasi og Sean hefur orðið vel til vina í heimsóknum þess síðarnefnda. Hann vildi meðal annars bjóða hótelstjóranum til Bandaríkjanna svo hann gæti hitt hinn heimsfræga rithöfund Paul Auster, en Harris og Auster eru miklir mátar.

„Ég er með náttúrulegan heitan pott og sundlaug hér fyrir utan sem hann notaði í myndina," segir Matthias sem bíður spenntur eftir því að sjá myndina. „Þau lofuðu mér því að senda mér eintak af myndinni þegar hún er tilbúin en það verður varla strax."

Matthias telur myndina ekki vera dónalega þótt hún sé sögð erótísk. „Konan tælir mennina áður en hún myrðir þá, annað held ég að það sé ekki," segir Matthias hótelstjóri. ■

# Eitt líf

# Njótum þess

## Spring Air

The Back Supporter®
NeverTurn™
Mattress



## Gravity Zero

Gravity Zero stillanlegu rúmin á frábæru tilboði í febrúar





## Hægindastólar

Margar gerðir



## Gaflar og náttborð

Nútímaleg húsgögn
í takt við tímann.

## TempraKon

Hitajöfnunarsængur
og koddar



## Svefnsófar

Lúxus svefnsófar
með heilsudýnu





## TM Line fataskápar

í úrvali



## Teppasett

Mikið úrval
af hágæða
teppasettum.

www.design.is © 2005

# Febrúartilboð á ofangreindum vörum!!

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR — SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Frumsýning 11. febrúar kl. 20 – UPPSELT
2. sýning 13. febrúar kl. 19 – FÁAR SÝNINGAR

TOSCA

Miðasala á netinu; www.opera.is
Netfang miðasölu; midasala@opera.is • Sími miðasölu: 511 4200

Landsbankinn

ÍSLENSKA ÓPERAN




BAKÞANKAR


KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR


## Ber er hver að baki...

Það er athyglisvert að fylgjast með Framaflokknum þessa dagana. Það er sérdeilis skemmtilegt þar sem flokkur þessi losaði sig fyrir margt löngu við gamlar hugsjónir svo sem samvinnu og jafnræði og getur því svo miklu betur einbeitt sér að því sem máli skiptir – að rota, pota og ota sínum tota. Það er líka einfalt og þægilegt að athafna sig í litlum trúfélögum sem hafa aðeins átta prósent fylgi þjóðarinnar, en halda samt á veldissprotanum.

**BRÆÐURNIR** frá Bakka eru komnir í bæinn. Þeir tóku Kópavog með snörpu áhlaupi að næturlagi með aðstoð svokallaðra skyndiframmara sem búnir voru til í grænum hvelli. Reykjanesið gæti legið marflatt og svo höfuðstaðurinn og landið. Nokkrar peysufatakerlingar stukku í veg fyrir víkingasveitina en lágu kylliflatar. Heimasætan og frumburðurinn greip prik sitt og smalaði, fann lausagangsrollur og útilegukindur og rak á fund. Smalamennskan er framsæknum í blóð borin og önnur eins smölun sést vart að haustlagi í myndarlegustu sveitum. Foringinn er farinn að ókyrrast aðeins í hásætinu. Það er samt ekki mikil hreyfing. Hann ekur sér örlítið fram og til baka, hagræðir sér, dæsir og teygir úr fótunum. Einn fékk meira að segja að máta stólinn í nokkra daga og hafði gaman af.

**HREYFINGIN** er nægileg til þess að nú eru hafnar stimpingar í röðum ráðgjafa við hásætið. Það er stigið á tær, ýtt, potað og klipið pínulítið. Æ, ó! Fantur! Ég var fremst. Ég er búin að standa lengi fremst, hanga hérna í efstu tröppu og þola allskyns leiðindi. Ég hef unnið fyrir því að vera fremst. Nei, ég er fremstur. Hann vill hafa mig næst sér. Hann er búinn að segja það svo oft við mig. Hann vill hafa okkur bræður báða hérna. Svona, kerling, færðu þig nú eða ég næ í spúsu mína.

**JÁ**, ber er hver að baki nema sér bróður eigi, og svo hefur nú sagan sýnt að oftsinnis hafa slyngar eiginkonur komið körlum sínum til bjargar á ögurstundum. Fram er komin skemmtilegur hjónaleikur sem býður upp á ótal útfærslur. Það má ýmislegt plotta við eldhúsborðið heima. Á meðan situr foringinn í hásætinu og brosir – ekki mikið – en góðlátlega. Svona, svona, krakkar mínir, ekki þennan æsing – og kannski hvíslar hann leyndói í eyra eins, en ekki hins. ■


Taktu vinnuna með
Fyrsta flokks fartölvur á frábæru verði

intel inside centrino MOBILE TECHNOLOGY






Dell™ Latitude™ D505 er byggð á Centrino™ tækninni frá Intel.® Þess vegna getur þú hætt að slá af kröfum þínum um vinnsluhraða, stöðugleika og tengimöguleika þótt hún sé svona létt og meðfærileg. Hún kemur einfaldlega í staðinn fyrir borðtölvuna þína og vinnur síst minna þó hún sé fallegri.

**Dell™ Latitude™ D505**

| |
|---|
| Intel® Centrino™ með Intel® Pentium® M 725 örgjörva (1.6GHz 2MB L2 Cache) og Intel® PRO 2200 þráðlausu netkorti (802.11b/g) |
| Microsoft® Windows® XP Professional |
| 40GB harður diskur |
| 512MB 333MHz vinnsluminni |
| DVD/+RW geislaskrifari |
| 15" XGA skjár (1024 x 768) |
| Þyngd frá 2.3 kg |
| 33 mm x 338 mm x 273 mm (h x b x d) |

Verð **159.900,-** m/vsk

**Dell prentarar kosta ennþá minna en venjulega ef þú kaupir Latitude™ fartölvu.**



**EJS er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10 á Akureyri og við finnum réttu lausnina fyrir þig. Skólatilboðin eru á www.ejs.is/fartolvur**

DELL™

©2004 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra íhluta er einungis gilt þegar varan er keypt í auglýstu pakkatilboði. Dell, Dell lógóið og Latitude eru annað hvort vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation. Intel, Intel Inside lógóið, Intel Centrino, Intel Centrino lógóið, Pentium, Pentium III Xeon, Intel Xeon, Itanium, Intel SpeedStep, og Celeron eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjum Norður Ameríku og öðrum löndum. Önnur nöfn og vörumerki geta verið í eigu annarra. Microsoft og Windows eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra. Ákveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölvu getur notað afritunarvarnartækni. Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notanda. Virkjun hugbúnaðarins og notkunarskilmálar Microsoft verður skýrt við fyrstu ræsingu hugbúnaðarins, við endurinnsetningu eða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft 510 6920.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000



100% veðsetningarhlutfall

Frjáls íbúðalán

4,15%

4,15% verðtryggðir vextir

Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar.
Þú getur litið inn í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is

Himinn og haf/SÍA